



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók fyrir Dalasýslu
[1883-1886]**



1883.

Blönduhlíðarþinghá

23. maí

N^o 1.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Dunki (Dunkunarstöðum) í Hörðudal innan Dalasýslu.

Að innanverðu úr vörðu niður undir sjó utarlega á Pálsholtum beint í merki neðan til í Kiðhúslæk; svo ræður Kiðhúslækur til hans fyrstu upptöku, þaðan beint í Ingubúfu vörðu með krossi, þaðan beint í kolavörðu í kletti með krossmerki, þaðan beint í Krosshól með tveimur vörðum, þaðan beint í Krossklöpp, þaðan beint í stein með krossi, niður undan Helluklett, þaðan beint í vörðu í Selhvarfi milli tveggja steina með krossum, þaðan beint í vörðu upp undan Jónskoti, þaðan beint í stein með krossi þar sem Svartagil kemur í Snjógil, þaðan ræður Snjógil upp á Þröskuldadalsklettabrún, svo ræður brúnin suður á Þröskuldalsklettahorn, svo eptir sem vötnum hallar að Dunkárdal, þar til Dunkárbakkaland byrjar.

Að utanverðu úr vestara hvolæ Skálargili beint í stærsta fossinn í Bakká hvolunum; þaðan ræður Bakká þar til hún byrjar að hvíslast utí Gunnarsstaðapolla, þá beint undan miðjum farveg til sjóar

Ofanskrifuð landamerki eru gjörð og samþykkt af eigendum jarðanna Dunkur, Dunkurbakka og Álfatraða, hverju til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn.

Staddur á Dunk 31. marz 1883

Eigandi Kristján Kristjánsson frá Syðri-Hraundal

Guðni Jónsson eigandi Dunkárbakka

Fyrir hönd eiganda Dunkur Einar Guðmundsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þann 23. maímánaðar 1883 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslumanns Ltr E N^o 273 pag. 30b.

Vitnar

Guðl. Guðmundsson cst.

Borgun

Þinglestur 75a

Bókun 25a

ein króna

Guðl. Guðmundsson cst.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

s.d. [23. maí]

N^o 2

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Álfatröðum í Hörðudalshreppi í Dalasýslu.

Að utanverðu úr vörðu niður undir sjó utarlega á Pálsholtum beint í merki neðan til í Kiðhúsálæk, svo ræður Kiðhúsálækur til fyrstu upptöku hans, þaðan beint í Ingubúfuvörðu með krossmerki; þaðan beint í kolavörðu á kletti með krossmerki, þaðan beint í Krosshól með tveimur vörðum, þaðan beint í Krossklöpp, þaðan beint í ~~kross~~ stein með kross niður undan Helluklett, þaðan beint í vörðu í Selhvarfi milli tveggja steina með krossum, þaðan beint í vörðu upp undan Jónskoti, þaðan beint í stein með kross, þar sem Svartagil kemur í Snjógil, svo ræður Snjógil uppá Þröskuldardalsbrún, svo ræður klettabrúin niður á Þröskuldahorn svo eptir sem vötnum hallar á vestur af sneis

Að innanverður úr sneisinni eptir há Gautarstaðamúla sem vötnum hallar að sneisarhjalla og nautastallsbrún í Gautarstaðakvísl, þar sem hún kemur úr múlabrúninni, svo ræður kvíslin þar til hún rennur í Skraumu (Skraumuhlaupsá), svo ræður hún til sjóar

Framan- og ofanskriðu landamerki eru gjörð og samþykkt af eigendum jarðanna, Álfatraða, Dunkur og Gautarstaða, hverju til staðfestu eru okkar undirskriðu nöfn.

Álfatröðum 31. marz 1883.

Eigandi Álfatraða : Sveinn Sveinsson

Eigandi Kristján Kristjánsson og fyrir hönd eiganda Dunkur.

(Ábúendur) Dunkur Guðmundur Guðmundsson Einar Guðmundsson

Ábúandi Gautarstaða: Hans Ólafsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þann 23. maímánaðar 1883 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Ltr. E N^o 274 pag. 307

Vitnar

Guðl. Guðmundsson cst.

Borgun:

þinglestur kr. 0.75

bókun kr. 0.25 Er

ein króna

Guðl. Guðmundsson cst.

1883

Blönduhlíðarþinghá

23. maí

N^o 3

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Dunkárbakka í Hörðudalshreppi í Dalasýslu.

Að vestanverðu eru landamerki nefndrar jarðar til móts við Gunnarsstaða landeign í kolapúfu á Grafarhól innan til við Mjóavog og beint fram til sjóar, og aptur að ofanverðu eptir sömu línu úr fyrrnefndri Kolapúfu í Gunnlaugsvörðu á Klettendum (og kross þar hjá), þaðan í miðjan götupoll á veginum milli bæjanna, þaðan beint í Skjólstapa, þaðan sjónhending í Háastapa, þaðan í vorðu á Háubungu og eptir sömu línu beint í Sjónarhól í Bakkamúla (kross á honum) og upp á eggjar, síðan eptir eggjum í vestara Hvolaskarð.

Að sunnanverðu eins og vötnum hallar eptir Hvolafjallseggjum. Að austanverðu til móts við Dunkur landeign ræður Bakká (Dunká) landamerkjum ofan út Hvolaskál vestara gili beint í stærsta foss í hvolum og allt þar til hún hefur seinast einn vissan farveg á millum landa þessara, þá hún kvíslast fram í sjóarpolla, en þá ræður bein lína úr miðjum hinum seinasta beina farveg fram yfir fjörukamp til sjóar. – Í jörð þessari eiga engir aðrir nein ítök, og ekki heldur á hún ítök í annara manna löndum

Dunkárbakka 5. september 1882

Guðni Jónsson eigandi Dunkárbakka

Kristján Kristjánsson eigandi að jörðinni Dunki (11^{hndr})

Guðbjörg Hákonardóttir eigandi jarðarinnar Gunnarstaða (handsalað nafnið)

Ábúandi Einar Guðmundsson fyrir hönd eigenda jarðarinnar Dunkur, Málfríðar Jónsdóttur, Kristjáns Guðmundssonar og Önnu Guðmundsdóttur.

Ábúandi: Guðmundur Guðmundsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þann 23. maímanaðar 1883 Ltr. E N^o 275² pag 308 og innfært í afsals- og veðmálabók sýslunnar Vitnar Guðl. Guðmundsson cst.

Borgun

þinglestur kr. 0.75

bókun kr. 0.25 Er

ein króna

1884.

Blönduhlíðarþinghá

19. maí

N^o 4

Landamerkjalyising

fyrir jörðinni Blönduhlíð í Hörðudals í Dalasýslu.

Samkvæmt lögum 17. marz 1882

Að utanverðu ræður frá sjó svo kallaður Svarti vogur á móts við vörðu, sem hlaðin er, hvar 3 steinar og kol eru í látin, beint úr henni í grjótvörðu uppá holtinu, beint úr henni í klett fyrir vestan Blönduhlíðarstekkjarkletta í þann klett er klappaður kross á norður hlið hans, þaðan sama sjónhending upp á brúnina í útnorðurhorn Stóruborgar, hvar upp hlaðin er varða hjá kletti, sem kross mót norðri er klappaður á. Svo skal þaðan sjónhending vera í merkjavörðu norðan til á Moldhól, þaðan í Moldhólslæg, og eptir honum ofan til Skraumu, þaðan eptir því sem áin ræður suður til Sellækjar þar sem hann rennur í Skraumu, og eptir honum upp í svo kallaðan Kvíaklett, hann er líkur því sem kvíar væru; þaðan sama sjónhending vestan til yfir Sjónarhól, þaðan sama sjónhending eptir efstu brún þar sem landamerkjagil hefur sín upptök; þaðan sjónhending í miðdegisklett, sem kross er klappaður í, þaðan ofan til Litlahamars í vörðu sem er í honum með krossmerki, þaðan sama sjónhending í vörðu á holti með krossi, þaðan sama sjónhending eptir því sem vörður tilvísa utan til við Kirkjubólsbarð, beint ofan framan til við tvær lágur, sem eru framan til við Mjóabakka, þar er upphlaðin varða og stunginn skurður, og svo eptir því sem Hörðudalsá nú rennur til sjóar út með sjó í í fyr nefndan Svartavog.

Ofan- og framanskriðu landamerki samþykkjum við eigendur jarðanna Blönduhlíðar, Hamars, Geitastekks, Ketilsstaða og Bugðustaða.

Hverju til staðfestu eru okkar undirskriðu nöfn.

Gjört 19. maí 1884

Kristmundur Guðmundsson eigandi ½ Blönduhlíðar

Jón Jónsson eigandi að 1/6 parti Blönduhlíðar

Jón Árnason eigandi að 1/6 parti Blönduhlíðar

fyrir hönd Svanhildar Jóhannesdóttur Kristján Sigurðsson

Jón Jónsson eigandi Bugðustaða

Kristján Tómasson eigandi Ketilsstaða

Jón Jónsson eigandi Geitastekks

Sveinn Sveinsson eigandi Hamars.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19. maí 1884 og innfært í
landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 4.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a

bókun 25a

ein króna

borg. Halldór Daníelsson

s.d. [19. maí]

N^o 5

Landamerkjaskrá
fyrir Bugðustöðum Hörðudalshreppi

Að austanverðu frá sjó ræður svo kallaður Svartivogur á móts við þúfu, sem hlaðin er fyrir ofan voginn, hvar 3 steinar og kol eru í látin, beint úr henni í grjótvörðu upp á holtinu, frá henni bein stefna upp í kross, er höggvinn er í klett utan til í Blönduhlíðarstekkjarborg, þaðan beint á háls upp í kross, sem höggvinn er í klett vestarlega á Storuborg, þaðan beint í vörðu á Moldhól, sem hlaðin er á stórum hellusteini, sem höggvinn er kross á, þaðan í þufu niður á barðinu, sem 3 steinar og kol eru latin í, frá henni beina sjónhending í grjótvörðu, sem hlaðin er á Klettaholti niður við flóann framundan Ketilsstaðastekkjarborg, og er þar höggvinn kross í klettinn, þaðan beint í þúfu, sem hlaðin er á rímanum fyrir ofan Stórasíki, sem í eru lagðir 3 steinar og kol, og svo úr henni beint til sjávar.

Knararhöfn 14. maí 1884

Jón Jónsson eigandi Bugðustaða.

Kr. Tómasson eigandi Ketilsstaða.

Jón Árnason eigandi 1/6 Blönduhlíðar

Kristmundur Guðmundsson eigandi ½ Blönduhlíðar

Jón Jónsson eigandi 1/6 Blönduhlíðar

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 5

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a

bókun -25a

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

s.d. [19. maí]

N^o 6

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Geitastekk Hörðudal.

Frá Hörðudalsá framan til við syðstu Hamarsklauf, þaðan sjónhending í stein með krossmarki í, sem stendur uppi í flóanum og þaðan í landamerkjagil og það ræður til upptaka; þaðan sjónhending vestan til á Sjónarhól, og þaðan í svo nefndan Kvíaklett, hann er líkur sem kvíar væru; úr Kvíakletti í Sellæk og hann ræður til Skraumu; svo ræður Skrauma að Dauðhól, úr Dauðhól sjónhending í svo kallaðan Reiðlágarklett, hvar kross er í klappaður, þaðan sjónhending í Uxahrygg og þar í kross klappaður, þaðan sjónhending í Skjólklett, þaðan í kross á Einbúa, þaðan sjónhending í kross á Krosskletti, og svo úr Krosskletti sjónhending framan til við Leirmúla, og fyrir utan ytra Hólsnes til Hörðudalsár, og svo ræður Hörðudalsá til fyrgreindra upptaka merkjanna

Geitastekk 16. maí 1884

Jón Jónsson eigandi Geitastekks

Helgi Guðmundsson Teitur Jónsson eigendur Hóls

Sveinn Sveinsson eigandi Hamra

Kristmundur Guðmundsson eigandi ½ Blönduhlíðar

Jón Jónsson eigandi 1/6 Blönduhlíðar

Jón Árnason eigandi 1/6 Blönduhlíðar

fyrir hönd Svanhildar Jóhannesdottur Kristján Sigurðsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19.d. maímán 1884 og innfært í landsmerkjabók sýslunnar undir tölulið 6.

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a

ein króna

borguð. Halldór Daníelsson

1884.

Blönduhlíðarþinghá

19. maí

N^o 7

Merkjaskrá

samkvæmt lögum 17. marz 1882

fyrir jörðinni Gunnarsstöðum innan Dalasýslu eru

Að innanverðu kolapúfu á Grafarhól innan til við Mjóavog beint fram til sjóar, og aptur eptir sömu línu beint úr fyr nefndri þúfu í Gunnlaugsvörðu, sem stendur á kletti með á klöppuðum krossi, þaðan í miðjan götupoll á veginum milli bæjanna, þaðan sjónhending í Skjólstapa, þaðan í Háastapa, þaðan í vörðu á Háubungu, eptir sömu línu beint í Sjonarhól í Bakkamúla og upp á eggjar; síðan eptir sem vötnum hallar í vestara Hvolaskarð, þaðan í Geirhnúksgil, úr því eptir sem votnum hallar ofan brúnir til Arnardals til Gunnarstaðaár (Gljúfrár); síðan ræður hún ofan að Topunareyri, úr þeirri eyri beint vestur í þhól skammt fyrir utan ána; svo sjónhending úr þessum hól í Spottkeldu, þar sem hún kemur í Spottlæk, þaðan sömu sjónhendingu í þklöpp á Stangarflóa, og eptir sömu línu í Krosshelli niður við sjó.

Athugasemd. Síðast nefnd merki, nl. úr þhólum vestur undan Topunareyri til Krosshelli við sjóinn, eru eptir kaup- og afsalsbrjefi Holmláturs eigenda dagsettu 3. ^{dag} júlí m. 1866.

Gunnarsstöðum h. 28. marz 1883.

Guðbjörg Hákonardóttir (ábúandi og eigandi nefndrar jarðar)

Framanskriðuðum landamerkjum erum við hjer undirskrifaðir samþykkir.

Hólmlátri 18. maí 1883

Jörundur Guðbrandsson (eigandi Hólmláturs)

Dunkárbakka 8. maí 1884.

Guðni Jónsson (eigandi að Dunkárbakka)

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19.d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 7.

vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a
bókun 25a
borgað ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884

Blönduhlíðarþinghá

19. maí

N^o 8

Landamerkjalyising
fyrir jörðinni Hamri í Hörðudal í Dalasýslu
Samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Að utanverðu framan til við 2 lágur, sem eru framan til við Mjóabakka, þar sem hlaðin er varða og stunginn skurður, þaðan sjónhending utan til við Kirkjubólsbarð, þaðan sjónhending til vörðu á holti með krossi, þaðan sjónhending upp til Litla hamars í vörðu, sem er á honum með krossmerki, þaðan sjónhending upp til Miðdegiskletts, og hoggvinn kross þar, þaðan bein sjónhending eptir efstu brún, þar sem landamerkjagil hefur sín upptök.

Að framanverðu eptir því sem Landamerkjagil ræður; þaðan sjónhending í stein með krossmerki í floanum, þaðan sjónhending í vörðu hjá leirtjörn framan til við syðstu Hamarsklauf, svo beint til Hörðudalsár, svo eptir því sem hún ræður, þar til að ofanskrifuðum 2 lágum, sem eru framan til við Mjóabakka, þar sem hlaðin er varða og stunginn skurður.

Framanskrifuð landamerki eru gjörð og samþykkt af eigendum jarðanna Hamars, Blönduhlíðar og Geitastekks hverju til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn
Gjört í maí 1884.

Sveinn Sveinsson (eigandi Hamars)

Kristmundur Guðmundsson (eigandi ½ Blönduhlíðar)

Jón Jónsson (eigandi 1/6 Blönduhlíðar)

Jón Árnason (eigandi 1/6 Blönduhlíðar)

Jón Jónsson (eigandi Geitastekks)

fyrir hönd Svanhildar Jóhannesdóttur Kristján Sigurðsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð, þ. 19.d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 8.

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a

bókun 25a

borguð ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

s.d.

N^o 9.
Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Hóli í Horðudal

Landamerkin byrja í Þórugilsbotni (sem er norðanvert við Þórulind) eptir því sem gilið ræður ofan til Botnsár, eptir því sem áin ræður ofan að holmanum, sem rjettin stendur á, þar eptir gamla farveginum, sem er undir almenningnum (rjettinni) eptir þeim farveg vestur til árinna, eptir því sem áin ræður ofan á móts við Dauðhól, úr Dauðhól sjónhending í Reiðlagarklett, sem kross er í klappaður, þaðan sjónhending í kross á Uxahrygg, þaðan sjónhending í kross á Skjólklett, þaðan í kross á Einbúa, þaðan í kross á Krossklett, úr Krosskletti sjónhending framan til við Leirmúla og fyrir utan ytra Hólsnes til Hörðudalsár. Að austanverðu úr Þórugilsbotni eptir Stokkhlíðareggjum, fyrir sunnan Hurðarbaksdal ofan í Hestagilsbotn (sem er fyrir sunnan Snjófannahlíð) eptir því sem Hestagil ræður ofan til neðsta foss, úr Krosshelli (sem er rjett fyrir neðan fossinn) í Krossklett við Rjettargil, eptir því sem gilið ræður ofan í síkið, sem er fyrir ofan Seljalandseyrar, hvar kross er í kletti rjett við síkið, eptir því sem síkið ræður út til Hörðudalsár, eptir því sem áin ræður að framan greindum landamerkjum.

Hóli þann 16. maí 1884.

Helgi Guðmundsson Teitur Jónsson eigendur Hóls

Jón Jónsson eigandi Geitastekks

Kristján Kristjánsson eigandi Selárdals

Guðbjörg Hákonardóttir eigandi Snóksdals

Gestur Jónsson eigandi Seljalands.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19. ^d maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 9

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Blönduhlíðarþinghá

19. maí

N^o 10.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Ketilsstöðum í Hörðudalshreppi

Að vestanverðu frá sjó ræður áin Skrauma fram að Moldhólslæg, svo ræður hann upp á milli holtanna þaðan, sjónhending upp í Moldhól í vörðu þá, sem hlaðin er á stórum hellusteini, sem höggvinn er kross í, þaðan í þufu niður á barðinu, sem 3 steinar og kol eru í lögð, frá henni beina sjónhendingu í grjótvörðu, sem hlaðin er á klettaholti niður við flóann, ~~sem hlaðin~~ hvar kross er höggvinn í klettinn, þaðan beint í þufu, sem hlaðin er á rímanum fyrir ofan Stórasíki, sem í eru lagðir 3 steinar og kol, og svo úr henni beint til sjóar

Þorbergsstöðum 2. apríl 1884.

Kristján Tómasson eigandi nefndrar jarðar

Jón Jónsson umráðamaður ½ Blönduhlíðar

Kristmundur Guðmundsson eigandi að ½ Blönduhlíð

Baldvin Haraldsson ábúandi að Bugðustöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19.d maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 10.

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Blönduhlíðarþinghá

19. maí

N^o 11.

Landamerkjalyking
fyrir jörðinni Selárdal í Hörðudal í Dalasýslu
samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Frá veginum á Svínbjúgsbrún austur bjúgsbrúnina að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgnum, þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg, eptir Bustarhryggnum í armótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt, þaðan eptir því sem áin rennur ofan að hólmanum sem fjarrjettin stendur á, og eptir gamla árfarveginum, sem er undir rjettinni þaðan eptir því sem áin rennur ofan að Hafradalsármótum. Frá áður greindum vegi á Svínbjúgsbrún vestur Þröskuldardalsbrún, svo eins og vötnum hallar inn á Selardalssneis, af henni inn á Gautastaðasneis, þaðan sjónhending ofan að Hafradalsár upptökum syðst á Dýadal og eptir því sem áin rennur ofan að áðurgreindum ármótum Hafradalsár og Skraumu.

Framanskriðuð landamerki samþykkjum við hlutaðeigendur með undirskriðuðum nöfnum okkar.

Gjört í maí 1883

Kristján Sigurðsson eigandi Selárdals

Kristján Kristjánsson fyrir hönd ómyndugra barna á Gunnarsstöðum (handsalað nafn)

Teitur Jónsson Helgi Guðmundsson eigendur Hóls.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19. maí mán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 11.

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þingfesting 75a

Bókun 25a

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Blönduhlíðarþinghá

19. maí

N^o 12

Merkjaskrá

fyrir jörðinni Tungu liggjandi í Hörðudalshrepp

Að austanverðu til móts við Vífilsdalsland ræður landamerkjum Afreksgil ofan af fjallseggjum og niður til Hörðudalsár, svo ræður Hörðudalsá (móts við Hlíðarland) ofan til Laugár, svo ræður Laugá (til móts við Seljalandsland) fram til Einhamra, þá beina línu úr Laugá að austanverðu uppí Einhamra og eptir sömu línu upp á fjallseggjar í Tungufjalli.

Þetta eru og hafa verið vafalaus landamerki nefndrar jarðar; engir eiga nein ítök í jörð þessa.

Tungu h. 21. maí 1883

Gestur Jónsson ábúandi og eigandi Tungu og eigandi Seljalands.

Guðjón Eggertsson ábúandi og eigandi Vífilsdals neðri

Gísli Þórðarson eigandi að hálfum Hrafnabjörgum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 19.d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar

vottar

Halldór Daníelsson

Borgun

þinglestur 75a

bókun 25a

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 13.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Breiðabólssstöðum í Sökkólfsdal í Dalasýslu

Milli Hlíðartúns og Breiðabólssstaðar ræður Miðá frá merkjaskurði milli Grafar og Breiðabólssstaðar alla leið fram að Austurá, síðan ræður Suðurá alla leið suður á Merkjahrygg, síðan liggja merkin austur frá Merkjahrygg eins og votnum hallar austur á Brekkubrún móts við Svartagilsbotn í Baulusandi og þaðan eins og votnum hallar í Svínagilsöxl, þaðan til norðurs eins og votnum hallar eptir Svínagilshrygg og Illagilshrygg allt norður á Breiðukinnarsand, þaðan til vesturs eins og votnum hallar vestur á Haahnúk, síðan af Háahnúk beina sjónhendingu í merkjaskurð milli Breiðabólssstaðar og Grafar, þar sem hann fellur í Miðá.

Landamerkjaskrá þessari ~~er þar~~ milli Hlíðartúns og Breiðabólssstaðar er jeg sem eigandi Hlíðartúns samþykkur.

Sauðafelli 29. nóv 1883.

Jakob Guðmundsson

Við landamerki þessi hef jeg ekkert að athuga fyrir hönd Hvammskirkju

Hvammi 30. jan. 1884.

G. Þorv. Stefánsson

Hvað Stafholtskirkju snertir sje jeg ekkert athugavert við þessa merkjaskrá

Stafholti 10/5 1884

Stephán Þorvaldsson.

Framanskriðuð landamerki samþykkir vegna Grafar

Jón Klemensson.

Lesið fyrir manntalspingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli, þ. 20.d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 13.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun þinglestur 75a.

bókun 25a

borgað ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 14.

Landamerkjaskrá

fyrir Erpsstöðum í Miðdölum og Dalasýslu
Samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882.

Milli Erpstaða og Sauðafells ræður dýskurður lítinn spöl fyrir utan Erpstaðaberg og sjónhending úr honum til Miðár beina stefnu í tuntröðina í Bæ; stefna þessi liggur niður Bruarholtin sunnar til í lítið holt í flóanum og í stein niður á Króksbakkamelnum móts við nefnda tröð. Síðan liggja merkin úr áðurnefndum dýskurði beint upp á fellsbrúnina og þaðað upp á há fellshrygginn; ræður svo hæðsta brún fellsins til Þórólfsstaðalands. Milli Erpsstaða og Þorólfsstaða ræður Miðklettur, sem stendur fyrir ofan götu milli bæjanna; úr honum bein sjónhending niður eptir yfir lítið þufnabarð í mýrinni til vörðu yzt á melshorninu á árbörðum; þaðan sama sjónhending til Miðár. Úr áðurnefndum Miðkletti ræður bein stefna upp fellið eptir læk, sem tekur sig upp í skriðuflóa, svo eptir litlum grjótskurði og upp á brúnina utantil á miðhæðinni nokkurn spöl innar en Dagmálahæðin; svo beint yfir á hæðstu brún fellsins. Fyrir Erpstaðalandi að utsunnan verðu ræður Miðá milli áðurgreindra landamerkja takmarka í hennar gamla farveg.

Undirskrifaðir eigendur Erpstaða óska, að þeir jarðeigendur, sem land eiga að Erpstaðalandi, gefi samþykki sitt til ofanskrifaðra landamerkja með undirskrift nafna sinna.

Erpstöðum 10. maí 1884

Guðbjörg Þorsteinsdóttir Sigurður Ólafsson Kristín Ólafsdóttir

P. Ólafsson umboðsmaður Þórólfsstaða samþykkir

Ólafur Finnsson umboðsmaður Hundadals fremri

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðfells.

Lesið fyrir manntalspingrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 20.d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tolulið 14.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a

borgað ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 15.

Landamerkjabréf

fyrir jörðinni Fremri-Hundadal í Miðdölum og Dalasýslu

Að útnorðanverðu eru merkin eptir gömlum árfarveg milli Nesodda og Króksbakka, hver farvegur ræður fram með Þórólfsstaðamelum til Grænaness, hvar áin nú rennur, síðan ræður Miðá upp á móts við klett, sem stendur fyrir ofan Egilsstekk í Sauðafelli, þaðan sjónhending í Ljósberg, úr Ljósbergi í klett, sem stendur norðanverðu í múlabrúninni, og þaðan eptir há múlabrún eptir því sem vötnum hallar vestur af upp til Einbúadraga, eptir því sem vötnum hallar til Njóladalsár að austanverðu, síðan ræður Njóladalsá til Hundadalsár, þá ræður Hundadalsá til neðstu árgljúfra, þaðan eptir gömlum árfarveg með þrætuholmum að vestanverðu, hver farvegur liggur milli Grundarstekks og Elkingsness, þá ræður Hundadalsá til Miðár, þá ræður Miðá ofan með Nesodda að vestanverðu, og til farvegs þess, sem aðskilur Nesodda og Króksbakka.

Næstliggjandi lönd: Erpstaða, Þórólfsstaða, Fellsenda, Skallhóls, Hlíðartúns, Neðri- Hundadals, Bæjar

Hundadal fremri 12. maí 1884.

Ólafur Finnsson umboðsmaður Hundadals fremri

Vegna Neðri-Hundadals samþykkja Jón Einarsson og Jón Klemensson.

Vegna Hvítsskjaldarhóls samþykkir Jón Einarsson

Vegna Þórólfsstaða samþykkir P. Ólafsson.

Vegna Erpstaða samþykkja Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Sigurður Ólafsson, Kristín Ólafsdóttir, Ásmundur Þorsteinsson fyrir hálfan Fellsenda.

Jakob Guðmundsson eigandi Hlíðartúns

Jósúa Jósúason samþykkir sín vegna.

Vegna hálfes Fellsenda samþykkja framanskrifað Guðm. Magnússon, Kristján Þorsteinsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 20. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 15.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

borgað

ein króna

Halldór Daníelsson

1884.

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 16

Landamerkjalyising

fyrir jörðinni Neðri Hundadal í Miðdalahreppi.

Að utnorðanverðu eru merkin í svokallaða Merkjaþúfu, er stendur við Miðá á Bæjarspotti, þaðan ræður Miðá til Hundadalsár, síðan ræður Hundadalsá til Stekkjarnefs og Elkingsness eptir árinna fyrri farvegi, sem liggur með Grundarstekk að austanverðu, síðan ræður Grundarfarvegur til Hundadalsárgljúfra; þá ræður hún til Njóludalsár, sem síðan ræður til sinna fyrstu upptaka, hver byrja efst í Einbúadrögum, þaðan beint vestur til Atkersdalsdraga, þaðan norður eptir há heiði eptir því sem vötnum hallar austur og innaf, síðan eptir brúninni fyrir ofan Húðarvík, þaðan eptir Hnúabrún til Mjóatags og eptir há Miðmundafjalli eins og vötnum hallar austur af inn af Miðmundafjalli í Einbúa, sem stendur lítið eitt fyrir framan Storgil, hvert þaðan ræður að vestan og út norðanverðu þar til gljúfur enda, þá eptir gomlum gilsins farvegi gegnt hjer fyrst greindri Merkjaþúfu.

Næst að liggjandi lönd eru Fremri-Hundadalsland og Vífilisdalsland og Bæjarland.

Undirskrifaðir eigarar og umboðsmenn Neðri-Hundadals óska að þeir sem lönd eiga að tjéðrar jarðar landi vildu samþykkja framanskriðu landamerki með undirskript nafna sinna.

Hundadal þann 12. maí 1884

Jón Klemensson umboðsmaður Jón Einarsson eigari og umboðsmaður

Vegna Hundadals fremri samþykkir Ólafur Finnsson

Vegna Bæjar parts þess, sem jeg á samþykkir J. Jónasson

Vegna Vífilisdals Jónas Jónasson

Samþykkt af Jósúa Jósuasyni í Bæ vegna sín og barna sinna

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þann 20. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 16.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a

Bókun 25a

ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

borgað Halldór Daníelsson



1884.

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 17.

Landamerki

fyrir jörðinni Bæ í Miðdölum.

Að utanverðu milli Bæjar og Skarða ræður Landamerkjagil ofan af hálsbrún til Miðár. Þaðan Miðá fram og með Erpstaðabakka, það fram á móts við neðstu gljúfur í Bæjargili hjá merkjabúfu, svo ræður Bæjargil til upptaka þess, framanvert við Einbúa, þaðan þvert yfir á Brún eða sem vötnum hallar til Vífildals svo út sanda sem vötnum hallar og í Háúngu og eptir henni í sunnanverða lægð þá, sem er milli Sandfells og Háúngu, þar sem myndast fyrstu upptök til Flóalæksins eða Hamrendagilsins og þaðan sjónhending í landnorður í fyrstnefndan Landamerkjagilsbotn.

Sameigendur Bæjar eru Jósúa Jósúason og börn hans og J. Jónasson Skörðum samþykkur Bæ þann 19. maí 1884.

Framanskriðuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir

Guðjón Eggertsson eigari Vífildals

Vegna Hundadals neðra samþykkir Jón Einarsson eigari og umboðsmaður.

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells.

Guðbjörg Þorsteinsdóttir samþykkir vegna Erpstaða.

Teitur Bergsson eigari Hlíðar samþykkir.

Lesið fyrir mannaþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 20. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 17.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: Þinglestur 75a.

bókun 25a

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884.

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 18.

Landamerkjalysing
fyrir jörðinni Hvítuskjaldarhóli í Miðdalahreppi

Að sunnanverðu eru merkin í stóran stein sunnan til á Stórhól, úr þeim steini í steinbogann á Selhjallabrúninni og eptir þeirri stefnu beint upp á brún; síðan norðvestur eptir hábrúninni eptir því sem vötnum hallar til Miðár, en af há brún beint í klett þann, sem stendur norðan í múlabrúninni, frá hverjum kletti að stefna skal beint ofan á Ljósberg, frá Ljósbergi eptir samsvarandi stefnu ofan að Miðá á móts við klett þann sem stendur fyrir ofan Egilsstekk, austanverðu árinna, þaðan ræður Miðá fram með Skallhólshorni og milli Smáhólma og Lambhólma allt fram á móts við merkjasteinininn á Stórhól

Nærliggjandi lönd eru Grafarland, Hlíðartúnsland og Hundadals fr. land og Fellsendaland.

Undirskrifaður eigandi óskar, að þeir sem lönd eiga að tjeðrar jarðar landi, vildu samþykkja framanskriðuð landamerki með undirskript nafna sinna.

Hundadal neðri þann 12. maí 1884

Jón Einarsson eigari

Vegna Hundadals fremri samþykkir Ólafur Finnsson

Vegna Grafar samþykkir Jón Klemensson

Jakob Guðmundsson eigandi Hlíðartúns.

Ásmundur Þorsteinsson vegna Fellsenda.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ 20. d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 18.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: Þinglestur 75a.

bókun 25a

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884.

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 19.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Svarfhóli í Miðdölum í Dalasýslu

Að norðanverðu eru merkin úr Háfskollu ofan há leytið milli Haafells og Svarfhóls ofan Vegghamra skarðið ofan há leytið sjónhending í Kárholtsvörðu og þaðan sjónhending upp á há fellsbrún á Sauðafelli. Þaðan suður há felli í sunnan halla Barnaborg og þaðan sjónhending í tvö smáholt norðan til á Taglmýri, úr þeim sjónhending í Hundskinnargilsbotn, og þaðan upp á há eggjar og svo til ofanskrifaðs Háfskolls.

Hjer að framan skrifuð landamerki óska jeg að eigendur nábúajarðanna samþykki með sínum undirskriptum, sem þinghá eru Finnur á Háafelli, síra Jakob á Sauðafelli, Pálmi á Svalbarða og eigendur Fellsenda.

Þórólfsstöðum 19. maím. 1884.

Þorsteinn Daðason

Framanskriðu landamerki milli Haafells og Svarfhóls samþykkir

Finnur Sveinsson á Háafelli.

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells

Ásmundur Þorsteinsson eigandi Fellsenda.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 20.d. maímán 1884 og innfært í landsmerkjabók sýslunnar undir tölulið 19.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a

bókun 25a

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884.

Sauðafellspinghá

20. maí

N^o 20.

Landamerkjalyising
fyrir Þórólfsstöðum í Miðdölum og Dalasýslu.

Milli Þórólfsstaða og Erpstaða ræður Miðklettur, sem stendur fyrir ofan götu milli bæjanna; úr honum bein sjónhending niður eptir yfir lítið þufnabarð í Mýrinni til vorðu yzt á melshorninu á Árbörðum; þaðan sama sjónhending til Miðár; úr áður nefndum Miðkletti ræður bein stefna upp fellið eptir læk, sem tekur sig upp í Skriðuflóa, svo eptir litlum grjótskurði og upp á brunina utan til á miðhæðinni, nokkrun spöl innar en Dagmálahæðin, svo beint yfir á hæstu brún fellsins; þaðan suður eptir hábrúninni til Barnaborgar.

Milli Þórólfsstaða og Fellsenda ræður landamerkjum svokallaður Merkjasteinn ofan til á há leytinu, þaðan úr steininum beina sjónhendingu niður eptir leytinu og í Miðá; úr nefndum steini bein sjónhending upp fellið í annan stein undir brúninni, svo upp á brunina og beint í áðurnefnda Barnaborg.

Fyrir Þórólfsstaðalandi að útsunnanverðu ræður Miðá milli áðurgreindra landamerkja takmarka.

Undirskrifaður umboðsmaður Þórólfsstaða óskar að þeir jarðeigendur, sem land eiga að Þórólfsstaðalandi, gefi samþykki sitt til framanskriðra landamerkja með undirskript nafna sinna.

Svalbarða 10. maí 1884

P. Ólafsson

Guðbjörg Þorsteinsdóttir Sigurður Ólafsson, Kristín Ólafsdóttir eigendur Erpstaða samþykkja.

Ólafur Finnsson umboðsmaður Hundadals fremri

Þorsteinn Daðason eigari Svarfhóls samþ.

Ásmundur Þorsteinsson eigandi hálfes Fellsenda

Guðmundur Magnússon Kristján Þorsteinsson vegna hálfes Fellsenda.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 20. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 20

Vottar

Halldór Daníelsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgun: Þinglestur 75a.

bókun 25a

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

[1884]

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 21.

Landamerkjabréf

fyrir jörðinni Leikskálum í Haukadalshreppi í Dalasýslu

Náttmálavarða stendur á brúninni milli Skriðukots og Leikskála og sá lækur, sem næst rennur fyrir framan þá vörðu, ræður þar landamerkjum milli Skriðukots og Leikskála, að ofanverðu sjónhending úr nefndum læk inná fjallið til þess vötnum hallar inn af og Vatnsland við tekur; sömuleiðis ræður sami lækur beint ofan fjallið og fyrir framan þann litla klett, eður steinboga, sem liggur við jafnsljettu skammt fyrir framan Skriðukotsstekk, svo er sjónhending úr áðurgreindum læk í þúfur uppstungnar, sem kol voru í látin á nesinu og bein línis í síkið, sem rennur að sunnarverðu til Haukadalsár.

Sömuleiðis að framanverðu milli Núps og Leikskála eru uppstungnar tvær þúfur á eyrinni, sem kölluð er Leikskálaspottur og úr þeim þúfum er sjónhending í Haukadalsá að sunnan, en upp til fjalls úr þúfunum sjónhending í þá nybbu á Sauðabólshömrum, er kross er í höggvinn, þaðan sjónhending í klett þar upp undan, er kross er höggvinn í, úr þeim kletti sjónhending á fjall upp í gegnum Hríshamra og Valabjörg upp í svo kallaða Jónssteina og svo inn á fjallið þar til vötnum hallar að Vatnslandi, er liggur að innanverðu, en Haukadalsá ræður merkjum að sunnanverðu eptir því sem nú er.

Leikskálum 22. marz 1884

Þorvarður Bergþórsson (eigari Leikskála).

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Jón Árnason eigari að Jörfa og Skriðukoti. (handsala nafn)

P. Ólafsson umboðsmaður Núps.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 23. d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 21.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: Þinglýsing 75a

bókun 25a

borgað ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884.

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 22.

Landamerkjabrjef

fyrir Þorsteinsstöðum fremri í Haukadalsá í Dalasýslu

Landamerki milli Þorsteinsstaðanna. Lækur rennur á milli Þorsteinsstaðanna í gegnum túnið, sem landamerki eru í, og þar sem hann dreifir sjer fyrir neðan túnin, er sjónhending úr honum í kross, sem höggvinn er í stein vestanvert á Oddavörðuholti, þaðan í kolapúfu í Byrgishvamsbarðinu og svo sjónhending í Haukadalsá, aptur upp á hálsinn ræður sami fyrgreindur lækur þar til kemur að þúfu með kolum í í mýrinni, þaðan í grjótvörðu á miðjum neðri Selás, þaðan í hæstan efri Selás, þaðan í dý sunnan í holti, þar upp undan og að vörðu í því holti, þaðan sjónhending þvert fyrir landinu austur á efri Tvíhyrning, en landamerki byrja á milli Þorsteinsstaða og Köldukinnar, úr þeim Tvíhyrning sjónhending niður hjá stórum steini, sem stendur á holtsás utan og neðan Einhyrning, þaðan í landamerkjalækinn hjá holtsásendanum ofan breiðar þær fyrir ofan Barnaborg rjett í króknum á læknum, svo ræður lækurinn þar til hann fellur fram á landamerkjásundið austan Langaás, og beina sjónhending í landamerkjaskurð við Haukadalsá og þaðan ræður hún að sunnanverðu til áðurtaðra takmarka í Byrgishvammi

Stórvatnshorni 10. maí 1884

Jónas Jónsson eigari jarðarinnar

Jónas Jónsson ábúandi Köldukinnar kirkjunnar vegna

Johannes Jónsson ábúandi Sauðhúsa og kirkjunnar vegna

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 23. d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 22

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a

borguð ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 23

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Skriðukoti í Haukadal í Dalasýslu

Að framan milli Leikskála og Skriðukots stendur svokölluð Náttmálavarða á brúninni, eru merkin í þann læk, sem næst rennur fyrir framan vörðuna, ræður sá lækur merkjum ofan fjallið, þar til hann dreifir sjer við sljettlendið, er þá sjónhending úr honum í þúfu, sem kol voru ílátin, úr þeirri þúfu í aðra þúfu neðar, og úr henni sjónhending í síkið og ána; aptur að ofanverðu úr nefndum læk sjónhending upp fjallið inn að Vatnslandi.

Á milli Skriðukots og Stóra-Vatnshorns eru landamerki í svokallað Eiríksstaðagil neðan frá á upp fjallið, uppá brún og þaðan sjónhending inn að Vatnslandi og eptir hærri brúninni eptir sem vötn skilja milli Vatns og Skriðukots.

Jörfa 10. maí 1884

Jón Árnason eigari Skriðukots

Þ. Bergþórson eigari Leikskála

Jón B. Jónsson eigandi að Vatni og Stóra-Vatnshorni

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 23. d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 23.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a

bókun 25a

borguð ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 24.

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Núp í Haukadal í Dalasýslu

Merki milli Núps og Leikskála eru tvær þúfur uppstungnar á svo kölluðum Leikskálaspotta, og er sjónhending úr syðri þúfunni í Haukadalsá, en úr norðari þúfunni sjónhending í nybbu á Sauðabólshömrum, sem kross er höggvinn í; þaðan sjónhending í klett upp undan með höggnum krossi í, og úr þeim kletti sjónhending upp í gegnum Hríshamra og Valabjörg í tjörn, sem þar er upp undan, þaðan í svo kallaða Jónssteina, frá Jónssteinum sjónhending inn á fjallið að Vatnslandi, sem liggur að innanverðu að Smirlahólslandi, eru þá merki milli Núps og Smirlahóls af austari enda Núpsfells suður á við sjónhending á Kletthól, sem stendur suður á brúninni, og sjónhending af þeim hól ofan á við að austanverðu við klettflóru, er liggur við Miðkvísl á upptökum Sandhóslækjarins, ræður svo sá lækur ofan fjallið til Haukadalsár og áin til fyggreindra takmarka.

Svalbarði 17. maí 1884

P. Ólafsson umboðsmaður Núps.

Hinsvegar rituðu brjefi er eg samþykkur P. Bergþórsson (eigari Leikskála

Jón Benediktsson eigari að ½ Smirlhóli

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Jón Árnason eigari Hamra

Arngrímur Magnússon eigari að ½ Smirlhóli

Lesið fyrir mantalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 23. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 24.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a

borguð ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 25

Landamerkjaskrá
fyrir Mjóabóli í Haukadalshreppi.

Frá Haukadalsá að austanverðu ræður Villingadalsá fram að gili því, er kallað er Nóngil og rennur ofan á móts við hól, sem er framanvert á Villingadalstúni, svo ræður það upp undir brún og beint úr því upp á há fjall, svo suður eptir há fjalli sem vötnum hallar til Skálardals, vestur á móts við Skálargil, svo ræður það til Haukadalsár, svo áin til Villingadalsár.

Staddur að Leikskálum 21. maí 1884

Kr. Tómasson umráðamaður ofangreindrar jarðar

Jón Árnason eigandi Hamra

Þorleifur Andrjesson eigari að Villingadal (handsalað nafn)

Jón Benediktsson A. Magnússon eigarar Smirlahóls.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 23. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 25.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 26.

Landamerkjabréf

fyrir jörðinni Smirlahóli í Haukadal í Dalasýslu

Landamerki milli Smirlahóls og Núps úr Haukadalsá eptir Sandhóslæknum sem rennur hjá Sandhólnum og liggja merkin upp þann læk þar til hann skiptist í þrennt upp í svo kölluðum Sandhóslækjarbotn, eru þá merkin í miðlækinn, sem rennur fyrir austan klettflúru, sem þar er, þaðan sjónhending upp á brúnina á Kletthól, sem þar stendur, þaðan sjónhending austan til á Núpsfellsenda og þaðan sjónhending á mitt Hestvallarvatn; á þá Vatn land að vestanverðu, þá úr norðara horni vatnsins upp miðjan slakkann milli Tröllháls og Rjúpnafells og eptir Rjúpnafelli eptir sem vötnum hallar austur eptir gegnt þvergilis upptökum, og svo eptir því í Fanngilsbotn og eptir Fanngili, sem er landamerki milli Smirlahóls og Giljalands ofan til Haukadalsár og svo ræður áin til fyrgreindra takmarka.

að Smirlahóli og Hömrum 17. maí 1884

Arngrímur Magnússon Jón Benediktsson (eigendur)

Kr. Tómasson eigandi og umráðamaður Giljalands og umráðamaður þeirra fjalllanda, er viðkoma Laxárdalshrepp

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Þorleifur Andrjesson eigari Villingadals (handsalað)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jorfa þ. 23. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 26.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borguð ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Jörvaþinghá

23. maí

N^o 27.

Landamerkjalyýsing
fyrir Hömrum í Haukadal í Dalasýslu

Að framanverðu milli Hamra og Mjóabóls ræður landamerkjum: svo kallað Stóra-Skálargil beint ofan í Haukadalsá, en á milli Hamra og Jörfa ræður ræður gilið fyrir utan Hamratún eptir sínum gamla farveg frá fjalli beint í áðurgreinda Haukadalsá, hver á ræður landamerkjum þaðan til Skálargils, á fjalli uppi millum upptaka nefndra gilja ráða landamerki eins og vötnum hallar.

Þeir sem eiga lönd að Hamralandi, auk lands þess, sem eg undirskrifaður á, óska eg að gefi samþykki sitt til framanskriafaðra landamerkja með undirskript nafna sinna.

Jörfa 12. maí 1884

Jón Arnason eigari Hamra og Jörfa

Kr. Tómasson umráðamaður Mjóabóls

Jakob Guðmundsson umráðamaður Geldingadals tilheyrandi Kvennabrekku.

P. Ólafsson umboðsmaður Núps.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 23. d. maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 27.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson.

1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 28

Landamerkjaskrá

fyrir Kambsnesi í Laxárdalshreppi.

1. Milli Kambsness og Saura. Við sjó framan Sauralæk er hóll, er Melkorkuhóll er kallaður; úr honum er bein stefna í þúfu á barðinu fyrir ofan lækinn, hvarí eru látin kol og 3 steinar, frá henni bein stefna í jarðfastan stein í Holti út undan Saurum lítinn spotta fyrir neðan veginn, og er hlaðin grjótvarða á efri enda steinsins, en kross höggvinn á þann neðri, þaðan bein stefna upp í vörðu í svo kölluðum Hríshól, hvar kross er höggvinn í stein.
2. Milli Kambsness og Þorbergsstaða – Frá áðurnefndum Hríshól beint í grjótvröðu í holti þar sunnar og neðar, hvar kross er höggvinn í stóran stein, frá henni í grjótvröðu á Klettholti fyrir utan Rútstaði hvar kross er höggvinn í flúruna, þaðan í Klettholt niður við mýrina, hvar kross er höggvinn í klettinn og hlaðin varða, þaðan beint út á Smáholt í vörðu, sem hlaðin er á klettaflúru og kross höggvinn í flúruna, og þaðan í sömu stefnu til sjóar í lækjarfarveg austan til við Rútstaðahvamm.

Staddir á Þorbergsstöðum 20. maí 1884.

Jón Benediktsson umráðamaður 1/3 parts af Kambsnesi

Guðmundur Böðvarsson ábúandi á Kambsnesi

Kristján Tómasson eigandi Þorbergsstaða

Jón Guttormsson umráðamaður Saura.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 28.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borguð ein króna

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 29.

Landamerkjaskrá

fyrir Lækjarskógi í Laxárdalshreppi

1. Milli Lækjarskógs og Þorbergsstaða ræður frá sjó lækur sá, er rennur skammt frá Lækjarskógs túni svo langt sem hann nær uppeptir, þaðan í þúfu með kolum í og 3. steinum, frá henni beint í aðra eins ofar í flóanum, frá þeirri í þúfu enn ofar, sem kol eru í lögð, frá henni beint í Álfhól, þar sem hlaðin er þúfa með kolum og 3^{ur} steinum í látnum.
2. Milli Lækarskógar og Þorsteinsstaða frá þúfu þeirri á Álfhól, ~~þar sem hlaðin er þúfa með kolum og 3ur~~ er áður er getið beint í grótvörðu í Svinholtsjaðri frá henni í þúfu í flóanum, sem kol eru í, frá henni í kross í Krossholti, hvar grjótvarða er hlaðin hjá, þaðan í jarðfastan stein á barði undan fljóti (sic) sem Dallur er kallaður, frá því ræður Haukadalsá til sjóar. Svo á Lækjarskógur hálfa veiði í Haukadalsá fyrir sínu landi, og hólma þá, er fyrir hjernefndri jörð liggja fram á vaðlinum.

Lækjarskógi 19. maí 1884.

Sigurdör Jónsson Lækjarskógi ábúandi

Kristján Tómasson eigandi Þorbergsstaða

Þorvarður Bergþórsson eigari Þorsteinsstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 29.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson



1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 30.

Landamerkjaskrá

fyrir Þorbergsstöðum í Laxárdalshreppi

1. Milli Lækjarskógs og Þorbergsstaða ræður frá sjó lækur sá, er rennur skammt frá Lækjarskógstúni svo langt sem hann nær uppeptir, frá botni á honum beint í þufu með kolum og 3^{ur} steinum í, frá henni beint í aðra eins ofar í flóanum, frá þeirri í þúfu enn ofar, sem kol eru í lögð, frá henni beint í Álfhól, hvar hlaðin er þúfa með kolum og 3^{ur} steinum í
2. Milli Þorsteinsstaða og Þorbergsstaða frá þúfu á fyrnefndum Álfhól beint upp í Krosshamar, þar sem hann er hæstur og kross er höggvinn í hann, þaðan beint í kross á fremri Tvíhól, hvar varða er upphlaðin hjá; frá henni beint í þúfu með kolum í skammt fyrir utan Sjónarhól, þaðan í grjótvörðu á holti þar ofar, frá henni beint í vörðu á barði fyrir ofan slæjublettinn, frá henni í þufu ofar á halsinum, hvar kol eru og 3 steinar í látinir, þaðan beint í Krossstein efst í Grafabrekku.
3. Milli Saura og Þorbergsstaða frá seinast nefndum steini beint í vörðu sem hlaðin er hjá jarðföstum steini með krossi í lítinn spotta fyrir innan læk, sem rennur ofan í Grafir, þaðan beint í jarðfastan krossstein niður á holtunum, beint frá honum í annan þar meðar, frá honum beint í vörðu á Hríshól, hvar kross er hoggvinn í stein.
4. Milli Kambsness og Þorbergsstaða frá áðurnefndum Hríshól beint í grjótvörðu á holti þar sunnar og neðar, hvar kross er högginn í stóran stein, frá henni í grjótvörðu á klettholti fyrir utan Rútstaði, hvar kross er hoggvinn í flúruna, þaðan í klettholt niður við mýrina, hvar kross er höggvinn í klettinn og hlaðin varða, þaðan beint út á Smáholt í vörðu, sem hlaðin er á klettaflúru og kross hoggvinn í flúruna og þaðan í sömu stefnu til sjóar í Lækjarfarveg austan til við Rútstaðahvamm.

Þorbergsstöðum 20. maí 1884

Kristján Tómasson eigandi Þorbergsstaða

Jón Benediktsson umráðamaður 3^{ia} parts af Kambsnesi.

Guðmundur Böðvarsson ábúandi á Kambsnesi.

Þorvarður Bergþórsson eigari Þorsteinsstaða.

Sigurdór Jónsson ábúandi á Lækjarskógi



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

J. Guttormsson umráðamaður Saura.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 30.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25a.

borguð ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 31.

Landamerkjabréf

fyrir Hjarðarholtskirkjujörð Sauðhúsum liggjandi í Laxárdalshreppi innan Dalasýslu.

Að vestanverðu milli Saura og Sauðhúsa upp frá Laxá ræður skurður sá, sem rennur í Laxá og kallaður er landamerkjaskurður í landamerkjagarð, sem liggur upp eptir flóanum og sjónhending úr honum í leirpoll, sem er fyrir neðan Breiðamel norðanverðan, þaðan eptir keldudragi og sjónhending upp í vörðu á Skriðuhöfðinu, þar sem það ber hæst á hálsbrúninni og þaðan sjónhending í há Saurhól, og úr honum suður í vörðu á holtinu fyrir sunnan svo kallað Saurhólssund. Úr þeirri vörðu liggja mörkin austur í vörðu þá, er stendur sunnantil og neðarlega við svo kallað Tvíhyrningar sund og þaðan sjónhending í fremri tvíhyrninginn og af honum í suður eptir há holtunum í brot af gömlu smalahúsi og sömu sjónhending í vörðu, sem stendur á háu holti og allt í syðsta krossstein, sem er einn af þremur, er liggja í sömu stefnu frá suðri til norðurs á milli Sauðhúsa- og Höskuldsstaðalands. Úr krosssteinum liggja merkin sömu sjónhending í vörðu, sem stendur á háu vestanvert við svokallaðar Höskuldsstaðatjarnir í Grófarlæk, þar sem hann hefur upptök sín og rennur fyrir utan tjörn rjett fyrir ofan brúnina, en sá lækur ræður merkjum alla leið til Laxár, en Laxá í aður umgetinn landamerkjaskurð.

Hjarðarholti og Sauðhúsum

J. Guttormsson Jóh. Jónsson ábúandi

Jónas Jónsson eigandi Þorsteinsstaða

Jónas Jónsson ábúandi Köldukinnar

J. Stefánsson ábúandi á Höskuldsstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 31.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borguð ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 32.

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Höskuldsstöðum í Laxárdalshreppi

Að norðanverðu milli Hornstaða og Höskuldsstaða uppfrá Laxá ræður Krosslækur, sem rennur á milli bæjanna ofan úr hlíð að utanverðu við svokallaða Miðdegisvörðu, en þar sem lækurinn kemur ofan úr hlíðinni rennur hann á víð og dreif, svo þar eru hlaðin merki hjá gömlum farveg til skýringar svo frá upptökum lækjarins í beina stefnu í Krosstein í hábrún í Urðarkasti, og þaðan beina stefnu í vörðu á Hasjónarholti og þaðan beina sjónhending í auðkennilega krossteina á Háhóli og þaðan suður í tjörn og í hvolfið fyrir innan Gráborg og þaðan í fremri Grjóthól, sem er með auðkennilegri þufu á Klettsteini og þaðan beint ofan í Neðri-Grjóthól og þaðan beina sjónhending ofan með tjörn og í Krosssteinsvörðu á barði og þaðan beina sjónhendingu í krossstein að sunnanverðu við Smalatótt og þaðan beint í Krosstein í Hrutagilsbotni og svo beint vestur yfir Keldusund, sem mórauður steinn er í og í auðkennilega stóra steina tvo, sem eru á holtinu að vestanverðu við sundið, og er klappaður kross á annan steininn, og svo beint í Krosssteinsvörðu vestur á holtbarði, og þaðan beina sjónhendingu inn eptir holtunum og í Krosssteinsvörðu sem er á há holti fyrir neðan Höskuldsstaðatjarnir og svo inn eptir í beinni sjónhending í Krosssteinsvörðu að sunnanverðu við Grafarlæk og svo beint í Grafarlæk, og svo ræður lækurinn til Laxár á móti Haganesi og svo ræður áin til áðurnefnds Krosslækjar að meðtaldri hálfri veiði að undanskildum Mjóhyl, sem Hjarðarholtskirkja á alla veiði í eptir máldögum hennar.

Höskuldsstöðum 21. maí 1884

J. Stefánsson ábúandi og að nokkru leyti eigandi

Kr. Tómasson umráðamaður Skógsmúla

Jón Ólafsson eigari að Hornstöðum

Jóh. Jónsson ábúandi Sauðhúsa

Jónas Jónsson ábúandi á Köldukinn.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 32.

Vottar

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borguð ein króna

Halldór Daníelsson



1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 33

Landamerki

fyrir Hornstöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu

Að framanverðu ræður Kvarnarhólalækur merkjum frá Laxá, þaðan beina sjónhendingu í upphlaðna þúfu milli tveggja holta, sem eru stutt frá Kvarnhólakeldunni þaðan beina sjónhending í upphlaðna þúfu og auðkennilega á neðsta bekk fyrir utan Landamerkjálág, þaðan beina sjónhending í Digruvörðu á lægri brún þaðan beina sjónhending í Sandfell, þaðan beina sjónhending í vestasta enda á Tangavatni, þaðan beina sjónhending vestur eptir fjalli eptir því sem vötnum hallar til Laxárdals í krossstein á Háhól, þaðan beina sjónhending í vörðu á há Sjónarholti, þaðan beina sjónhending í krossstein á há brún í Urðarholti; þaðan beina sjónhending í vörðu við upptök Krosslækjar þaðan ræður lækurinn í Krosslækjarkeldu, svo ræður lækurinn í gegnum melana og úr því fram í Laxá, þaðan ræður Laxá að norðan verðu til Kvarnarhólalækjar. Hornstaðir eiga hálfa veiði í Laxá fyrir sínu landi.

Skrifað 20. maí 1884

Jón Ólafsson eigari Hornstaða

Samþykkir Jens E. Laxdal

Kr. Tómasson umraðamaður Skógsmúla

J. Stefánsson eigandi og ábúandi Höskuldsstaða

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ 24.d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 33.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 34

Landamerki

fyrir Leiðólfstöðum í Hjarðarholtskirkjusókn

Að framanverðu eru merki í vorðu hjá Þrándargili við Laxá, þaðan beina sjónhending í Krossstein þaðan beina sjónhendingu í neðsta fossinn í Þrándargili, þaðan ræður Þrándargil merkjum til Þrándarvatns, gilið beygist til austurs landsuðurs úr því kemur upp fyrir brún og hefur upptök sín úr Þrándarvatni, svo liggja merkin með tjéðu vatni til suðaustur enda vatnsins, þaðan beina sjónhending vestur eptir eptir fjalli eptir því sem vötnum hallar til Laxárdals eptir holthrygg, sem er fyrir sunnan flóann sem liggur fyrir ofan Hæðarsteinsvatn, þaðan beina sjónhending í vestari enda á Tangavatni, þaðan beina sjónhending í Sandfell, þaðan beina sjónhending í Digruvörðu á lægri brún, þaðan beina sjónhending í upphlaðna þúfu auðkennilega á neðsta bekk fyrir utan svo kallaða landamerkjálág, þaðan beina sjónhending í upphlaðna þúfu milli tveggja holta, sem eru stutt frá Kvarnarhólakeldunni, þaðan beina sjónhending efst í Kvarnarhólalæk; hann rennur í Laxá og skilur merki, þaðan ræður Laxá merkjum að norðanverðu til framangreindrar vörðu hjá Þrándargili við Laxá. Leiðólfstaðir eiga hálfá veiði í Laxá fyrir sínu landi.

Skrifað 20. maí 1884

Jens E. Laxdal eigari Leiðólfstaða

Samþykkir Jón Ólafsson eigari Hornstaða

Jón Guttormsson umráðamaður Þrándarkots

Jóhannes Halldórsson umráðamaður Svarfhóls

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24.d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 34.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson



1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 35.

Landamerkjabref

fyrir jörðinni Sámstöðum í Laxárdal í Dalasýslu

Landamerkjaborg stendur í hálsinum milli Samstaða og Gillastaða, sem til á að telja; úr landamerkjaborg sjónhending ofan í Laxá; úr sömu borg til fjalls sjónhending í stein þann er Grásteinn heitir, er stendur á holti við svo kallaðar Viggumýrar; úr Grásteini sjónhending í há Reiðborg, er stendur við veg á Hálsagötum; sjónhending úr Reiðborg í Miðvatnsás; er þá Samstaðaland öðru megin Miðvatns, þar til vatnið þrýtur; kemur þá á í vatnið, er Þverá heitir, hún tekur sig upp úr vatni sem Krossaxlarvatn heitir; er þá Ljárskógaland allt að norðanverðu; þá er sjónhending úr Krossaxlarvatni í Hjarðarfell og eptir Hjarðarfelli; þá tekur sig upp úr dýjum og lækjum sunnan til úr Hjarðarfelli rennsli nokkur og verður eitt þá það kemur á sljettlendið og rennur eptir sljettum eyrum, sem kallaðar eru Breiðueyrar; eru það upptök á Samstaðaá, sem ræður landamerkjum ofan í Laxá, og eru það landamerki milli Sámstaða og Hamra að því viðbættu, að svo kallaður Hríshólmi, sem nú er Hamramegin við ána, tilheyrir Sámstaðalandi, af því áin hefur breytt sjer.

Til staðfestu eru undirskrifuð nöfn

að Leikskálum 10. nóvember 1883

Þorvarður Bergþórsson eigari jarðarinnar

Umráðamaður að hálfri jörðinni er samþykkur framangreindum landamerkjum

Guðm. Guðmundsson,

Jósef Jónsson eigandi að hálfum Ljárskógum

Skúli Halldórsson eigari og umráðamaður Gillastaða

Jakob Guðmundsson eigandi Hamra í Laxárdal

Böðvar Magnússon ábúandi á Dönustöðum

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ 24.d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 35.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a
bókun 25a.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

borgað

ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 36

Landamerki

fyrir jörðinni Gillastöðum í Laxárdalshreppi eru þessi: Að neðanverðu sjónhending úr Laxá eptir holti uppí Barnaborg, þaðan sjónhending inn fyrir háls í vörðu fyrir neðan Ljá, þaðan í Hæðastein, þaðan í Krossstein, sem stendur á hraunholti vestur undan Helluhól, þaðan í annan Krossstein á holthrygg upp af Kuasnögum, þaðan í skarð milli Löngu kletta, þaðan í fremri tanga í Neðsta vatni frá norðari enda á Neðsta vatni ræður þvera upp í Miðvatn; úr neðri enda á Miðvatni sjónhending í Krossstein á há Reiðborg, sem stendur við Hálsagötuveg, þaðan í Grástein, sem stendur á holti neðan til við Viggumýrar, þaðan í landamerkjaborg, þaðan þvert ofan í Laxá, svo ræður Laxá þar til upphaflega greinir

Gillastaðir 20. maí 1884

Skúli Halldórsson eigari og umráðamaður

Þorvarður Bergþórsson eigandi Sámstaða

Þorleifur Jónsson á Hróðnýjarstöðum

Í umboði eigenda Ljarskóga Guðm. Guðmundsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 36.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson.



1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 37.

Landamerki

fyrir jörðinni Lambastöðum í Laxárdalshrepp eru þessi: Úr lækjarósi við Laxá útan til við Lambastaðanes, sjónhending þaðan uppí stóra þúfu utan til við Lóuholt, þaðan í hól, sem stendur upp á hálsinum framantil við Dísugróf, þaðan um yfir hálsinn í moldflagarbarð, þaðan í vörðu sem stendur á kletti þar fyrir neðan, þaðan í aðra vörðu, sem stendur á holti inn undir Ljá; síðan ræður áin fram í vörðu að sunnanverðu við Ljá á móts við Hæðarstein, þaðan sjónhending suður yfir háls ofan í Barnaborg, þaðan ofan eptir holti ofan í Laxá.

Lambastöðum, 16. maí 1884.

Jósef Jónsson eigari

Skúli Halldórsson samþykkur eigari og umráðamaður Gillastaða

Jens E. Laxdal umráðamaður Goddastaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti, þ. 24. d.maímán 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 37.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hjarðarholtsþinghá

24. maí

N^o 38.

Landamerki

fyrir Goddastöðum í Laxárdalshreppi í Dalasýslu.

Að neðanverðu eru landamerki í þá stóru Klofasteina við við Laxá, þaðan beina sjónhendingu í vörðu á Ljósaskarði, þaðan inn yfir hálsinn í klett þann, sem maður er kallaður, þaðan beina sjónhending í þúfu á fremsta Keldhólnum, þaðan beina sjónhending í Rifgarðslæk á móts við Grástein, sem er flóanum fyrir innan Ljá, en Rifgarðslækur ræður merkjum til Ljár; frá Rifgarðslækjarmynni ræður Ljá merkjum fremst á fossa; þaðan beina sjónhending í svo kallaða Landamerkjavörðu, sem er stutt frá anni, þaðan beina sjónhending í vörðu á kletti og kross í klettinn hjá vörðunni, þaðan beina sjónhending eptir moldflagabardi í stein, sem kross er í og varða hjá steininum, þaðan beina sjónhending í vörðu á hól framan við Dísugróf, þaðan beina sjónhending í upphlaðna þúfu með kolum í fyrir utan svo kallað Lóuholt, þaðan beina sjónhending í læk, sem rennur í Laxá fyrir utan Lambastaðanes og skilur merki, þaðan ræður ^{Laxá} merkjum til Klofasteina.

Goddastaðir eiga hálfa veiði fyrir sínu landi í Laxá.

Skrifað 20. maí 1884

Jens E. Laxdal umráðamaður Goddastaða

Jón Guttormsson umráðamaður Hjarðarholts.

Jósef Jónsson eigandi og umráðamaður Lambastaða.

Þorleifur Jónsson Þorkell Einarsson eigendur Hróðnýjarstaða

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 24. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 38.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 39.

Landamerki

fyrir Rauðbarðaholti í Hvammshreppi í Dalasýslu

Milli Knararhafnar og Rauðbarðaholts ræður Hafnará neðan frá Saurhól, er stendur við Hafnará og það allt upp að Hafnarár vatni, svo ræður sjónhending úr vatnsendanum innri upp í hraun; milli Teigs og Rauðbarðaholts ræður sjónhending úr áðurnefndum Saurhól út í svo nefndan Saurpoll, sem er á alfaravegi innanvert við þrívörður; úr Saurpoll ráða Ferðamannagötur út að læk, er Víðulækur heitir ofan á móts við holt það, er Hamar heitir að neðanverðu við flóann; þar stendur varða við læk, hlaðin ur hnaus, svo þrjár vörður hlaðnar úr hnaus ofan á móts við holt það, er Merkjaholt heitir. Milli Ketilsstaða og Rauðbarðsholts ræður sjónhending úr vörðu í flóanum í syðri ósinn á Holtsvatni, svo ræður vatnið að Hólslæk, svo lækurinn á móts við Merkjaholt; svo á milli Rauðbarðaholts og Hóls ræður sjónhending úr Hólslæk í Merkiholt, og þaðan ræður Merkjakelda upp á móts við Kyrholt, þaðan Merkjalækur upp á Barmsbrún, þaðan sjónhending í ytri Sjónarhól, úr honum sjónhending í Lyngáshöfuð, þaðan í Grensá, svo ræður Grensá upp í hraun.

Rauðbarðaholti 13. maí 1884

Samþykkir ábúandinn Samúel Jónsson

Í umboði eiganda Ketilsstaða M. Einarsson.

Ábúandi á Hóli Jens Jónsson

Eigari að Teigi Ásgeir Jónsson

Ábúandi og eigari að Knararhöfn Jóh. P. Guðmundsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26.d. maímán 1884 og inn fært í landa merkjabók sýslunnar undir tölulið 39.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 40.

Landamerkjaskrá

fyrir landareign Ketilstaða liggjandi í Hvammssveit innan Dalasýslu,
sem er eign undirskrifaðs:

1. Ræður frá sjó að austanverðu ^{landamerkjum} svo nefnd „Dagverðará“ upp í „Dagverðarmyri“ milli Teigs og Ketilstaða, þar til drög árinna tvístrast; síðan ráða beinar sjónhendingar upp yfir mýrina upp undir svo nefnt „Merkjaholt“ eptir 5 uppsettum merkjavörðum, sem 3 eru úr grjóti og 2 úr hnaus, svo á „Merkjaholti“ er landamerkjavarða hlaðin úr grjóti og þar á höggvinn kross móti norðri á undirstöðustein; svo frá þeirri vörðu ræður bein sjónhending í stefnu á Holtsbæ í vörðu á næsta holti hlaðna úr grjóti og frá henni bein sjónhending í landamerkjavörðu úr hnaus með með viðarkoli í, er stendur í sömu sjónhending í Holtsflóa sunnanvert við læk þann, er rennur eptir nefndum flóa
2. Fyrir norðurhlið landsins ræður úr síðastnefndri landamerkjavörðu í flóanum bein sjónhending út eptir flóanum út í Holtsvatn í syðri vatnsásinn, þar sem lækurinn úr flóanum kemur í vatnið, svo aðskilur vatnið lönd Ketilstaða og Holts og svo lækurinn, er rennur úr vesturenda vatnsins út í Hólsflóa út að stórum pytti og heitir þá Hólslækur; stendur þar við pyttinn að vestanverðu varða, hlaðin úr hnaus með viðarkoli í; ræður frá þeirri vörðu sljettkelda ofan með þufna rana, bein sjónhending í aðra vörðu hlaðna úr sama út í flóanum, og svo sjónhending eptir þremur vörðum, allar úr hnaus og viðarkolum í, og ræður sú sjónhending að yztu vörðunni út yfir flóann og stendur hún á þúfnarana austanvert við djúpan pytt, sem Hólslækur rennur úr, og síðan að skilur hann Ketilsstaða og Hólsland útí Hafurá og svo ræður nefnd á út að Hestavígshólma.
3. Að vestanverðu aðskilur lönd Ketilstaða og Köldukinnar sjónhending úr Hestavígshólma upp í svo nefndan Grástein; úr honum bein sjónhending í austari Hallhnúk, og er þar hlaðin merkjavarða úr grjóti og höggvinn kross í undirstöðustein til norðurs; þaðan ræður bein sjónhending suður í Hagagarðsskarð í Ketilstaðabrún, og eru á þeirri sjónhending 2 vörður hlaðnar úr grjóti; úr Hagagarðsskarði ræður sá gamli Hagagarður ofan til sjóar meðan hann sjest, síðan bein sjónhending í vörðu við sjóinn hlaðna úr grjóti með koli í.
4. Að sunnanverðu landsins ræður frá síðastnefndri vörðu sjór og fiskhelgislög austur mots við Dagverðará, er fyrst er nefnd.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þessi landamerki veit jeg rjettust eptir sögn elztu manna og minni þeirra, og hef jeg brúkað og látið bruka eptir þessum merkjum, sem skýlausa eign mína og minna eptirmanna, og því til fullnustu uppkveð í heyranda hljóði og undirrita landamerki þessi í viðveru hlutaðeigandi sameignarlandsmanna og umboðsmanna sem einnig rita nöfn sín undir sem viðstaddir og samþykktir landamerkjaskrá þessari, henni til óraskanlegs gildis hjeðan í frá

Staddur á Ketilstöðum 13. maí 1884.

Magnús Einarsson

Samþykkur sem ábúandi Guðmundur Pantaleonsson

Eigari að Rauðbarðaholti Samúel Jónsson

Eigari að Teigi Ásgeir Jónsson

Umboðsmaður að Hóli Jens Jónsson

Eigari að Hafurstöðum Eiríkur Jónsson

Ábúandi Köldukinnar Jónas Magnússon

Umboðsmaður Skoravíkur Jón Bjarnason

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 40

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borguð

Halldór Daníelsson



1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 41.

Landamerki

fyrir Teigi í Hvammshreppi innan Dalasýslu

Milli Knararhafnar og Teigs ræður landamerkjum á sú, er Hafnará heitir neðan frá sjó og upp að hól þeim, er Saurhóll heitir, er stendur utanvert við Hafnará nokkuð fyrir ofan alfaraveg, svo úr Saurhól sjónhending úti svo nefndan Saurpoll, sem er á alfaravegi innanvert við Þrívörður; þaðan ræður alfaravegur út að læk þeim, er Víðilækur heitir, svo ræður lækur þessi ofan í Holtsflóa ofan á móts við holt það, er Hamar heitir að neðanverðu við floann, þar stendur varða við lækinn hlaðin úr hnaus, svo sjónhending eptir þremur vörðum ofan flóann hlaðnar úr hnaus ofan á móts við holt það, er Merkjaholt heitir. Það eru merki milli Teigs og Rauðbarðaholts.

Milli Teigs og Ketilstaða stendur varða í miðjum flóanum hlaðin úr hnaus, úr henni sjónhending í hnaus holt sunnanvert við flóann, svo úr því holt í annað holt, er Merkiholt heitir; á því stendur varða hlaðin úr grjóti og á undirstöðusteininum hogginn kross, úr því holti ofan í Dagverðarmýri ræður sjónhending 5 vörður úr grjóti og torfi ofan í Dagverðará, svo ræður hún til sjóar, frá Dagverðará ræður sjór og fiskhelgislög til austurs á móts við Hafnará.

Teigi 13. maí 1884.

Ásgeir Jónsson

Sem eigari og umráðamaður Knararhafnar Jóh. Þ. Guðmundsson

Eigari að ½ Rauðbarðaholti Jens Jónsson

Eigari að ½ Rauðbarðaholti Samuel Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 41.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.
bókun 25a.

ein króna

borg.

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

1884

Hvammsþinghá

26. maí

N^o 42.

Landamerkjaskrá

Milli Knararhafnar og Kýrunnarstaða innan Dalasýslu eru landamerki þannig

Hæðst a fjallinu, sem jarðirnar eiga land upp til hrauna tekur sig upp gil, sem nefnist Skjónugil; þetta gil rennur áfram mikið til beina línu með smá bugum ofan vestantil við Kýrunnarstaðafell og ryður sjer djúpan farveg ofan svokallaða Selbrún, sem liggur norðvestur eptir Knararhafnarlandi. So fyrir neðan þessa Selbrún beygist þetta gil í suðvestur ofan í Knararhafnarland. Taka þá við til búin merki, hlaðin grjótvarða á austari gilbakkanum og önnur þar niður undan í línu að stórum steini, sem hogginn er kross í, svo í línu niður eptir eru 3 vörður hlaðnar úr grjóti, sú neðsta þjett fram á svo kallaðri Halsbrún; þar ryður sjer farveg fram djúpt gil, sem nefnist Urðásagil; rennur það beint ofan undir þjóðveginn austan til við hól, sem nefnist Merkjahóll; fyrir neðan nefndan hól tapar þetta gil beinum farveg, taka þá við 6 vörður hlaðnar úr grjóti, í línu niður til Hvammsfjarðar rjett vestan til við svonefnt Helganes, og svo suðaustur í fjörðinn sem fiskhelgi ræður

Milli Knararhafnar og Rauðbarðaholts er vatn hatt á fjallgarðinum, sem nefnist Hafnarvatn; eru þá landamerki milli þessara jarða bein sjónhending úr austari vatnsendanum upp til hrauna eður þaðan, sem vötn renna; svo frá þessu Hafnarvatni niður eptir rennur á, sem heitir Hafnará; rennur hún með djúpum farveg ofan að aukaveginum, og að skilur þannig skýrt lönd þessara jarða; svo rennur þessi sama á frá aukaveginum áfram niður í Hvammsfjörð og aðskilur Knararhafnar- og Teigsland og svo eru merkin beina línu í fjörðinn sem fiskhelgi ræður

Sem eigari og umráðamaður

að Knararhöfn 23. maí 1884

Jóh. Þ. Guðmundsson

Eigandi Teigs og í umboði eigara Kýrunnarstaða

Ásgeir Jónsson

Samþykkir Samúel Jónsson (handsalað).

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 42.

Vottar

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgun: Þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borg.

Halldór Daníelsson

1884

Hvammsþinghá

26. maí

N^o 43.

Landamerki

fyrir Kýrunnarstöðum í Hvammshreppi innan Dalasýslu

Milli Knararhafnar og Kýrunnarstaða ræður landamerkjum gil, sem nefnist Gatvörðugil, sem hefur upptök sín undan Skothrygg og rennur í annað gil, sem heitir Skjónugil, þá sjónhending úr því í 5 grjótvörður, þaðan í merkjastein, sem höggvinn er † í; síðan úr steini þessum í 3 grjótvörður og þaðan í Urðarásgil, og þá eptir því sem það rennur ofan að Þjóðvegi, þá sjónhending þaðan eptir 3 grjótvörðum ofan í vörðu á Merkiholti, sem stendur í miðjum flóa, þaðan beina stefnu í 2 vörður og er önnur hlaðin á sjóarbakka innanvert við svo kallaða Lágufloðu; frá flögu þessari ræður sjór og fiskhelgislög austur á móts við Skarfstaðagil, sem ræður landamerkjum Skarfstaða og Kýrunnarstaða, þá eptir því sem nefnt gil ræður upp á brún, og úr efsta gilbotni þessum og í hól, sem kallaður er Svarthússhóll þá sjónhending úr honum í merkjastein, sem höggvinn er † í, þá í beinni stefnu þaðan í grjótvörðu, sem stendur á holti ofanvert við upptöku Skarfstaðagils og þaðan beint upp á Skothrygg, og þaðan eptir því sem vötnum hallar.

Kýrunnarstöðum 24. maí 1884

Í umboði eigara Kýrunnarstaða Ásgeir Jónsson.

J. Guttormsson umráðamaður Skarfstaða.

Sem eigari og umráðamaður Knararhafnar Jóh. Þ. Guðmundsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 43.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.
bókun 25a.

ein króna

borguð

Halldór Daníelsson

1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 44.

Landamerkjaskrá

fyrir Skarfstöðum í Hvammshreppi innan Dalasýslu

Milli Skarfstaða og Kyrunnarstaða ræður landamerkjum neðan frá sjó og upp í brún gil, sem heitir Skarfstaðagil; þá úr efsta gilbotni þessum og í hól þann, sem kallaður er Svarthúuhóll, þá sjónhending úr honum í merkjastein, sem höggvinn er † í; þá í beinni stefnu þaðan upp í grjótvröðu, sem stendur á holti vestanvert við upptök Skarfstaðagils, og þaðan sjónhending upp á Skothrygg, þá eptir honum sem vötnum hallar á mots við klett þann, sem kallaður er Snös, sem aðskilur landamerki Skarfstaða og Akurs, þá sjónhending úr nefndum kletti í tvær grjótvröður og úr þeim í efstu gljúfur á Ingjaldsgili og eptir því sem það ræður til sjóar. Úr því ræður sjór og fiskhelgislög fyrir landi þessu

Skarfstöðum 26. maí 1884.

Jón Guttormsson umráðamaður Skarfstaða

Í umboði eigara Kyrunnarstaða Ásgeir Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 44.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Hvammsþinghá

26. maí

N^o 45

Landamerkjaskrá

fyrir Hofakri í Hvammhreppi innan Dalasýslu.

Milli Akurs og Skarfstaða ræður landamerkjum gil, sem Ingjaldsgil er kallað, neðan frá sjó og upp í brún, þá ræður sjónhending úr gljúfrum þess í tvær grjótvörður og þaðan í klett, sem kallaður er Snös og í beinni stefnu þaðan upp á Skothrygg og eptir honum sem votnum hallar á móts við gil, sem Krossgil heitir, sem ræður landamerkjum milli Akurs og Hvamms, þá eptir því sem nefnt gil ræður ofan í Hvammsá, þá eptir henni til sjóar að undanteknum hólma, sem er Akurs megin við ármótin og tilheyrir Skerðingsstaðalandi, úr því ræður sjór og fiskhelgislög fyrir landi þessu.

Akri 26. maí 1884

Jón Guttormsson

umráðamaður Akurs, Hvamms, Skarfstaða og Skerðingsstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 45.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson



1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 46.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Leysingjastöðum í Hvammssveit.

Svínadalsá skiptir landi að vestanverðu milli jarðanna Leysingjastaða og Sælingsdalstungu, en Hafragil að norðan, er kemur úr Sandfellstjörn, og úr tjörninni í Sandfell, þar sem vötn skiptast suður og vestur. Þaðan liggja landamerki jarðanna Ásgarðs og Leysingjasstaða beina sjónhending í lækjarupptök norðan til við Miðfell, og rennur sá lækur niður eptir Fáluflóa til Ballargils, svo frá Ballargili beina sjónhendingu í börðin ofan til við heimri Ballargildbotn, og eptir þeim og beint til Löngulágar, og eptir því sem hún ræður til Stapalækjar og eptir Stapalæk niður til Asnalækjar og svo ræður Asnalækur til Laxár, og Laxá svo til Leysingjastaðaár, sem ræður fram til Svínadals.

Leysingjastöðum 24. maí 1884.

Halldór Pjetursson eigari að Leysingastöðum

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi Sælingsdalstungu

Jóhann Arngrímsson sem eigari að hálfum Ásgarði þessum landamerkjum samþykkur.

Ásgeir Jónsson eigari að 8^{da} hluta Ásgarðs.

Jón Jónsson ábúandi á Ásgarði

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 46.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 47.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Magnússkógum í Hvammssveit

Byrjar þannig að vestanverðu frá sjó úr þufu, er stendur á grund sjónhending upp yfir flóa í læk á Skildi þar sem hann dreifist út og er kallaður Merkjalækur svo ræður tjeður lækur upp fyrir vestan Magnússkóga svo úr drögum hans austur undan svo kölluðum Daðahól og eptir uppsettum steinum sjónhending fram á Seltóptir við Ballargil; þaðan sjónhending í hæstu Hallborgir og úr tjeðum borgum sjónhending í svo kallaðan Grenshól og úr þeim hól sjónhending fram að Rauðsgili, svo ræður nefnt gil til Glerár; síðan ræður Glerá til sjóar. Hjer með er þess getið, að það er eign jarðarinnar Magnússkóga svo nefnd Slitur með ummerkjum þannig frá fyrnefndum merkjalæk eptir Leynigötu skammt fyrir neðan þjóðveg inn á ás og eptir honum niður til enda hans, og úr þeim ásenda sjónhendingu suður á Skjöld í Jörðum við Merkjalæk .

Magnússkógum 19. maí 1884.

Guðmundur Guðmundsson ábúandi

Jóhann Arngrímsson eigandi að hálfum Ásgarði

Ásgeir Jónsson eigandi að 6^{hndr} 25 ál. í Ásgarði

Jón Jónsson ábúandi á Ásgarði

Halldór Pjetursson eigandi að 8^{da} parti Ásgarðs.

Magnús Jónsson ábúandi á Glerárskógum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 47

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.
bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Hvammspinghá

26. maí

N^o 48

Landamerkjabréf

fyrir Glerárskógum í Hvammssveit

Milli Glerárskóga og Magnússkóga eru landamerki í á, sem heitir Glerá og ræður frá fjöru til fjalls; fyrir framan Magnússkogaland kemur Ásgarðsland; ræður þessi sama á allt til hennar upptaka á fjalli uppi

Milli Glerárskóga og Ljárskóga eru landamerkin í á, sem heitir Fáskrúð, sem og svo ræður frá fjöru til fjalls, og þar sem hún endar tekur við svo kölluð Kaldakvísl og eptir því, sem hún ræður til hennar upptöku og á fjalli uppi eptir því sem vötnum hallar.

Glerárskógum 1884

Sameigari Hvammskirkju Magnús Jónsson

Umráðamaður Hvammskirkju J. Guttormsson

Ofanskrifuð landamerki samþykkir umráðamaður Ljárskóga Guðmundur Guðmundsson

Jóhann Arngrímsson eigandi að hálfum Ásgarði

Guðmundur Guðmundsson ábúandi á Magnússkógum

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hvammi þ. 26. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 48.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfallspinghá

30. maí

N^o 49.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Breiðabólstað á Fellsströnd innan Dalasýslu

Landamerkin að austan milli Breiðabólstaðar og Hafurstaða eru þessi: í Votahvammi er varða við ána, þaðan sjónhending í vörðu á Urðarstapa með X og uppí Merkistapavörðu X; þaðan í Steinalágarhöfuð; þar standa 2 storir steinar með löngu millibili, þaðan í Hestastapavörðu, sem er góðan kipp austur frá Breiðabólstaðargili þar sem það fellur ofan í dalinn, og úr Hestastapavörðu beint í Stóruborg, sem er með stórum X sunnan til í berginu og þaðan í Vatnamúla, og þaðan yfir á Lægðarbrún sem vötnum hallar. Þá tekur við Staðarfellsland. Vatnahalli ræður merkjum vestur eptir fjallinu til Helludals; þaðan eptir hæstu hryggjum suður í Kattarborg, þaðan út fjallið í vörðu á brúninni; þá tekur við Valþúfuland; úr vörðunni á brúninni í stóran klett, sem er ofan til á Hesti mk X, þaðan beint ofan í Balaklett mk. X V, þaðan í Merkiklett mk. X, þaðan sjónhending í Helguholt (sem gömul tópt stendur á; þar er X á steini) og ofan í stóra þúfu, sem er í lækjarós, sem fellur ofan í gilið; gilið ræður úr því ofan í á; áin ræður úr því inn að Votahvammi.

Þessu framanskriðuðum erum við undirskrifaðir samþykkir

Breiðabólstað 21. maí 1884

Þórður Jónsson ábúandi fyrir hönd eigara biskups P. Pjeturssonar.

Ingibjörg E. Magnussen eigandi Valþúfu

Jónas Magnússon fyrir eiganda Köldukinnar

H. Oddsson eigandi að Hellu

Samþykkur eigandi að Staðarfelli H. Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30.d. maím. 1884 og inn fært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 49.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfellspinghá

30. maí

N^o 50.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Valþúfu í Fellsstrandarhreppi

Frá Merkjälækjarósi ræður Skoravíkurá merkjum innað Breiðabolstaðargilsós, svo ræður nefnt gil að merkiþúfu við lækjarós niður undan svo kölluðu Helguholti, þaðan upp í merkjaklett fyrir ofan brekkur með í hoggnum krossi, þaðan sjónhending í Balaklett með í högnu V, þaðan í klett á svo kölluðum Hesti með hoggnum krossi, þaðan sjónhending í vörðu á hæstu brún, þaðan í útsuður sem vötnum hallar í Völupúfu, þaðan í útsuður eptir Völuhrygg í svokallaðan Völuklett með í hoggnum krossi; þaðan í suður í Vörðuholt austan til við Tjarnaflóa með krossi og þaðan sjónhending í vörðu á háu Klettholti beint niður með í hoggnum krossi, og þaðan í vörðu á kletti við upptök fyrnefnds marklækjar með krossi og svo eins og marklækur ræður í Skoravíkurá

Þessi hjer rituð landamerki hafa verið brúkuð alla þá tíð, er elztu menn muna og skulu því eins hjer eptir gild og órjúfanleg öllum öldum og óbornum.

Þetta vitum við undirskrifaðir og samþykkjum.

Staddir á Valþúfu 7. maí 1884

Loptur Jónsson fyrir hönd eiganda Valþúfu

Þórður Jónsson fyrir hönd landeiganda að austanverðu

Hákon Oddsson landeigandi að vestanverðu

Jón Bjarnason umboðsmaður Skoravíkur

Jónas Magnússon fyrir hönd eigara að Köldukinn

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 50.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.
bókun 25a.

borg. ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfellspinghá

30. maí

N^o 51.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Köldukinn á Fellsströnd innan Dalasýslu.

Að utan og vestan er sortupyttur niður við ána í svokölluðum Sátuhvammi, sem liggur á mótis við Langamel, sem er fyrir utan og neðan Þúfu; úr sortupytti er bein lína í vörðu með X, sem er út undan Hrútaborg úr Hrútaborg nyrðri er bein sjónhending í vörðu á Urðarhól, sem er fyrir vestan Hadegisskarð; þar er hádegi frá Köldukinn; þaðan sjónhending í vörðu, sem er fyrir austan Vatnsborg; þaðan sjónhending í vörðu, sem hlaðin er á bungunni fyrir vestan Hagagarðsskarð, úr Hagagarðsskarði bein sjónhending norður í vörðu, sem er í beinni línu í austari Hallhnúk, sem er hlaðin varða á og klappaður kross, þaðan sjónhending í gráan stein, sem er fyrir austan Votahvamm; þaðan beint ofan í á; svo ræður áin úr því ofan að sortupytti.

Þessum framskrifuðum landamerkjum erum við samþykkir

Köldukinn 21. maí 1884.

Jónas Magnússon ábúandi

Þórður Þórðarson ábúandi Skoravíkur

Maris Einarsson fyrir hönd eigara Ketilstaða.

Samþykkur Jón Bjarnason umboðsmaður Skoravíkur

Loptur Jónsson fyrir eiganda Valþúfu

Þórður Jónsson fyrir eiganda Breiðabólstaðar.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 51

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfullspinghá

30. maí

N^o 52.

Landamerkjaskrá

fyrir Skoravíkurlandi í Fellsstrandarhreppi

Að utan og vestanverðu ræður Skoavíkurá fram að sortupytti þeim, er liggur um mel þann innanverðan sem liggur móts við Langamel fyrir utan og neðan Þúfu. Úr sortupytti ræður bein lína í vörðu á Krossklöpp; vestur undan Hrutaborg nyrðri er bein sjónhending í vörðu á Urðarhól, er jeg svo kalla, fyrir vestan Hádegisskarð (þar er hádegi frá Köldukinn; á hól þessum er mjög gömul varða, og þaðan er bein sjónhending norður fyrir austan Vatnsborg; þaðan sjónhending í vörðu, sem hlaðin er á bungunni fyrir vestan Hagagarðsskarð. Þaðan ræður Hagagarður fram á klett innanhalt við miðja Hagagarðsvík. Jörðin á allan reka frá klettinum við Hagagarðsvík og að Skoravíkurlandi, öll sker og lagnir og fram á fjörðinn eptir landslögum.

Skoravík 21. maí 1884.

Jón Bjarnason umboðsmaður Þórður Þórðarsson ábúandi

Þessum landamerkjum eru vjer samþykkir:

Jónas Magnússon ábúandi á Köldukinn vegna fjærverandi eiganda

M. Einarsson eigandi að Ketilsstöðum

Ingibjörg Magnússon eigandi Valþúfu

H. Oddsson eigandi Hellu.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfulli ^{b. 30. d. maím. 1884} og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 52.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borg.

Halldór Daníelsson



1884

Staðarfallspinghá

30. maí

N^o 53.

Landamerkjaskrá

fyrir Skógum í Fellsstrandarhreppi

Milli Skóga og Staðarfells. Fyrir vestan Skógahólma gengur fram nes, en vík skerst upp fyrir vestan nesið; fyrir vikurbotninum er hlaðin varða, sem að skilur löndin; þaðan sjónhending í krossstein, sem er skammt fyrir ofan í flóanum, þaðan sjónhending í kletthjallann, sem er austantil við lækjarskarðið, þaðan í Grjóthól, þar sem varða er á hlaðin og kross höggvinn í bergið, þaðan sjónhending í moshólavörðuna gömlu, sem er efst á mos hólhæðinni, og er kross höggvinn í bergið. Á milli Túngarðs og Skóga sjónhending út moshólavörðunni gömlu í há Gölt og þaðan eptir sem vötnum hallar til upptaka Helluár, og ræður hún til sjóar; milli Hellu og Skóga, sjór ræður mót suðri; hólmi liggur fast fyrir framan, sem kallaður er Skógahólmi; selveiði við öll sker, sem framundan liggja til heyrir Staðarfelli.

Staðarfelli 30. maí 1884.

Fyrir hönd Önnu Thorarensen og Herdísar Thorarensen sem eru eigendur að hálfum Skógum
Jónas Jónsson

Fyrir hönd prestsekkju Steinunnar Melsted, sem er eigandi að halfum Skógum
Eiríkur Jónsson

Fyrir hönd Staðarfells samþykkir H. Jónsson,
Hákon Oddsson samþykkir eigandi að Hellu
Jón Gíslason ábúandi á Túngarði samþykkir

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. maím. 1884 og innfært í
landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 53

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.
bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfellspinghá

30. maí

N^o 54.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Hellu í Fellsstrandarhreppi

Frá Skoravíkurarósi við sjó ræður nefnd á að Marklækjarósi; svo ræður Marklækur; þar sem hann endar er varða á kletti með hoggnum X; þaðan sjónhending í vörðu á haum kletti með X; þaðan sjónhending í vörðuholt með X austanvert við Tjarnaflóa; þaðan sjónhending í svokallaðan Völuklett með X; þaðan eptir Voluhrygg í Völupúfu; þaðan eptir því sem vötnum hallar eptir því hrygg þeim, er liggur til austnorðurs, allt á móts við austari enda Helluvatns; úr Helluvatni ræður Helluá allt að sjó að vestanverðu. Fyrir framan Helluland á Staðarfell alla selveiði inn að Skoravíkurá.

Staddur á Valspúfu 7. maí 1884.

Þetta samþykkjum við undirskrifaðir

Hákon Oddson landeigandi að Hellu

Loptur Jónsson fyrir hönd landeiganda að austanverðu

Jón Bjarnason umboðsmaður Skoravíkur

Jónas Jónsson, Eiríkur Jónsson samþykkja fyrir eigendur Skóga

Sem eigari að Staðarfelli H. Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. maímán. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 54.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfallspinghá

30. maí

N^o 55.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Svinaskógi á Fellsströnd

Milli Svínaskógs og Orrahóls mót vestri eru merki, þar sem lengst skerst krikinn upp í flóann fyrir vestan Svínaskógsnes í norðurbakka árinna vestan til við lækinn, sem rennur í ána; þaðan sjónhending upp í vörðuna þá í fjallinu, sem er austan til við Orrahólsgil; þaðan þangað sem votnum hallar til norðurs. Þaðan austur í Svínaskógsgil; það ræður mót austri, en Flekkudalsá mót suðri vestur í nefndan árkrika.

Framan- og ofanrituðum landamerkjum er jeg að öllu leyti samþykkur fyrir hönd háyfirdómara Jóns Pjeturssonar í Reykjavík, sem á meiri hluta nefndrar jarðar.

Staðarfalli 6. marz 1884

H. Jónsson.

Hinsvegar ritaðri merkjaskrá er jeg, eigari Orrahóls samþykkur

Staddur að Staðarfalli 6. marz 1884.

Th. Thorarensen

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfalli þ. 30.d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 55.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfallspinghá

30. maí

N^o 56.

Landamerkjaskrá

fyrir Orrahóli í Fellstrandarhreppi

Að austanverðu á móts við Svínaskóg eru landamerki í árkrikann, þar sem lengst skerst upp í fyrir vestan Svínaskógsnes í moldbakkann fyrir vestan vestari lækinn, sem kemur í ána, þaðan í auðþekkilega þúfu í flóanum og sjónhending upp í vörðu, sem stendur upp í fjallsöxlinni fyrir austan Orrahólsgil; þaðan sjónhending uppá háfjall þangað sem vötnum hallar og út fjallið eptir hæstum hryggnum út í Barkastaðagil, og eptir sem gilið ræður í skriðufótinn; þaðan í krossstein, sem hlaðin er varða á og stendur á holti austan til við landbrot niður undan gilinu; þaðan sjónhending í litla vörðu, sem er hlaðin á þúfu neðan til í flóanum, þaðan sjónhending í krossstein, sem stendur neðan til á holti nálægt ánni austan til við landbrot, sem fellur í ána; á áðurnefndum steini er hlaðin varða til auðkennis; mót suðri ræður Flekkudalsá fram á móts við áðurgreindan moldbakka.

Staðarfelli 26. maí 1884.

Í umboði þorarins Thorarensen eigara að Orrahóli og fyrir hönd eigarans að Svínaskógi og sem eigandi að Staðarfelli er jeg samþykkur

H. Jónsson.

Fyrir hönd eigarans að Stórutungu er jeg samþykkur

Björn Ólafsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30.d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 56.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.
bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfellspinghá

30. maí

N^o 57.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Stóru Tungu í Fellsstrandarhreppi

Milli Stórutungu og Litlutungu ræður Landamerkjalækur upp að Krosssteinsvörðu og þaðan sjónhending upp að merkjaklett með X og þaðan upp að Litluvörðu við lækinn og svo eptir læknum upp í Blesadý, það sjónhending í Grastein með X, sem er sunnan til við Lambhústún í Litlutungu og frá Grasteini sjónhending í Hadegisgil heiman til við Beinahjalla, og svo eptir gilinu ofan í Tunguá, en það er óskipt beitiland fyrir þær skepnur, sem Litlutungu bondinn sjálfur á. Svo ræður Tunguá fram í Þverfjallssporð, þaðan ræður Suðurdalsá til hennar upptaka í Miðfjallshrygg til útsuðurs á fjalli eptir því sem vötnum hallar út í Barkastaðagil og ofan gilið í skriðufótinn; þaðan sjónhending í Krossstein, sem hlaðin er varða á og stendur á holti austan til við landbrot niður undan gilinu, þaðan sjónhending í litla vörðu, sem hlaðin er á þúfu neðan til í flóanum; þaðan sjónhending í X stein, sem stendur neðan til á holti nálægt ánni austan til við landbrot, sem fellur í ána. Á áðurnefndum steini er hlaðin varða til auðkennis; svo ræður Flekkudalsá til Landamerkjalækjar innan til við Tungusporð.

Ennfremur merkjagrein fyrir Stórutungueyjum; Langey og holmi við hana, sem fjarar í; sker fyrir austan eyna og annað fyrir vestan; þessi ey er fyrir norðan Litlutungueyjarnar, en fyrir sunnar þær eru Ólafsey og hólmi þar fram undan, svo Bjarnarey og Hróthólmi vestan til við hana.

Þetta samþykkjum við undirsskrifaðir

Stórutungu 28. majus 1884.

Björn Olafsson fyrir hönd landeigenda og eigendur að Emburhöfði.

Fyrir hönd Þ. Thorarensen, sem eigari að Orrahóli, og sem eigandi Stóragaltardals og Staðarfells samþykkir H. Jónsson.

Hákon Oddsson eigari Litlutungu samþykkur

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli, þ. 30.d. maím. 1884 og innfærð í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 57.

Vottar

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfellspinghá

30. maí

N^o 58.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Litlutúngu í Fellsstrandarhreppi.

Landamerkjælækur að austanverðu við túngusporðinn rennur í Flekkudalsá, og fyrnefndur læknur ræður skýlaust upp að krosssteins vörðu sem er höggvinn X í stein í vörðunni og sjónhending í vörðu á merkjakletti með X og sjónhending í litla vörðu við lækinn og svo eptir læknum upp í svo kallað Blesadý og sjónhending úr því í gráan stein sunnanverðu við lambhústúnið með X og sjónhending í Beinahjalla, úr honum í svo kallað Hádegisgil við Beinahjalla og eptir gílinu ofan í Tunguá og eptir ánni að Flekkudalsá en er óskipt beutiland fyrir þær skepnur sem Litlutungu bóndinn sjálfur á.

Þetta samþykkt við undirskrifaðir

Kjallakstöðum 29. maí 1884.

Hákon Oddsson landeigandi Litlutungu og Kjallaksstaða

Ögmundur Ögmundsson fyrir Ytrafell.

Björn Ólafsson fyrir hönd landeiganda að austanverðu.

Jón Thorarensen fyrir Litlagaltardal.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30.d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 58.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað.

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfallspinghá

30. maí

Nº 59

Landamerkjaskrá

fyrir svokölluðum Litlutungueyjum í Fellstrandarhreppi

Eru nöfnin á þeim eyjum Bjargey með holma, sem er fastur við eyna, og fellur ekki í sundur nema um stórstrauma og sker út af eyinni; svo hin eyjan, svokölluð Toptarey og sker vestur undan eyinni og norður undan Toptarey er hólmi, sem heitir Abætir.

Er mitt undirskrifaða nafn

Kjallaksstöðum 29. majus 1884

Hákon Oddsson landeigandi að Litlutungueyjum

Björn Ólafsson fyrir hönd eiganda Imburhöfða og Stórutungueyja

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. mán. og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 59

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfellspinghá

30. maí

N^o 60

Landamerkjaskrá

fyrir Stora-Galtardal í Fellsstrandarhreppi

Landamerki milli Storagaltardals og Stórutungu eru frá upptökum þeirrar ár, sem nemur úr þeim syðra dal hjá Þverfjallshæðum, og ræður svo áin landamerkjum eptir dalnum allt að gili því, sem rennur úr Örskotsteigadal, hvert gil er nyrðri er nyrðri síða landsins landamerki upp til fjalla og svo eptir sem vötnum hallar Norðurdalur og allt í kring eptir sem vötnum hallar, í hin áðurgreindu Suðurdalsár upptök.

Staðarfelli 30. maí 1884.

H. Jónsson eigandi að Stóragaltardal

Í. Magnúsen fyrir Stórutungu

Loptur Jónsson fyrir hönd Litlagaltardalseiganda.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 60.

Vottar,

Halldór Daníelsson.

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25a.

ein króna

borg.

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfallspinghá

30. maí

N^o 61.

Landamerkjaskrá

Fyrir Arnarbæli liggjandi í Fellsstrandarhreppi

Fyrir vesturhlið landsins ræður kelda fyrir austan Vörðuásinn eða Arnarholt og þaðan beina sjónhending ofan í Marklæk og í Skáleyjarhaus. Að norðanverðu ræður sjónhending úr útsuðurhorni Ormstaðavatns í Saurpoll; þaðan bein lín eða sjónhending ofan með H[r]aunfjöllum og yfir þvera mýri milli Steinholts og Arnarholts ofan að fyrnefndum Vörðuás. Fyrir austan hlið landsins ræður frá sjó Marklækur, þegar hann þrýtur, ráða sýki þau, sem stefna í og fram með Vatnsholti; þar er hlaðin varða á austurrönd holtsins; úr henni ræður sjónhending í vörðu, sem hlaðin er á útskurðurhorn holts þess, sem liggur næst að landnorðanverðu að Arnarbælisvatni; þaðan er aptur sjónhending í áðurgreint útsuðurhorn Ormstaðavatns.

Á sjó eru takmörk landsins: Eyrarnestá, Akurey með tilheyrandi þremur flögum, Þrándarey með fjórum flögum; svo ræður Snorraboði, sem er í útsuður frá Þrándarey; svo úr Snorraboða í austasta horn á Flegiseyjarflögu; svo frá austasta horni í Flegiseyjarflögu í Lundaklett, sem er innarlega í röstinni; þaðan er Barkanautur í útnorður með tilheyrandi flögum og skerjum og hólma norðanhalt í röstinni, sem heitir Kerling, svo úr útnorðurhorninu á Barkanaut í vestasta hornið á Hróthólma með tilheyrandi skerjum; frá vesturenda Hróthólma í vestasta horn á Ögufælu; þaðan sjónhending í vestasta horn á Straumshólma, þaðan í nyrzta tanga á Sturlaflögu; þaðan sjónhending í Hástigusker eða Hástighólma. Innan þessara takmarka og um þessi takmörk á Arnarbæli allar eyjar, hólma og öll sker og grynningar og rekarjett eptir landslögum.

Arnarbæli 26. d. maím. 1884

B. Smith

Þessum framanskriðuðum landamerkjum erum vjer undirskrifaðir samþykkir

Hákon Oddsson vegna eiganda Vígholsstaða

Magnús Einarsson ^{ábúandi} í Dagverðarnesi fyrir hönd fjærverandi eiganda

Jón Magnússon ábúandi í Dagverðarnesi fyrir hönd fjærverandi eiganda

Jón Jónsson eigandi að Purkey

Sem eigandi að Staðarfelli fyrir moteign Deildar og Líney H. Jónsson

Fyrir hönd eigendanna að Emburhöfða Björn Ólafsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfelli þ. 30. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjaskrá sýslunnar undir tölulið 61.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarfallspinghá

30. maí

Nº 62.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Imburhöfða í Fellsstrandarhreppi

Fyrir norðan Litlu-Nautey er Baulusker frá því til útsuðurs fyrir vestan Mikuhólma í Rjettarhamarsskjer, þaðan í hólma fyrir vestan Dýanes, frá honum til austurs í sker, sem er fyrir sunnan Suðurlöndin, frá því fyrir austan Suðurlönd til norðurs fyrir austan Stóru-Nautey í strauminn og eptir honum fyrir norðan fyrnefnda ey til vesturs í Baulusker

Þetta samþykkjum við undirskrifaðir.

Stóru-Tungu 28. majus 1884.

Fyrir hönd mína og sameignamenn mína Björn Ólafsson

Hákon Oddsson eigari Litlutungueyja

Samþykkur fyrir eigara að Arnarbæli B. Smith

Samþykkur fyrir eigara að Stórutungu Björn Ólafsson

Samþykkur móteigari H. Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarfalli þ. 30. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 62

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borguð

Halldór Daníelsson



N^o 63.

Landamerkjaskrá

Fyrir Purkeyjarlöndum í Skarðsstrandarhreppi

Austastur er Helganautur með tilheyrandi skerjum; þaðan eru takmörkin: Litla-Geitarey með tilheyrandi skerjum, þaðan á Grænhólma, þaðan í Flatta til útsuðurs, þá er Skeliseyjarhnaus með tilheyrandi skerjum, þá Svartbakasker, þá Rastarsker, þá Setningaklettur með tilheyrandi skerjum, þá Gustsey, svo Uglur ytri og innri, Ábætir með tilheyrandi skerjum, þá suður og vestur Stakkur að utanverðu, þá sjónhending úr Vesturstakk í Árkostarey, þaðan í Árbætir, þá eru Þrætusker, svo Stráksflaga með tilheyrandi skerjum, Arnarey með tilheyrandi skerjum, þá ræður Skálastraumur suður að Ívarshólum og Ívarsholmaflögu, er liggur undir Purkey, þaðan bein sjónhending í Helganaut. Innan þessara takmarka og um þessi takmörk á Purkey allar eyjar og hólma, öll sker og grynningar, nefnt og ónefnt og rekarjett eptir landslögum að undantekinni Þorvaldsey, sem fylgir Fremri-Langey.

Purkey 27. dag maímánaðar 1884,

Jón Jónsson

Vegna Fremri-Langeyjar. E. Th. Gislason

Sk. Th. Sivertsen eigandi Hrappseyjar og Arneyjar

Magnús Einarsson ábúandi Dagverðarness

B. Smith umraðamaður Arnarbæli.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 28. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 63.

Votar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 64.

Landamerkjaskrá

fyrir Dagverðarnesseli í Skarðsstrandarheppi

Að austanverðu ræður efri lækurinn, sem rennur úr Stuttugötuflóa út í Kvennhólsvog; hjá honum er hoggvinn kross og hlaðin varða; svo er varða hlaðin úr hnaus í miðjum flóanum með viðarkoli í; svo er grjótvarða vestanvert á Stilluholti og þaðan sjónhending í Ormstaðavatnsós; svo ræður Ormstaðavatn. Að sunnanverðu ræður sjónhending úr útsuðurhorni Ormstaðavatns í Saurpoll; þaðan bein lína ofan með Hraunfjöllum og yfir þvera mýri milli Steinsholts og Vörðuás ofan að fyrnefndum Vörðuás. Að vestanverðu ræður bein lína úr Vörðuás í miðja Krossása; þaðan í lónið milli Stóruborgar og Litluborgar. Lónið ræður þaðan í Kvennhólsvog með Saltnesi og Saltneshólmum. Að norðanverðu ræður Kvennahólsvogur að fyrnefndum lækjarósi.

Dagverðarnesseli 27. d. maímán. 1884

Jón Magnússon ábúandi fyrir hönd fjærverandi eiganda

Þessum framanskriðuðum landamerkjum erum vjer undirskrifaðir samþykkir.

Magnús Einarsson ábúandi í Dagverðarnesi fyrir hönd fjærverandi eiganda

Jón Jónsson eigandi að meiri hluta Ormsstaða

Bogi Smith umráðamaður Arnarbælis

Helga Guðmundsdóttir ábúandi á Ormsstöðum vegna fjærverandi eiganda

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará, þ. 28. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 64.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a
bókun 25a.
ein króna

borguð

Halldór Daníelsson

1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 65.

Landamerkjaskrá

fyrir Dagverðarnesi í Skarðsstrandarhreppi

Fyrst ræður fyrir austurhlið landsins kelda, sem er sunnantil við vörðuásinn eða Arnarholt, en vestan til við Steinsholt, og sjónhending ofan í yzta skógarholtið í Bjarnastaðaskógi, og þaðan beint ofan í Marklæk og þaðan sjónhending í Skáleyjarhaus og eins og Skáley ræður til Skollatanga með Skollhólma og þaðan ræður Skalastraumur, sunnan til við Vörðuhólma og sunnan til við Líkhólma og sunnan til við Litlu Purkey út í Stráksstraum, sem er milli Stráksflögu og Lyngeyjarflögu og þaðan beint út í Höfn, og frá Höfn fyrir framan háa melstöng, sem tvær stangir eru upp undan og í Snóksey og eins og hún ræður, og úr henni beint fyrir framan Tjaldaflögu og Húshólma í Vesturnesjaflögu og þaðan í Akurey með Akureyjarskerjum og í Hnúkstangahólma til Flathólma og fyrir austan hann fyrir vestan Saltnes ræður lónið að Stórarífi og ofan lónið að sundinu milli Stóruborgar og Litluborgar, og sjónhending úr því sundi í miðja Krossása og í fyrrnefndan Vörðurás eða Arnarholt.

Þessi landamerki veit jeg vissust fyrir Dagverðarnesslandareign, og er landamerkjaskrá þessi undirrituð af sameignarlandaeigendum og umboðsmönnum.

Dagverðarnesi 7. maí 1884

Magnús Einarsson ábúandi

B. Smith umráðamaður Arnarbælis

Jón Jónsson umráðamaður Purkeyjar og eigari

Jón Magnússon ábúandi í Dagverðarnesseli

Vegna Fremri-Langeyjar samþykkur. E. Th. Gíslason

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 28. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 65.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

N^o 66.

Landamerkjaskrá

fyrir landareign jarðarinnar Hnúks á Skarðsströnd

Fyrst að austanverðu landsins aðskilur lönd Hnúks og Kvennhóls gil sem heitir Hnúksgil og rennur nær Hnúki og ræður það frá sjó og upp í Klofningfjall svo lengi það sjest frá upptökum þess; svo úr gildrögunum ræður sjónhending úr fjallbrúninni upp á fjallið í vörðu, sem stendur á Hól og kallast Sjónarhóll, og þaðan sjónhending í hátt norður í vörðu, er nefnd er Digravarða, sem einkennd er með því að höggvinn er X í undirstöðustein í henni mót norðri; síðan frá nefndri vörðu ræður sjónhending út fjallið eptir því sem vötnum hallar og aðgreinir sú sjónhending Hnúksland og löndin að norðan- og vestanverðu Ballarár og og Mela út og ofan í yztu Klofningsfjallshyrnuna, svo úr Klofningshyrnni ræður sem bein sjónhending ofan fjallið og ofan í Klofningsrjett, og síðan úr rjettinum ræður sama sjónhending eptir helstu höllunum ofan í Langaeyjanesslandamerkjagarð, er að skilur lönd Hnúks og Langeyjaness; svo frá syðri garðsendanum ræður sjór og sjónhending suður voginn eptir dýpi fyrir framan tanga, er kallaður er Fjártangi suður í Flögustraum er liggur milli, er liggur milli tveggja hólma í vognum og Hnúkslandsins, og tilheyra þeir hólmar Langeyjanesi; síðan úr Flögustraumnum ræður sjór og dýpi fyrir framan Hnúksnes suðaustur og sunnanvert við Arnarsker, og svo austur Kvennhólsvoginn móts við, fyrstnefnt Hnúksgil – Þetta veit jeg eptir minni mínu og annara gamalla manna, er mjer skýrðu frá, – vera hin rjettustu landamerki fyrir Hnúks landareign, og hefur verið átölulaust brúkað til allra afnota um langa tíð af mjer og fyrir mönnum mínum innan ofar- og framanritaðra merkja, og því til staðfestu undirskrifa jeg landamerkjaskrá þessa og sameignarlandsmennirnir sem viðstaddir og samþykkir.

Hnúki þann 26. maímánuðar 1884.

G. Jónsson ábúandi og umboðsmaður.

Maris Einarsson Einar Benjamínsson samþykkir vegna Langeyjaness.

Þ. Bergsveinsson Steinþór Þórðarson

Sigríður Sigurðardóttir samþykk vegna Kvennhólslands (handsalað nafnið)

Magnús Einarsson vegna Dagverðarness.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará, þ. 28.d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 66.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 67.

Landamerkjaskrá

fyrir Langeyjarnesi á Skarðsströnd

Fyrst að ofanverðu eða fyrir norðurlandsendanum er gamall grjótgarður yfir um rífið, sem liggur út í sjó beggja vegna, svo frá suðurenda garðsins ræður sjór suður voginn suður í Flögustraum, sem kallaður er, sem er milli Hnúkslandsins og 2^{ja} hólma, sem eru í vognum og tilheyra Langeyjarnesi; svo úr flögustraumnum ræður sjór og dýpi fram voginn fyrir sunnan nefnda holma og ey; sem heitir Stekkjarey og svo í útsuður út nefndan vog eptir sem dýpst er fyrir sunnan fasta landið og svo úteptir fyrir sunnan 3 smá grashólma, er kallast Langeyjannessflögur út að Lambhagatá, sem nefnd er, sem er yzt af nesinu; svo liggja þaðan til norðurs merkin eptir Nauteyjarstraumnum og sjávardýpi inn með norðanverðu nesinu inn yfir Þröskulda, norður eptir miðjum Hjallanesstraum og norðan Hjallanes og sker fram af því, og svo ræður sjávardypt til austurs fyrir norðan svonefnt Sauðaspillissker inn ál, er liggur norðanvert við nefnt sker og Melaskerja, og ræður sá all upp voginn eptir dýpi upp að fyrnefndum garði ofanvert á rifinu, sem fyrst er frá skýrt.

Þetta eru ummerki Langeyjarness landareignar, það vottast hjermeð af undirskrifuðum, sem líka undirskrifast af hlutaðeigandi nábúum sem samþykkum.

Langeyjarnesi 8. maí 1884.

M. Einarsson, háflendueigari og ábúandi

E. Benjamínsson umráðamaður og ábúandi á háflendunni

Björn Þ. Brynjólfsson ábúandi á Efri-Langey

G. Jónsson ábúandi á Hnúki

Vegna Fremri-Langeyjar E. Th. Gíslason

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará, þ. 28.d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tolulið 67.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun: 25a.

ein króna



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

borgað Halldór Daníelsson



1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 68

Landareign

Fremri-Langeyjar og landamerki hennar

Fremri-Langey sjalf með öllum þeim eyjum, hólum og skerjum, er fjarar í, að undantekinni Arney landamerki milli Fremri-Langeyjar og Arneyjar er lægð sú í Brjótinn, er fyrst fellur sjór í, og sunðið þar suður úr, er að skildir Spjóthólma og Arney.

Landamerki milli Fremri-Langeyjar og Efri-Langeyjar eru Krossund.

Ennfremur fylgir Fremri-Langey: Þorvaldsey með skerjum, Örnólfsey, Hamarsey, Flatey, Ólafarflaga með skerjum (öðru nafni Langeyjarflaga), Valsey með skerjum, Kophólmi með skerjum, Hróthólmar, Æðarsker, Nörtur og Sultarhólmi

Milli áðurtaldr eyja og býlanna Purkeyjar, Dagverðarness og Langeyjarness eru sund, er ekki fjara.

Oddur Ormsson Guðrún Jóhannesdóttir Eigendur að Fremri-Langey.

Maris Einarsson vegna Langeyjarness

Sk. Th. Sivertsen eigari Arneyjar samþykkur.

Vegna Dagverðarness Magnús Einarsson

Samþykkur sem eigari Efri-Langeyjar Jón Jónsson

Samþykkur eigari að Purkey Jón Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 28. maí 1884 og innfært í landamerkjaskrá bók sýslunnar undir tölulið 68.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

borgað ein króna

Halldór Daníelsson



1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 69.

Landamerkjaskrá

Fyrir Hafnareyjum í Skarðsstrandarhreppi.

Milli Staðarhólseyja og Hafnareyja með kringum liggjandi skerjum eptir því sem djúp vísar til
Melum 17 apríl 1884

P. Bergsveinsson eigandi að 2^{hndr} 30 al, að fornu mati.

I. Magnúsen eigandi að ¼ hluta

Jón Magnússen eigandi að ¼ hluta.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 28.d. maím. 1884 og innfært í
landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 69

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson.

1884

Ballarárþinghá
28. maí

N^o 70.
Landamerkjaskrá
fyrir Staðarholseyjar í Skarðsstrandarhreppi

með kringumliggjandi flögum og skerjum eptir djúpi allt í kring um ofan greindar eyjar.

Melum 17. apríl 1884

P. Bergsveinsson ábúandi

Sem eigandi að Fólaldshólma Rauðseyjum og Rúgeyjum I. Magnúsen

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará, þ. 28. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 70.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 71.

Skrá

yfir landamerki Heinabergs á Skarðsströnd

Að utanverðu ræður Nýpurá landamerkjum frá upptökum hennar og allt til sjóar og eptir hinum gamla farveg árinna fyrir utan eyrina, sem er framundan árgljúfrunum og fyrir utan alla Heinabergshólma beina sjónhending á sjó fram. Að innanverðu ræður Stóraurð merkjum og niður úr henni þekktanlega kelda, og hennar farvegur allt til sjóar í næstu vík utanhallt við Langanes og þaðan eptir Langanesvog á sjó fram. Þaðan til áðurgreindra landamerkja að utanverðu á Heinaberg rjettindi til sjóar gagnvart öðrum jörðum eptir því sem lög ákveða. Á fjalllendum ræður Sandfellsgafl landamerkjum beint ofan á brún upp undan Stóruurð.

Heinabergi 8. dag janúar 1884.

Guðlaugur Daðason ábúandi og eigandi

Sem eigandi og ábúandi Akureyja er jeg samþykkur P.F. Eggerz

Sem ábúandi Ytri-Fagradals og eigandi nokkurs hluta nefndrar jarðar. Sturlaugur Tómasson

Sem umboðsmaður prestakallsjarðarinnar Nýpur Jón Bjarnason

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 28. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 71

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun: 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson



1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 72

Skrá

yfir ummerkja Akureyja á Gilsfirði

Hrappsey og Vaktarey eru syðstar af Akureyjum og liggja undir þær fremri og efri Vaktareyjarsker. Að utan- og vestanverðu við eyjarnar eru Tindsker, Veiðileysur, Lyngeyjarsker og Matarsker, sem undir þær liggja, og útnorður af eyjunum eru ytri og innri Flikrusker, er fylgja á þeim, en Arnareyjar, Björgolfsey, Helgey og Hrappsey eru innstar af Akureyjarlöndum. Enn fremur fylgja og Akureyjum nokkur flæðisker, sem eru umhverfis og í grennd við þær. Þær hafa og rjettindi til sjóar eptir því sem lög ákveða gagnvart öllum kringum liggjandi jörðum.

Akureyjum hinn 3. dag janúarm 1884.

P.F. Eggerz eigandi og ábúnadi Akureyja

Sem eigandi og ábúandi Heinabergs Guðlaugur Daðason

Sem ábúandi Ytri Fagradals og eigandi nokkurs hluta sömu jarðar og sem eigandi jarðarinnar Tinda Sturlaugur Tomasson

Sem eigandi nokkurs hluta Reykhóla og ábúandi tjeðrar jarðar Bjarni Þórðarson

Sem eigandi Skarðs I. Magnúsen

Samþykk: Sigprúður Rögnvaldsdóttir

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu og Ballará þ. 28. maí 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 72.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson



1884

Ballarárþinghá

28. maí

N^o 73

Skrá

yfir landamerki Ytri-Fagradals á Skarðsströnd

Á fjallinu eru landamerkin að innanverðu úr hæstum Hafratindi beint ofan eptir Hólkotsmúla ofan í svo nefndan Töflugeira og eptir honum beint ofan í Fagradalsá. Þaðan ræður áin landamerkjum til fjöru og þaðan þverbeint á sjó fram. Að ofanverðu eru merkin úr hæstum Hafratindi og eptir hæsta hryggnum daldraganna allt að Sandfelli á Fagradalsfjalli og úr Sandfellsgefli eru landamerkin beint ofan á brún uppundan Stóruurð og úr urðinni ræður þekktanleg kelda og hennar farvegur landamerkjum allt til sjóar í næstu vík utanhallt við Langanesvog á sjó fram, og þaðan að Fagradalsarósi á Ytri Fagradalur rjettindi til sjóar eptir sem lög ákveða.

Ytri-Fagradal 10. apríl 1884

Ábúandi Ytri-Fagradals og eigandi nokkurs hluta sömu jarðar Sturlaugur Tomasson

Sem ábúandi og eigandi Akurey P.F. Eggerz

Sem ábúandi Innri-Fagradal og eigandi nokkurs hluta sömu jarðar Sigprúður Vídalín

Sem ábúandi og eigandi Heinabergs Guðlaugur Daðason

Sem ábúandi Fagradalstungu Þorsteinn Sigurðsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 28. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 73.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson

1884

Staðarhólsþinghá

27. maí

N^o 74.

Lýsing á landamerkjum
fyrir jörðinni Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi

Milli Fremri- og Neðri-Brekku ræður skurður sá landamerkjum, sem liggur ofan að Hvoltsá og upp í laut þá sem er skammt fyrir neðan túnið á Fremri-Brekku; liggja hnausar Neðri-Brekku megin við lautina beina sjónhending upp yfir flóann upp undir fjallið, og ráða þeir landamerkjum þaðan sjónhending upp á há fjall allt þangað til vötnum hallar; síðan í norðvestur eptir Hvoltsfjalli út á móts við Háfsteinshjalla neðanverðan síðan ofan eptir fjallinu beina sjónhending ofan í garð þann, sem liggur ur hlíðinni, og ofan eptir Hv holti því framanverðu, sem er beint upp undan gamla rjettarstæðinu; skilur sá garður Hvoltsland og Brekkuland; síðan ɛ ræður lækur sá, er liggur fyrir neðan flóann fram að Hvoltsá, ræður síðan áin fram að landamerkjaskurðinum, sem er milli Brekknanna

Hvítadal 20. maí 1884

Guðbrandur Sturlaugsson umráðamaður

Indriði Gíslason eigandi Hvolts.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 27. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 74.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

Bókun 25a.

ein króna

borgað

Halldór Daníelsson



1884

Staðarhólsþinghá

27. maí

N^o 75

Skrá

yfir landamerki Saurhóls í Saurbæ.

Að utanverðu milli Tjaldaness og Saurhóls – sjer fyrir landamerkjagarði frá Staðarhólsá uppundir Saurhólshyrnu, en að framanverðu milli Saurhóls og Bjarnastaðaparts ræður laut í Hörðueyri að Staðarhólsámerkjum, og eru þau sjónhending þangað uppí læk með jarðbrúm, en sá lækur er næst utan til við Kveingrjóthóla; uppundan læknum er svört þúfa á svokölluðu Dýjalagarbarði, og eru merkin sjónhending þaðan fram og upp á brún í stefnu að Draugavatni og þaðan upp á hæsta hrygginn fyrir ^{norðan} ~~vestan~~ vatnið, og eru merkin þaðan eptir því sem hæðir halda og vötnum hallar ofan á fjallsbrúnina uppundan fyrnefndum merkjagarði

Akureyjum 18. maímán. 1883

F. Eggerz

Sigþrúður Rögnvaldsdóttir ábúandi og eigandi nokkurs hluta Innri-Fagradals.

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur Magnús Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli 27. d. maím. 1884 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 75.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

borguð

Halldór Daníelsson.

1885

Hvammspinghá

20. maí

N^o 76

Landamerkjaskrá

fyrir eignarjörð minni Sælingsdal í Hvammssveitar hrepp eru þessi:

Á milli Sælingsdals og Lauga eru merkin á leyti framanvert við Koppsmýri, þar sem Koppshamrar skerast lengst ofan í hlíðina og úr Koppshömrum bein sjónhending ofan í Lambadalsá og úr sama örnefni Kopp beint á fjall upp að Hvammslandi, og á fjalli uppi eptir því sem vötnum hallar allt í kring um Lambadal.

Milli Sælingsdals og Gerði á Sælingsdalur land að svo kölluðu Stakkagili, sem rennur úr fjalli á milli Sælingsdals og Gerði og í Langholts lækjarós, sem er við Sælingsdalsá og úr þeim lækjarós beina sjónhendingu upp í Stakkagil og á fjalli uppi að Sælingsdalstungu landi og Hvammsdals eptir því sem vötnum hallar á Sælingsdalur land allt í kring um Sælingsdal

Glerárskógum 1885

Magnús Jónsson

Ofanskrifað samþykkir Jósef Jónsson í Hvammi

Þetta samþykkir Guðbrandur Sturlaugsson

Samþykkur eigari að Gerði og Laugum, Jens Jónsson.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Hvammi 20. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 76.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun: þinglestur 75a.

bókun 25a.

ein króna

Halldór Daníelsson.

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 77.

Landamerkjaskrá

fyrir Hróteyjum á Gilsfirði í Saurbæjarhreppi

Nyrzt eða innst á Gilsfirði er Bugsker, þar næst Hvannahólmi og Háhólmi og loks þrjár eyjar áfastar, Hrótey, Bæjarey og Suðurey. Hróteyjar eiga auk þessa sjóinn umhverfis þær að því er lög ákveða.

Innri-Fagradal 5 d. maímán. 1884

Sigþrúður Vídalín

ábúandi Hróteyjar og eigandi nokkurs hluta sömu eyja

Samþykkur sem eigandi Akureyja P.F. Eggerz.

Eigandi og umboðsmaður Reykhóla er jeg samþykkur framanskriafaðri landamerkjaskrá Hróteyja Bjarni Þórðarson

þessari landamerkjaskrá er jeg samþykkur sem eigandi og ábúandi Tjaldaness.

Magnús Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli b. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 77.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1. Kr.

:/ ein króna

Halldór Daníelsson



1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 78.

Landamerkjaskrá

fyrir Innri-Fagradal í Saurbæjarhreppi

Bæði hið efra eptir Deildardalnum og hið neðar á hlíðinni (Tjaldaneshlíð) ræður landamerkjum Deildargilið eða Deildin frá uppsprettum hennar Draugavatni til sjávar og þaðan þvert fram á Gilsfjörð. Úr Draugavatni eru landamerkin á Torffjalli sjónhending upp á og eptir melhrygg þeim hæstum, er liggur suður af Draugavatni, og úr honum eptir því sem vötnum hallar yfir daldragið á brúninni og í Keragil efst á brúninni. Úr Keragili eptir hábrúninni og allt ofan að Einstakakletti og úr honum þvert ofan í Seljadalsá, en hún ræður úr því í Fagradalsá, sem þá ræður allt til sjóar. Frá Fagradalsár ósi þvert fram á Gilsfjörð og að Deildarósi á Innri-Fagradalur sjóinn að því er lög ákveða, fram fyrir Fagurey og Fagureyjarhólma og Veiðileysur, er liggja undir Innri-Fagradal.

Innri-Fagradal 5. d. maímán. 1885

Sigprúður Vídalín

Ábúandi Innri-Fagradal og eigandi nokkurs hluta sömu jarðar

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er jeg samþykkur sem eigandi Akureyja P.F. Eggertz

Skrá þessari er jeg einnig samþykkur sem eigandi nokkurs hluta Ytri-Fagradals.

Sturlaugur Tómasson

Eptir sem jeg hef þekkt örnefni þau, sem framaneftnd landamerkjaskrá tilgreinir, er jeg henni samþykkur. E. Stephánsson

Skrá þessari eg jeg einnig samþykkur sem eigandi og ábúandi Tjaldanes Magnús Jonsson

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er jeg samþykkur sem ábúandi Fagradalstungu

Þorsteinn Sigurðsson

Sem umboðsmaður ¼ Staðarhólseignarinnar fyrir hönd yfirdómara Jóns Þjeturssonar

Eggert Jónsson

Sem umráðamaður ¼ Staðarhóls fyrir hönd dóttur minnar Sigprúðar, F. Eggertz.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 78.

Vottar

Halldór Daníelsson.

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson.

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 79.

Landamerkjaskrá
fyrir Fagradalstungu í Saurbæ.

Landamerki milli Innri-Fagradals og Tungu er Seljadalsá úr Grafartungusporði fram dalinn og þvert frá ánni beina sjónhending í Eintakaklett og það upp á brún; síðan norður brunina þangað sem hún er hæst á milli Skalagils og Keragils og sjónhending þaðan í norðurjarðar Skófnahrauns og þaðan uppá Hafratind. Eptir það verða landamerki milli Ytri-Fagradals og Tungu úr Hafratindi eptir Hólkotsmúla eptir því sem votnum hallar fram svonefndan Töflugeira í Múlakollinum, síðan sjónhending úr Töflugeira í Fagradalsá þar sem þverá fellur í hana. Síðan ræður Fagradalsá landamerkjum ofan í Tungusporð. Engin ítök á Tungu í öðrum jörðum, nje heldur aðrar jarðir í Tungulandi.

Fagradalstungu 21. maí 1884

Þorsteinn Sigurðsson bóndi í Fagradalstungu

Framanskriðuð landamerki milli Ytri-Fagradals og Fagradalstungu samþykkir jeg

Sturlaugur Tómasson.

Ofanskriðuðri landamerkjaskrá er jeg samþykkur sem ábúandi Innri-Fagradals og eigandi nokkurs hluta sömu jarðar

Sigþrúður Vídalín.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 79.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 80.

Skrá

yfir landamerki Tjaldaness í Saurbæ.

Milli landanna Tjaldaness og Stórhólts-ganga úr Gilsfirði Saurbæjarósar og aðgreina löndin að Staðarhólsodda, þá ræður Staðarhólsá landamerkjum að Efraheyvaðseyri; frá eyrinni er hagagarður Saurhólstinds og Tjaldaness beina sjónhending uppí Saurhólshyrna og þaðan í skarðið, sem er í brúnni uppaf Hólgöngum, síðan eptir hæsta melhryggnum suður að Draugavatni. Frá Draugavatni ræður landamerkjum Innri-Fagradals og Tjaldanes, gil, sem kölluð er Deild alla leið eptir Deilardal ofan á Hlíð allt til sjóar. Tjaldanesi fylgir Hnífssker, er liggur í miðjum Gilsfirði, ennfremur Salthólmar upp við land á víkinni og Orustuhólmi í Saurbæjarósum. Tjaldanesi fylgir ennfremur half sölvafjara til móts við Stóðrholt, en í fjöru beggja jarðanna eigi ítök nokkra kirkjur; þaðan á Hólakirkja í Hjaltadal 12 manna íför; Reykhólakirkja 6 manna íför, Staðarhólskirkja og mákse fleiri. Önnur ítök eru ekki í Tjaldanesland en nú voru talin og engin ítök í Tjaldanes í öðrum landeignum. Enginn veit til þess, að nokkurn tíma hafi verið ágreiningur um landamerki Tjaldanes.

Tjaldanesi 5. maí 1884

Magnús Jónsson

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er jeg samþykk sem eigandi nokkurs hluta Innri-Fagradals. Sigþrúður Vídalín.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá er jeg samþykkur hvað snertir Saurhóls land, samkvæmt þeim merkjum sem tilgreinda eru af mjer í landamerkjaskrá nefndar jarðar. F. Eggertz.

Vegna Reykhóla undirskrifar Bjarni Þórðarson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasáyslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 80.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 81.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Hvammsdalskoti

Að framanverðu ræður Merkjælækur frá Hvammsdalsá og uppá milli Gerðishjalla og Nautahjalla; þaðan beina sjónhending upp á hahraun og sjónhending eptir hahrauninu í syðra Hrútaborgarhornið, úr syðra Hrútaborgarhorninu í Snasagil og Snasagil ræður til Hvammsdalsár.

Hvammsdalskoti 21. maí 1885

Ragnheiður Ólafsdóttir Guðbrandur Sturlaugsson eigendur.

Jeg sem eigari (að ½ þverfelli) samþykkir framanskriðuð landamerki milli þverfells og Hvammsdalskots. Sturlaugur Tómasson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 81.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 82.

Lýsing á landamerkjum
fyrir jörðinni Hvítadal í Saubæjarhreppi

Á milli jarðanna Belgsdals og Hvítadals ræður landamerkjum garður sá, sem byggður er ofan á bakkann á Hvolsá; nær garðurinn uppí skriður síðan sjónhending úr garðinum í gjá eður glufu, sem er í fjallinu Illvita og uppá habrún, síðan sjónhending beina eptir háfjallinu og suður fyrir botninn á svokölluðu Heydal í Hvammsdalslandi; þaðan sjónhending í austur fyrir sunnan Búrfellslægðir allt austur yfir Búrfell, síðan beina sjónhending í norður eptir endilöngu Hádegisfjalli eptir því sem vötnum hallar allt norður í Valagjá; síðan ræður læknur sá landamerkjum milli Svínadals og Hvítadals, sem kallaður er Valafall; rennur hann ofan í Svíndalsá; ræður síðan áin allt þangað til saman koma Brekkuá og Svínadalsá; heitir áin síðan Hvolsá og ræður hún merkjum milli Hvítadals og Brekknanna. Þangað til lækjarfarvegur sá byrjar, er rennur ofan með neðanverðum Neðri Brekku flóa; breikkar lækurinn, þegar kemur að Hvolslandi og heitir hann þá Rauðasýki; er þetta hinn gamli farvegur árinna; ræður Rauðasýki landamerkjum milli Hvals og Hvítadals eyra alla leið ofan í Hvolsá.

Hvítadal 20. maí 1884

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi

Indriði Gíslason eigandi Hvals

T. Bjarnason ábúandi Belgsdals.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tolulið 82.

Vottar

Halldór Daníelsson.

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 83.

Lýsing á landamerkjum
fyrir jörðinni Fremri-Brekku í Saurbæjarhreppi

Milli Neðri- og Fremri-Brekku ræður skurður sá landamerkjum, sem liggur ofan að Hvoltsá og upp í laut þá, sem er skammt fyrir neðan túnið; liggja hnausar Neðri-Brekku megin við lautina beina sjónhending upp yfir flóann upp undir fjallið og ráða þeir landamerkjum; þaðan bein sjónhending uppá fjallið, þangað til vötnum hallar norður; síðan beint austur eptir fjallinu, austur fyrir svonefnda Mosa; þaðan í vestur eptir fjallinu að botninum á svokölluðum Villingadal; ræður síðan Villingadalsá merkjum ofan í Brekkuá; ræður síðan Brekkuá merkjum allt ofan að gamla farveg árinna; ræður þá merkjum gamli árfarvegurinn ofan í Svínadalsá. Á Fremri-Brekku hólma þann, er liggur á milli gamla og nýja árfarvegsins; hefur áin nú fyrir faum árum tekið sjer farveg þar hún rennur nú. Síðan ræður Svínadalsá merkjum frá gamla árfarveginum ofan að ármótum Brekkudalsár og Svínadalsár, síðan ræður Hvoltsa ofanað fyrkjeðum skurði.

Hvítadal 20. maí 1884

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi

Vegna eiganda Bessatungu Brynjólfs Oddssonar í Rúffeyjum samþykkir þessi landamerki

Magnús Jónsson í Tjaldanesi

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 83.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 84

Landamerkjaskrá
fyrir Múla og Múla-Lands í Saurbæ.

Að framanverðu á nefnd jörð land fram á svo kallað Reiðingsholt og þaðan sjónhending ofan í flóann og beint í Hvolsá og svo sjónhending af nefndu holti og beint á fjall upp, og eru þetta landamerki milli Hvols og Múla-Lands. Milli Múla-Lands og Efri-Brunnár að neðanverðu sjónhending af neðsta Stekkjarhammsbarði og beint í Hvolsá og sjónhending af nefndu Þ barði og í miðja Féðgagjótu, sem liggur neðanvert í fjallshlíðinni og þaðan sjónhending í fjallsbrún. En á milli Stóra-Múla og Múla-Lands rennur Hvolsá.

Múla-Land 25. maí 1884

Páll Sigurðsson

Eggert Jónsson í umboði (~~Neðri~~) Brunnár eigara

Indriði Gíslason eigari Hvols.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 84.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 85

Landamerki Neðri-Brunnár

Á milli Efri- og Neðri-Brunnár ræður áin eptir hennar gamla farveg frá fjalli ofan í Hvalsá; en milli Neðri-Brunnár og Stórhólts eru þessi landamerki: sjónhending úr fjalli og í Klofasteina, þar niður undan sjónhending í Lindarholti; úr því í Lindina, sem keldan tekur sig upp úr, hvenær deili sjást ofan eptir mýrinni milli bæjanna og ræður hún allt í Engjalæk svo kallaðan, sem rennur í Hvalsá; frá Engjalæk ræður Fitjakelda og úti Ósa og á Neðri-Brunná allt land sem liggur fyrir sunnan hana, sem kallast Fitjar, er nær að Hvalsá.

Stórholti 21. maí 1884

Jón B. Thorarensen eigandi

Þessi landamerki samþykkjum við Guðmundur Hannesson bóndi á Litlaholti

Kristján Bjarnason bóndi á Brunná.

Eggert Jónsson samþykkur þessum landamerkjum hvað Efri-Brunná snerti.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tolulið 85.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókin 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o 86

Landamerki Litlaholts

Litlaholt er þriðji partur úr Storholtslandi, hvað land og fjöru snertir; túni er skipt og slægjum, en beitarlandi óskipt. Garður er gamall krignum túnið að utanverðu og að neðan sjést fyrir honum sem og líka neðst upp á milli túnanna, en í stefnu frá honum tekur við flatúr jarðar, sem er haft til leiðbeiningar upp á milli túnanna. Fyrir neðan túnin er engi, sem kallað er Veita og eru merki hennar á milli Storholts og Litlaholts í rjettri stefnu úr áðurnefnum túnmerkjarði sjónhending í neðrahorn á Brunnártóptum, þ.e.a.s. svo langt ofan mýrina að keldu þeirri, sem skilur Brunnár- og Holtsland, en merki að utanverðu á Litlaholtsveitu þessari eru við heimstu hauga á svokallaðri Haugamýri, sem byrjar þar við þau merki og sem tilheyrir Stórholti. Úr þessum haugum er sjónhending í stóran stein, sem stendur uppi í bala og á Litlaholt áminnztan veitupart að heiman- og austan verðu við merki þessi. Úr þessum áminnztu haugum er líka í beinni stefnu að neðanverðu ofan á svonefnd Brekkubörð, þar fyrir neðan koma svonefndar Löngubrekkur, sem liggja í bug að þjóðvegi þeim, er liggur að Ósum og liggur hann á horninu að sunnanverðu við svokallaðan Prestshvamm, er tilheyrir Stórholtsslægjum; líka fylgir Litlaholtsslægjum flói sá, er suður og niður undan áminnztum Löngubrekkum liggur fram að svokallaðri Fitjakeldu, er skilur land milli Brunnar og Holts. Merki að ofanverðu á þessum Löngubrekkum eru eptir efstu börðum þeirra, fram á þau liggur svokölluð Haugamýri, sem er Slægjuland frá Stórholti. Fyrir utan Litlaholtstún er kallaður Arakotsbæli, sem er slægjuland frá Litlaholti, líka er lág, er liggur í útnorður frá Stekkjardal; hann er slægjuland frá Stórholti; hún er kölluð Langalág og út úr henni liggja 4 smálágar; merkin á milli lágar þessarar og Stekkjardalsins er rauður steinn í keldudraginu í lagarkjaptinum og annar stór á holtinu æð vestanverðu við lagina.

Litlaholti 24 maí 1884

Guðmundur Hannesson ábúandi á Litlaholti

Stórholti Jón Thorarensen Eggert Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli þ. 21. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 86. Vottar Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson.

1885

Staðarhólsþinghá

21. maí

N^o87

Landmerki Stórahólts

Að innanverðu milli Stórahólts og Neðri-Brunnár ræður bein stefna niður undan Klofasteinum í Lindarholt; úr því í Lindina, sem keldan tekur sig upp úr, hveðrar deili sjást ofan eptir myrinni milli bæjanna og ræður hún allt í Engjalæk svokallaðan, sem rennur í Hvolsá; frá Engjalæk ræður Fitjakelda og út í Ósa þá tekur við sjór, er Stórahóltsland nær að og er beint þar upp frá sjónum engi kallað Prestshvammur og Ekrur, og úr því frá Ósum á Stórahóltsland og fjöru alla leið vestur og inn með Gilsfirði til landamerkja milli Stórahólts og Ólafsdals, sem eru: Lagagaður sá, er gengur úr hlíð ofan til sjóar fyrir utan Byrgismýri, og sjest enn fyrir þeim garði. Þaðan á Stóraholt eptir sem votnum hallar að áður nefndu Neðri-Brunnár landi (Klofasteinum)

Ennfremur á Stóraholt þá sölva – og álptafjaðratekju og hrognkelsaveiði og reka alls konar, ef hann bæri að landi í fjörunni. Einnig á Stóraholt skel í sjó vestur og fram undan Ekru horni, sem stöku sinnum hefur fengizt vorkópur við

Stórholti 24. maí 1884

Jón B. Thorarensen ábúandi

Eggert Jónsson.

Guðmundur Hannesson bóndi á Litlaholti.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Staðarhóli 21. maí 1885 og innfært í
landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 87.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



N^o 88.

Landamerkjaskrá

fyrir Ormsstaða-landi í Skarðasstrandarhreppi

Að neðanverðu ræður fyrst Kvennhólsvogur frá Fábeinsárósi, þar liggur Fagurey, sem Ormsstaðir eiga. Að vestanverðu ræður efri lækurinn, sem rennur úr Stuttugötuflóa úti Kvennhólsvog; hjá honum er höggvinn kross og hlaðin varða, svo er varða hlaðin úr hnaus í miðjum flóanum með viðarkoli í; svo grjótvarða vestanvert á Stilluholti; þaðan sjónhending í Ormsstaðavatnsós, svo ræður sjónhending úr útsuðurhorni Ormsstaðavatns í vörðu þá, sem hlaðin er á útsuðurhorni holts þess, er liggur næst Arnarbælisvatni að landnorðanverðu þaðan bein sjónhending þangað sem Ormsstaðaland og Víghólsstaðaland mætist.

Milli Stakkabergs og Ormsstaða ræður Fábeinsá frá því hún fellur í Kvennhólsvog til efstu upptaka; þaðan ræður bein sjónhending uppeptir fjallinu þangað til norður af hallar. Milli Ormsstaða og Víghóltsstaða ræður merkigil til efstu upptaka, svo ein sjónhending uppeptir þangað til norður af hallar. Merkigilslækur, sem nú rennur í neðanverðu gilinu ræður niður undir Pálsmýri, svo fellur hann ýmsa vegu um mýrina, en eptir henni ræður sjónhending úr læknum ofanhalt við þjóðveginn og þangað sem hann rennur glöggt í einu lagi neðan við mýrina. Eptir þessari sjónhendingu eru hlaðnar vörður, ein fyrir ofan veginn, ein í miðri mýrinni og þriðja niðri í sporðinum þar sem lækirnir falla saman, svo niður lækurinn meðan að hann rennur í gilveru, svo ræður bein sjónhending þaðan sem lækurinn byrjar að slá sjer út, niður í lágt holt, sem liggur þar næst út og niður undan; á því holti miðju er hlaðin varða; þar er og höggvinn kross í hellustein; svo ræður bein sjónhending úr þessari vörðu í suður útsuður í Arnarbælistarkið á Vatnsholti, sem liggur austan við Arnarbælisvatn að sunnanverðu.

Purkey 28. d. maímánaðar 1884.

Jón Jónsson eigandi að meiri hluta jarðarinnar

þessum framanskriðuðum landamerkjumerkjum erum vjer undirskrifaðir samþykkir.

Jón Magnússon ábúandi Dagverðarnessels vegna fjærverandi eiganda.

Hákon Oddsson fyrir hönd eiganda Víghólsstaða

B. Smith umráðamaður Arnarbælis.

Jóh. Þórðarson ábúandi á Stakkabergi vegna fjærverandi eigara.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 88.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir bókun og þinglestur 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 89.

Landamerkjaskrá

fyrir Stakkabergi í Skarðsstrandarhreppi

Milli Ormsstaða og Stakkabergs ræður landamerkjum svo kölluð Fábeinsá frá fjöru til fyrstu upptaka nefndrar ár á fjalli; þaðan vestur eptir fjallinu að svokallaðri Sandkúlu, sem aðskilur á fjallinu lönd Kvennhóls- og Stakkabergs; þaðan sjónhending ofan í Gil, sem rennur ofan fjallsbrúnina, svo eptir farveg þess ofan að götum, sem liggja með fjallshlíðinni, þaðan fram fyrir Gilið í stein, sem er höggvinn † (kross) á ofanvert við Kelduupptök, svo eptir sem keldan ræður ofan að Fremraneshalla og þar í stein með fyrgreindu merki, þaðan sjónhending í vörðu við framangreindan Fábeinsárós með undirstöðusteini með áðurgreindu merki.

Þessi ofangreindu landamerki eru þau elztu og vissustu, sem menn vita og eru samþykkt og undirskrifuð af hlutaðeigandi nábúum.

Stakkabergi dag 20. maí 1885

Fyrir hönd jarðeiganda háyfirdómara Jóns Pjeturssonar í Reykjavík undirskrifar ábúandi Jóhannes Þórðarson.

Jóhanna Kr. Jónasdóttir ábúandi og eigari ½ Kvennhóls

Sigríður Sigurðardóttir ábúandi ½ Kvennhóls

Guðmundur Jónsson ábúandi á Ormsstöðum

Helga Guðmundsdóttir ábúandi á Ormsstöðum

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 89.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 90.

Landamerkjaskrá

fyrir Kvennhóli í Skarðsstrandarhreppi.

Fyrst ræður að vestanverðu svo kallað Hnúksgil héðan frá sjó, er að skilur lönd Kvennhóls- og Hnúks upp til fyrstu upptaka á fjalli, síðan eins og vötnum hallar eptir háfjallinu austureptir til móts við svokallaða Sandkúlu, er stendur neðan á fjallinu, sem aðskilur lönd Kvennhóls og Stakkabergs, það sjónhending ofan í gil, sem rennur ofan fjallsbrúnina; svo eptir farveg þess ofan að götum, sem liggja með fjallshlíðinni þaðan fram fyrir gilið í stein, sem er höggvinn † (kross) á ofanvert við Kelduupptök, svo eptir sem keldu ræður ofan að Fremraneshalla og þar í stein með fýrgreindu merki; það sjónhending í vörðu við Fábeinsárós; með undirstöðusteini með áðurgreinu merki. Frá fýrgreindum Fábeinsárós fram yfir nesið að jöfnu hlutfalli fram voginn eins langt og kringum liggjandi lönd eiga. Þessi fýrgreindu landamerki eru þau elztu og vissustu sem menn vita og eru samþykkt og undirskrifuð af hlutaðeigandi nábúum.

Kvennhóli dag 20. maí 1885

Jóhanna Kr. Jónasdóttir eigari og ábúandi ½ Kvennhóls

Sigríður Sigurðardóttir ábúandi ½ Kvennhóls

Jóhannes Þórðarson ábúandi á Stakkabergi

G. Jónsson ábúandi Hnúks.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 90.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 91.

Landamerkjaskrá

fyrir Klakkeyjum í Skarðsstrandarhreppi.

Norðast er Bæjareyri og Bæjareyjarsker norður af; fyrir sunnan Bæjarseyna er Stekkjareyin og hólmar, sem liggja milli Stekkjareyjarrinnar og Bæjareyjarrinnar svo er Skertla og Litlaskertla fyrir vestan Stekkjareyna, og þar suður af Skarða með Skörðuhólnum vestur af með skerjum, sem þar eru hjá, og eiga þessar eyjar út til sjóar allt í kringu að jöfnu hlutfalli eins langt og kringum liggjandi lönd og eyjar. Þessi landamerki veit jeg rjettust og vissust fyrir Klakkeyjum, og er þessi landamerkjaskrá undirrituð og samþykkt af sameignarlandaeigendum og umboðsmönnum

Dagverðarnesi 7. maí 1885

Jóhanna Kr. Jónasdóttir ábúandi Klakkeyja

Vegna Hnappseyjar Sk.Th. Sivertsen

Vegna Purkeyjar Jón Jónsson

Vegna Fremri-Langeyjar E.Th. Gíslason

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22 maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 91.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 92.

Landamerkjaskrá

fyrir Efri-Langey í Skarðsstrandarhreppi.

Fyrst í austur milli Hjallaness á Langeyjarnesi og Langhólma tilheyrandi Efri-Langey er vogur með Langeyjarneslandinu að svokölluðum Þröskuldum – þar eru lautir ofan í rifin, sem fyrst rennur á sjór um aðföll og rennur síðast eptir um útföll – meðfram öllu Langeyjarneslandinu út úr Nauteyjarstraum á milli að áðrnefndrar Nauteyjar og Lambhaga á Langeyjarnesi.

Ofanskrifuð landamerki eru milli Efri-Langeyjar og Langeyjarness, en allir hólmar smáir sem stórir og sker, er fjarar í allt í kring um Langey, tilheyrir henni, einnig Litla-Kottey með lagnaskeri út af, Stóra-Kottey og 3 svokallaðir Sigurðarhólmar með lagnaskerjum suður af. Norður og fram af nýnefndum hólum er Krossund, sem er landamerki milli Efri- og Fremri-Langeyjar.

Efri-Langey 21. maí 1884

eigari Jón Jónsson

Björn Brynjólfsson ábúandi

Vegna Fremri-Langeyjar samþykkir E.Th. Gíslason

Vegna Langeyjarness Maris Einarsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22 maí 1885 og innfært í landamerkjaskrá sýslunnar undir tölulíð 92.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 93.

Landamerki

Frakkaness í Skarðsstrandarhreppi

Landamerki milli Frakkaness og Kross eru úr steini í svokallaðri Kvísl, er rennur úr Krossvatni og í innri hólinn, sem næstur er læknum, og þaðan bein sjónhending í engjatópt, er stendur við Ætulæk og skilur hann þaðan frá löndin að innan. – Á milli Frakkanes og Reynikeldu er svokallaður Frakkaneslæknur, er runnið hefur úr Frakkanesvatni.

I. Magnúsen.

Samþykkur Jón Jónsson.

Til sjáfarins í Frakkanesi eru eyjar; að innanverðu er Sultarholmi og Sölvahólmi, Hróthólmar, Kothúshólmi, Hrísey, Nautey, Staugarsker, Melsker, Nethólmi, Nethólmaflögur, Purkey, Rauðiklettur, en að ofan er Langey, Nónhólmi og Alptaflaga, Skarði.

I. Magnúsen.

Vegna eiganad Ballará P.J. Eggertz

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 93.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 94.

Landamerki fyrir Reynikeldu.

Á milli Reynikeldu og Kross skilur Helgagil að austan ofan í Krossvatn, að neðan Frakkaneslækur og að utan skilur löndin Ballará og Reynikeldu svo kallað Deildargil eins og það hefur runnið til forna beina sjónhending úr fjalli í Æsanesvog

Skarði 20. október 1884

Jón Jónsson

Samþykkt I. Magnúsen

P.J. Eggerz p.t. umráðamaður Ballará

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 94.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 95.

Landamerki fyrir Krossi.

Landamerki á milli Kross og Reynikeldu er svokallað Helgagil, sem rennur úr fjalli og beina sjónhendingu í Krossvatn; að neðan skilur löndin Frakkanes og Kross svo kallaður Ætulækur, sem rennur frá Engjatópt í Krossá; að austan skilur Krossá eptir beinni sjónhending í Hrískinnarfjall, sem aðskilur Krossdal og Villingadal.

Skarði 20. október 1884.

Sameigendur

IMagnúsen. Jón Jónsson í Rauðseyjum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 95.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 96.

Skrá

yfir landamerki Hvarfsdals á Skarðsströnd

Að utan og vestanverðu ræður Harisargil uppí hryggi þá, sem liggja norðanvert við Villingadal, þaðan sjónhending í Fjalldalshrygg, þaðan sjónhending í Skeggöxl. Búðardalsá ræður frá því er Harisarlækur fellur í hana og fram sem hún nær þaðan af stefnu í fjall upp eptir því sem hæðum hallar og vatn rennur. Landið er nokkuð skakkur þríhyrningur.

Vogi hinn 21. dag maímánaðar 1885

Jón Bjarnason umboðsmaður Hvarfsdals.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifuð samþykkt.

P.F. Eggertz vegna Búðardals

IMagnúsen eigandi Barms og Skarðs.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 96.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



1885

Ballarárþinghá

22. maí

N^o 97

Skrá

yfir landamerki Búðardals á Skarðsströnd

Að innanverðu eru merkin þverbeint fra Búðardalsá á Jónshvammsbarðið hæsta og þaðan sjónhending upp í klettsnef við lækjarfarveg í hlíðinni og þaðan beint upp á fjallshrygginn, sem er utan til við Tindagil, og ræður hann að upptökum þess, og eru merkin þaðan beint uppá fjall og kring um öll Búðardalsdrög, eptir því sem um hæðir halda og vötnum hallar, en Búðardalsá ræður landamerkjum að utan og neðanverðu, allt að áðurtöldum merkjum að innanverðu.

Akureyjum 13. maí 1885

Sem eigandi að hálfum Búðardal F. Eggerz.

Vegna sonardætra minnar, sem eiga hálfan Búðardal Steph. Eggertsson handsalaði

Sem eigandi að 1/3 í Hvalgröfum F. Eggerz

Jón Bjarnason umboðsmaður Hvarfsdals.

Vegna Barms I. Magnússen

Vegna Tinda Sturlaugur Tómasson

Vegna hálfra Hvalgrafa Jón Andrjesson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Ballará þ. 22. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 97.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

Halldór Daníelsson

1885

Hjarðarholtsþinghá
26. maí

N^o 98.

Landamerkjaskrá
fyrir Hróðnyjarstöðum í Laxárdal

Úr Rauðalækjarós við Ljá beint Hrísgarð; þaðan beint austanvert í Kringlumýri, þaðan beint í Kolahól; þaðan beint í Krossvörðu utanvert á Haflóa, þaðan sjónhending í Tvívörður, þaðan beina sjónhending í landamerkjafoss efst í Þverárglúfrum; þá ræður Þverá til neðsta vatns, eptir því í þann fremsta tanga, sem liggur að sunnanverður fram í vatnið; úr þeim tanga beint í skarðið milli Longukletta; úr skraðinu sjónhending í Krossstein, sem er á holtás, sem liggur uppaf Kúasnögum; svo sjónhending þaðan í annan Krossstein, sem stendur á urðarholti vestur undan Helluhól, og sjónhending þaðan í Hæðarstein og sömu sjónhending í ána Ljá, og ræður hún svo landamerkjum til upphaflega nefnds Rauðlækjaróss.

Framanskriðu landamerki eru samþykkt af kringumliggjandi hlutaðeigendum, sem einnig skrifa nöfn sín hjer undir.

Hróðnyjarstöðum 23. maí 1885.

Eigendur jarðarinnar og ábúendur

Porkell Einarsson Þorleifur Jónsson Bergsveinn Jónsson

Guðmundur Guðmundsson umráðamaður og ábúandi Ljárskóga.

Skúli Halldórsson eigari og umráðamaður Gillastaða

Jens E. Laxdal umráðamaður Goddastaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 26. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 98.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Hjarðarholtsþinghá

26. maí

N^o 99.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Gröf í Laxárdal

Að austanverðu ræður Arnargil til upptaka þess, sem er lítill tjörn uppundir Bjarnarfelli, þaðan vestur eptir, eptir því sem vötnum hallar norður og suður á móts við vestari enda á Grafarvötnum, þaðan sjónhending í vestari enda á þeim og eptir somu sjónhendingu ofan á brún, þaðan eptir djúpri skriðu í hlíðinni og sjónhending ofan á há Skyrkelduholt (hvar fyrir vestan eru stór jarðföll, sem kallast Skyrkelda), af há Skyrkelduholti sjónhending í Laxá (utan til við Grafarnes, en austanholt í Leirmúla við Laxá). Að norðanverður ræður Laxá frá Leirmúla til Arnargils, hvar Gröf á hálfra veiði.

Spákelsstöðum 8. maí 1885

Jón Markússon umráðamaður nefndar jarðar.

Kr. Tómasson eigandi hálf Svarfhóls

Jóh. Halldórsson eigandi hálf Svarhóls

Sk. Halldórsson eigandi 2 parta Gillastaða

Jósef Jónsson eigandi 1/3 parts Gillastaða

Halldór Pjetursson ósamþykkur.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Daláýslu að Hjarðarholti þ. 26. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 99.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Hjarðarholtsþinghá

26. maí

N^o 100.

Landamerki að Sólheimalandi.

Frá Laxá ræður Holmavatnsá norður í Hólmavatn, svo sjónhending úr árósum til landnorðurs í Gullhamar; þaðan sjónhending í sömu átt í Prívörður úr Prívörðum til austurs beint í Draugahóla, frá þeim sjónhending í drögin á Kjólakvísl, sem ræður til suðurs í Kolatjörn, þaðan sjónhending til landsuðurs í Steinvatnahæð og þaðan í Grenshól; úr honum beina stefnu í Sjónarhól; þaðan sjónhending í norðanverða há Skeggöxl; þaðan sjónhending í vestur í læk þann, sem rennur ofan frá Skeggöxl til Skeggjagils á framanverðum Hvanneyrum. Þaðan ræður Skeggjagil til Laxár og Laxá aptur til Hólmavatnsár

Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn

Sólheimum 17. maímán 1884

Sigtryggur Finnsson

Þessum landamerkjum samþykkir Jón Bjarnason á Hörmum Guðm. Bjarnason

Sem eigandi og ábúandi á Kjörseyri fann jeg enga astæðu til að átelja framanrituð landamerki fyrir Sólheimum.

Kjörseyri 21. maí 1884

Finnur Jónsson

Framanskriðuðum landamerkjum erum við undirskrifuð, sem eigendur og ábúendur Bæjar í Hrutafriði að öllu leyti samþykk.

Bæ við Hrutafjörð 12. maí 1885

S.E. Sverrisson. Kristín Bjarnadóttir (handsalað.)

Framanskriðuðum landamerkjum er jeg sem eigari Dönustaða ósamþykkur

Halldór Pjetursson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Hjarðarholti þ. 26. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 100.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 101.

Landamerkjaskrá

fyrir Ytri Þorsteinsstöðum í Haukadalsá

1. Milli Lækjarskógs og Þorsteinsstaða. Úr miðjum kletti, er stendur sunnan til við Haukadalsá við fljót það, er Dallur nefndist sjónhending í lítinn kross, sem höggvinn er í jarðfastan stein á barðinu fyrir norðan árfarveginn og eyrina; þaðan sömu sjónhendingu yfir Krossholtin í stóran kross á vestnorðanverðasta Krossholtinu, þaðan sjónhending í stóra þúfu í flóanum, sem kol voru latin í, og þaðan sömu sjónhending í Álfhól.
2. Milli Þorbergsstaða og Þorsteinsstaða ytri: sjónhending úr Álfhól í kross þann, sem höggvinn er í Krosshamarinn, þar sem hann er hæstur, þaðan í krossinn á fremri Tvíhol(u)num, er kallast Krosshóll, þaðan í stóra þúfu með kolum í og þremur steinum, skammt fyrir vestan Sjónarhól; þaðan í grjótvörðu á melholti ofar í hálsinum, þaðan í aðra grjótvörðu í barðinu fyrir ofan slægjublettinn, skammt fyrir austan skurðinn, þaðan í stóra þúfu með kolum í og þremur steinum uppá og þaðan í kross, höggvinn í gráan stein vestanvert á holtinu efst á hálsinum.
3. Milli Laxdælalands og Þorsteinsstaða: sjónhending úr síðastnefnum krossi í landamerkjavörðuna á landamerkjaholtinu.
4. Milli Þorsteinsstaðanna: sjónhending úr seinast nefndri vörðu í yzta dýið sunnan á sama holti þaðan á hæstan efri Selás, þaðan í grjótvörðu í neðri Selás miðjum, og þaðan í stóra kolapúfu með þremur steinum í niður í mýrinni við lækinn og svo ræður sami lækur þaðan og þar til hann dreifir sjer á veituna neðanvert við túnin; þá ræður sjónhending í kross, sem hoggvinn er í stein vestanvert í Oddavörðuholti, þaðan í stóra kolapúfu í Byrgishvammsbarðinu og sömu sjónhending í Haukadalsá.

Til staðfestu vor undirskrifuð nöfn

Leikskálum 30. maí 1883

Þ. Bergþórsson eigari Þorsteinsstaða ytri

Jónas Jónsson eigari Þorsteinsstaða fremri

Kr. Tómasson eigandi Þorbergsstaða

Sigurdór Jónsson ábúandi Lækjarskógs

Jón Guðmundsson umráðamaður Stóráskógs



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 101.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



1885

Jörfaþinghá

27. maí

N^o 102

Landamerkjalyting
fyrir Saurstöðum í Haukadalsá

Að framanverðu milli Saurstaða og Jörfa ræður landamerkjum gil það, sem rennur framanvert við Saurstaðatún í Haukadalsá og kallað er Gljúfragil; ræður það gil til upptaka þess á fjalli uppi og í Þverfell, úr Þverfelli í Lambahnúk, úr Lambahnúk ofan brúnina eptir hæðstu eggjum ofan á hlíðarhöfuð; þaðan vestur hlíðarbrúnina þar til komið er í beina stefnu við Glettuberg, sem ræður landamerkjum á hlíðinni milli Saurstaða og Svínhóls og úr Glettubergi í Þríhóla, þaðan eptir því, sem votnum hallar norður á veginn, og að utanverðu milli Saurstaða og Skinnþúfu frá takmarkinu á veginum; ræður vegurinn landamerkjum til þess komið er móts við Þrívörður, þaðan beint niður í svokallaðan Votaklett, úr Votakletti beint í pitt þar niður undan, úr honum beint í annan pitt í upptökum á keldu þeirri, hveggjar jarðar Saurstaðamegin ræður merkjum, í svokallaðan Sefpoll, úr honum bein sjónhending í Haukadalsá gegnum tvær vörður, úr torfi gjörðar; síðan ræður Haukadalsá þar til áður nefnt Gljúfragil fellur í hana.

Þann 18. maí 1885 fram fór og fullgjörðist svolátandi samningur órjúfanlegur milli eigenda Saurstaða og Stóra-Vatnshorns, að Skinnþúfa skal hafa frjálsta beit í Saurstaðalandi á hálsinum að svo miklu leyti, sem Skinnþúfa þarfnast hennar, móti 10 (tíu) álna endurgjaldi á ári hverju frá ábúanda Skinnþúfu.

Þeir, sem eiga land að Saurstaðalandi auk lands þess, sem eg undirskrifaður eigari Saurstaða á, óska jeg að gefi samþykki sitt til framanskrafaða landamerkja með undirskript nafna sinna.

Jörfa 21. maí 1885

Tómas Árnason eigari Saurstaða.

Jón Árnason eigari Jörfa

Benedikt Þórðarsson eigari Svínhóls

Jakob Guðmundsson umboðsmaður Geldingadals

Jónas Jónsson eigari Stóra-Vatnshorns

Jón Bjarni Jónsson eigari Stóra-Vatnshorns

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 102.

Vottar



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Jörfaþinghá

27. maí

N^o 103

Landamerkjalysing
fyrir Jörfa í Haukadal

Að framanverðu milli Jörfa og Hamra ræður landamerkjum gilið fyrir utan Hamratún eptir sínum gamla farveg frá fjalli beint í Haukdalsá, hvor á ræður til þess Stóragil fellur í hana úr Gljúfrum nokkuð úta við til árinna. Gil þetta fellur næst Saurstöðum og ræður landamerkjum milli Jörfa og Saurstaða frá upptökum sínum í Þverfelli á fjalli uppi, svo eins og vötnum hallar til Hamragilsbotns. Ennfremur er landeign Jörfa Haukadalur frá Þorleifsstaðagili að vestanverður árinna eptir ummerkjum sem vötnum hallar af fjallsbrúninni suður til Sátu, þaðan eins og vötnum hallar af austurbrúninni yfir há Jörfamúla sem vötnum hallar í Sljettadalsdrögum að Sljettadalsá, sem ræður til Haukdalsár

Sömuleiðis er Jörfa eign svokallaður Jörfaspotti Grafar megin í Reykjadal í Miðdölum; merki hans er að neðan gil, sem aðskilur frá Kolstaðaspotta, að framan næsta gil.

Þeir sem eiga land að Jörfa landi auk þeirra landa, sem eg undirskrifaður á, oska eg að gefi samþykki sitt til framanskriðra landamerkja með undirskipt nafna sinna.

Jörfa 12. maí 1884.

Jón Árnason (eigari Jörfa)

Tómas Árnason eigari Saurstaða (handsalað)

Jakob Guðmundsson eigari Sauðafellseignarinnar

Þorleifur Andrjesson eigari Villingadals

Jón B. Jónsson umsjónarmaður kirkjunnar á Stora Vatnshorni

Þorvarður Bergþórsson eigari Leikskála

Jón Ó Magnússon umsjónarmaður Kross.

Það land, sem Jörfi átti á Leikskálaeyrum hef eg undirskrifaður selt síra Jakob Guðmundssyni

Jón Árnason (eigari Jörfa)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 103.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson



1885

Jörfaþinghá

27. maí

N^o 104

Landamerki

jarðarinnar Kross í Haukadalsá.

Að norðanverðu ræður Haukadalsá neðan frá Merkjalág og fram til Þorleifs(staða)gils. Að austan ræður Þorleifsstaðagil, sem fellur af af fjalli ofan í Haukadalsá lítið neðan en móts við Sljettárdalsmynni. Að sunnanverðu háfjallið eins og vötnum hallar milli Haukadals og Villingadals. Að vestanverðu Merkjalág af fjalli ofan niður í Haukadalsá talsvert neðar eru móti Fanngili að norðan.

Hvammi í Norðurárdal 6. maí 1885.

J.Ó. Magnússon umráðamaður kirkjujarðarinnar Kross.

Framanrituðum landamerkjum erum vjer undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Þorleifur Andrjesson eigari Villingadals

Jón Árnason eigari Jörfa afrjettar

Jón Jónsson eigari Skarðs.

Kristján Tómasson Ólafur Ólafsson eigendur Giljalands

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Jörfa þ. 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 104.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

Halldór Daníelsson

1885

Jörfaþinghá

27. maí

N^o 105

Landamerkjalyking
fyrir Villingadal í Haukadal

Milli Villingadals og Kross ræður landamerkjum svokölluð Landamerkjálág gagnvart Fanngili, frá Haukadalsá fyrir austan Kirkjufell, beint uppí múlahöfuðið, svo fram há fjallið, þar sem hallar til beggja dalanna og það suður fyrir Villingadalsdrög, þar til vötnum fyrst hallar til Bekradals, síðan vestur eptir eins og votnum hallar vestur á Gamalhnúk; þaðan ræður svo sem vötnum hallar að Skálardal allt á fremri Bungu, svo norður eptir þeirri bungu eins og vötnum hallar að læk þeim, sem rennur í Nóngil til Villingadalsár, og kemur það í hana næst fyrir framan bæjarfossinn; síðan ræður Villingdalsá til Haukadalsár, svo Haukadalsá til fyrstnefndrar Landamerkjálágar.

Þeir sem eiga lönd að Villingadalssandi, óskar undirskrifaður, að þeir samþykki framanskriðuð landamerki með sinna nafna undirskript.

Villingadal 10. maí 1884

Þorleifur Andriðsson (eigari Villingadals)

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells og umboðsmaður Geldingadals.

Jón Árnason eigandi Jörfa

J.Ó. Magnússen umráðamaður kirkjujarðarinnar Kross.

Arngrímur Magnússon eigandi að halfum Smirlhól

Kr. Tómasson umráðamaður Mjóabóls.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu Jörfa ~~og inn~~ þ. 27. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 105.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.



N^o 106

Landamerkjaskrá

fyrir Hrafnabjörgum ytri og Hrafnabjörgum fremri í Hörðudal

Landamerki milli Hlíðar og Hrafnabjarga í klett með krossi fyrir ofan Markgróf, þaðan sjónhendingu ofan í Hörðudalsá í Hrafnalá vestanverðu við Seljalandsbæinn; úr fyrnefndum kletti upp til Kornamúlagils, sem gilið ræður að vörðu þeirri, er stendur á vestari gilbarminum á klöpp með krossi; þaðan sjónhending í vörðu á há Grjóthálsi, og það (sic) vestur á Vatnshól og þaðan vestur í Tvívörðuhól, þaðan sjónhending sunnan til við Lambaborg í vörðu, er stendur ofan til við klettabrún, þaðan sjónhendingu í Leirgróf, sem hún fellur í Hörðudalsá; þaðan ræður Hörðudalsá landamerkjum upp til móts við miðja Markgróf. Innan þessara takmarka á Seljaland engjapart fremst á Hrafnabjargaengjum ofan að rúst, er stendur á árbakkanum, þaðan þvert upp í sýkið uppundir Fremri-Hrafnabjargatún. Fjallland, sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: fyrst úr tjörninni vestanverðu á Mjóadalsdrögum þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrótagil, eptir Hrótagili upp í Hrótaborg, ofan á Einhamra, úr Einhömrum ofan í Laugá, sem Laugá ræður ofan að Hundsgili, eftir fyrnefndu gili upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórutind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum. Eptir mádaga Hrafnabjarga af anno 1393 tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal. Innan þessarar takmarka í fjalllandinu á Laugardal á Seljalandi sambeit við Hrafnabjargabændur eptir jarðarmegni

Ytri Hrafnabjörgum hinn 18. maí 1885

Gísli Þórðarsson eigandi að ½ Ytri-Hrafnabjörgum

Gestur Jónsson eigandi að Fremri-Hrafnabjörgum

Jóhannes Jónsson eigandi að ½ Þorgeirsstaðahlíð

Teitur Bergsson eigandi að Hlíð.

Guðbjörg Hákonardóttir eigandi meiri hluta Snóksdalseignar. (handsalað)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 28. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 106.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson



1885

Blönduhlíðarþinghá

28. maí

N^o 107.

Landamerki

fyrir jörðinni Hlíð í Hörðudal eru sem hjer greinir:

Að framanverðu ræður Glöppugil landamerkjum milli Hlíðar og Vífilsdals neðri ofan frá hábrún niður til Hörðudalsár, síðan ræður tjeð á landamerkjum milli Hlíðar og Tungu og Seljalands. Landamerki milli Hlíðar og Hrafnabjarga eru í klett með krossi norðan til við svokallaða Stekkjargil; þaðan sjónhending í svokallaða Hrafnalá í Seljalandstuni, sem er á milli bæjarhúsa og fjárhúsa; svo eru landamerki úr áðurnefndum kletti í minni klett með krossi sunnan til við Kornamúlagil; þaðan eru landamerki eptir fyrnefndu Kornamúlagili, þaðan í vörðu og hellu með krossi norðan til við optnefnt gil, þaðan sjónhending í vörðu og kross í hellu á há Grjóthálsi, þaðan sjónhending í vörðu á syðri Vatnshæð; því næst ræður landamerkjum milli Hlíðar og Hamraenda sjónhending úr síðast nefndri vörðu í kringlótt melholt, sem er ofanvert við svokallaða Fossa; þaðan ræður landamerkjum milli Hlíðar og Skarða Hamrendagil til upptaka þess milli Sandfells og Hábungu í svo kallaða dæld. Merki milli Hlíðar og Bæjar eru úr áður nefndri dæld upp til Hábungu, þaðan eptir Hásandi gegnt fremstu og efstu upptökum Glöppugils. Innan áðursagðra landamerkja eiga Hamrendar tiltölulega sambeit við Hlíð í flóa þann, sem liggur norðan frá fyrnefndum fossum og suður móts við há Grjótháls gegnt áðurnefndri vörðu með krosshelli.

Hlíð í maí 1885.

Teitur Bergsson eigandi

Guðjón Eggertsson eigandi Neðri-Vífilsdals

Jósef Jónasson eigandi Skarða.

Guðrún Guðmundsdóttir eigari ½ Hamrenda.

P. Ólafsson eptir umboði ½ Hamrenda vegna

Jósúa Jósúason eptir umboði Bæjar vegna.

Gísli Þórðarson eigandi að ½ Ytri-Hrafnbjörgum

Gestur Jónsson eigandi að Tungu og Seljalandi.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 28. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 107.

Vottar



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



N^o 108.

Landmerki

fyrir Neðri-Vífildal í Hörðudal

eru sem hjer greinir: Milli Fremri- og Neðri-Vífildalanna að framanverðu vestur Hörðurdalsár er í fyrstu svo kallaður Nónssteinn framan í múlanum svo eptir há Múlahrygg suður í ha Hest; þaðan vestur eptir hæstu brúnum til efstu upptaka Afreksgils, sem aðgreinir Tunguvog Neðri-Vífildals land, síðan eptir áðurnefndu gili beint ofan í Hörðudalsá. En að utanverðu austur Hörðudalsá eru landamerki við Hlíðarland svo kallað Gloppugil, neðan frá Hörðudalsá upp í efsta foss í gilinu, þaðan sjónhending þvert upp miðjan Gloppugilsbotn til hábrúnar móts við Bæjarland, svo fram hábrunir eptir því sem vötn deila, svo þangað sjónhending niður í krossmarkaðan klett norðan til við Einstigið, þaðan sjónhending ofan í krossmarkaða klöpp á Klapparholti, síðan sjónhending úr fyrnefndri klöpp þvert yfir Hörðudalsá í efsta bug á Gulalæk, þaðan beina stefnu í gjóthrégu í dýi mýrinni, svo úr fyrnefndri grjóthrégu í krossmarkaðan klett í Grjótkúlu upp undan mýrinni og svo þaðan í áðurnefnda Nonstein framan í múlanum. – Þess utan á Neðri-Vífildalur frían geldfjárupprekstur í Fremra-Vífildalslandi og mánaðarþing fyrir allt sitt sauðfje haust og vor.

Þetta framanskrafað samþykkja undirskrifaðir
Illhugi Bjarnason eigandi að parti í Fremri-Vífildal
Kristín Kristjánsdóttir eigandi að ½ Fremri-Vífildal
Guðjón Eggertsson eigandi að Neðri-Vífildal
Gestur Jónsson eigandi að Tungu.
Teitur Bergsson eigandi að Hlíð
Jónas Jónasson Fremri-Vífildal sem leiguliði
Vegna Bæjarlands samþykkt af Samuel Jósúasyni í Bæ.
Neðri-Vífildal í maí 1885.

Lesið fyrir manntalsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 28. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 108.

Vottar Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1885

Blönduhlíðarþinghá

28. maí

N^o 109

Landamerkjaskrá

fyrir Seljalandi í Hörðudalshreppi

Eru þannig: að sunnanverðu að Hundsgili þar sem það fellur í Laugá og eptir því sem gilið ræður upp til fjallseggja, þá vestur eggjar til Hestagils upptaka, svo niður með Hestagili til neðsta foss og þar í flatan stein krossmerktan á vestri gilbakkanum, þaðan skáholt vestur til Rjettargils í krossmerktan klett á syðri Rjettargils bakkanum, þá eptir því sem gilið ræður niður fyrir neðsta foss, þaðan skáhalt í krossmerktan klett að vestanverðu við Rjettargil, þá í sýki, er rennur að austanverðu við síðastnefndan klett og eptir því þar til það fellur í Hörðudalsá; þá upp með Hörðudalsá að austanverður við Seljalandseyrar allt til Laugár og upp með henni allt að fyrnefndu Hundsgili. Einnig á Seljaland fría sambeit eptir jarðmegni í Hrafnabjargalandi liggjandi á vestanverðum Laugardal. – Sömuleiðis á sama jörð engjapart áfastan við Hrafnabjargaengjar liggjandi fyrir austan Hörðudalsá. Merki fyrir tjeðum engjaparti er að norðanverðu engjagarður á Hörðudalsár bakka, og þaðan þvert yfir í sýki að austanverðu við Hrafnabjarg engjar, þá eptir því sem sýkið ræður allt þar til það fellur úr Hörðudalsá að sunnan.

Seljalandi 16. maí 1885

Gestur Jónsson eigandi Seljalands.

Gísli Þorðarson eigandi að ½ Ytri-Hrafnabjörgum

Helgi Guðmundsson Teitur Jónsson eigendur Hóls.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 28. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 109.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



N^o 110.

Landamerki

jarðarinnar Gautastaða í Hörðudal

1. Millum Gautastaða og Álfatraða svonefnd Gautastaðakvísl frá Skraumu uppundir Múlahorn, svo lækjarfarvegur (Rauðsgil) uppá Múlahornið svo eptir hamúla suður að Gautastaðarnes.
2. Milli Gautastaða og Selárdals af fyrnefndri sneis eptir sem vötnum hallar milli Illugagilsbotns og Díadals til upptöku Hafradalsár, síðan ræður sú á ofan til Skraumu.
3. Milli Gautastaða og Ketilsstaða ræður áin Skrauma til fyrnefndrar Gautastaðakvíslar.

Kristján Kristjánsson (fyrir hönd ómyndugra eiganda jarðarinnar Gautastaða)

Kristján Sigurðsson eigandi Álfatraða

Kristján Kristjánsson eigandi Selárdals.

Lesið fyrir manntalsþingrjetti Dalasýslu að Blönduhlíð þ. 28. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 110.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Sauðafellspinghá
29. maí

N^o 111.

Landamerkjabref
fyrir Skógsmúla og Þverdalssandi

Að vestanverðu ræður það stærsta gil, sem rennur á milli bæjanna Skógsmúla og Köldukinnar og kallast Hrútagil á háls upp í botn þess, þaðan í krossstein á holtbarði, til austurs frá honum í sömu stefnu í annan krossstein ofan í hálsinum, þaðan beint í krossstein enn ofar, hvar varðar er hjá hlaðin, þaðan í Grjóthól, hvar kross er hoggvinn í stein, þaðan beint innanvert við Gráborg, svo beint fram fjall í suðurenda Þrandarvatns. Þaðan beint suður á Múla þann, sem framanvert er við Þverdals minni neðan til við Stórahvamm; þaðan í Þverá, svo ræður hún merkjum eptir dalnum til áður nefnds Hrútagils, svo á Skógsmúli hálfra veiði í Þvera samkvæmt landlengdinni

Þorbergsstöðum 23. maí 1885

Kr. Tómasson umráðamaður nefndar jarðar.

Jóhannes Stefánsson ábúandi Höskuldsstaða

Jón B. Jónsson eigandi að nokkru af Vatni og Köldukinn.

Jens E. Laxdal eigandi Leiðólfstaða

Jón Halldórsson eigandi Svarfhóls

Jón Ólafsson eigandi Hornstaða

Lesið fyrir manntalspingrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 111.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.

1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 112.Landamerkjalyising
fyrir Stóraskógi í Miðdalahreppi.

Eptir Kaldasýki þar sem það fellur í Miðá upp að keldu, er hefur upptök sín úr ytri Leirgróf; ræður þá nefnd kelda upp engjarnar til grófarinnar, svo eptir Leirgróf í hennar vestari botn, þá sjónhending í Klapparholt, úr holtinu sjónhending í Leynifitjarlæk, ræður svo sá lækur allt til Haukadalsár, þaðan ræður Haukadalsá til Haukadalsvatn, þá Haukadalsvatn, þar til Prestagil fellur í það; ræður svo gilið upp að upptökum þess í vörðu, er stendur á kletti uppi á Græningjabólsbrún, úr þeirri vörðu beina sjónhending í vörðu, er stendur upp undan hærrí Bólklett, úr þeirri vörðu sjónhending í Presthól úr Presthól í sömu stefnu í Jónsvörðu, þaðan beina sjónhending í Rauðalæk er fellur í Torfdal vestur af Torfdalsbrúninni, þá ræður holtbrúnin fyrir vestan Tjarnarflóann í Torfadalsmyni, úr Torfadalsmyni í Steinboga fyrir ofan götu á milli bæjanna, úr steinboganum beina sjónhending í ytri þúfu í flóanum, úr holtþúfunni sjónhending í vörðu á árbörðunum fyrir sunnan fremri Leirgróf, þaðan í neðsta Leirgrófarþitt úr pittinum til Miðár fyrir ofan Langholma; ræður svo Miðá ofan með Langahólm og Leiðarhólm til fyrnefnds Kaldasýkis. Líka tilheyrir Stóraskógseigninni öll hálf veiði í Haukadalsá frá Haukadalsvatni ofan að sjó og lengri grashólminn fram á vaðlinum.

Stóraskógi 12. maí 1884.

Jónas Jónsson Jón Guðmundsson Magnús Bjarnason.

Jakob Guðmundsson umboðsmaður Kvennabrekku

Þorsteinn Daðason eigandi Syðra-Skógkots.

Jóhann Guðmundsson umráðamaður Miðskógs

Jón B. Jónsson eigandi Vatns.

Jörundur Guðbrandsson eigandi Snóksdals

Guðbjörg Hákonardóttir eigandi Snóksdals

Kristín Kristjánsdóttir eigandi Lækjarskógs

Þorvarður Bergþórsson eigari Þorsteinsstaða ytri

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 112.

Vottar



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 113.

Landamerkjaskrá

fyrir Kvinnabrekku ásamt hjáleigunum Kirkjuskógi og Kringlu,
kirkjörðinni Kolstöðum og kirkjulandinu Geldingadal

Eptir biskupavísitatum, landamerkjadómi Orms Daðasonar frá 18. nóvember 1735 og mörgum samhljóða lögfestum eru akveðin landamerki Kvinnabrekku ásamt hjáleigunum og annara eigna Kvinnabrekkukirkju

Þann 10. maí 1884 riðu á merki umhverfis Kvinnabrekku, Kirkjuskógs og Kringlulands þessir menn: Síra Jakob Guðmundsson umboðsmaður Kvinnabrekku eigna Hjalmtýr Magnússon ábúandi Kvinnabrekku, Jónas Jónsson eigandi Svalbarða, Ytra-Skogskots og nokkurs hluta Stóraskógs, Pálmi Ólafsson umboðsmaður Syðra-Skogskots og nokkurs hluta Stóraskógs Jóhann Guðmundsson eigandi og ábuandi Miðskógs; en umboðsmaður lítills hluta Stóra Skógs var ekki viðstaddur, sem hafði þó verið gjört að vart.

Allir þessir skoðunarmenn að fráteknunum eiganda Miðskógs, sem er ekki að öllu leyti samþykkur, Miðskógs vegna, komust til þeirrar niðurstöðu, að hin rjettustu og eðlilegustu landamerki væri samkvæmt þeim skýrslum og skilríkjum, sem fyrir hendi væru, og álitu þeirra sem hjer greinir.

1. Landamerkjum ræður milli yzta sljetta oddans af Kirkjunesinu og Miðskógs ~~og~~ lítið sýki neðan undir börðunum ræður frá Miðá suður á stóra gróf næst fyrir utan Leirgróf. Milli Miðskógs og Kirkjuskógs ræður hnausavarða í Stórugróf og úr þeirri hnausavörðu bein sjóhending í klöppina norðan til við slakka í brúninni fyrir ofan túnin; milli bæjanna í þessari stefnu voru settar upp nokkrar hnausavörður upp eptir floanum og þegar upp í holtin kom tvær grjótvörður á sljettar klappir, sem ráðgjört er að meitla kross í, en í túninu var grafin lítill steinn í þúfu í beinni stefnu við klapparhólinn í bruninni; stefna þessi lenti norðvestan til í lítilli flöt, er Miðskógs ábúandi hafði sljettað þar er hann hafði tekið á burtu stein þann, sem skoðunarmönnum þótti líklegast að verið hefði merkjasteinn í tuninu milli bæjanna, sem um er getið í landamerkjadómi Orms Daðasonar frá 18. nóvember 1735 fyrir Kvinnabrekkulandi og í lögfestum þeim, sem Miðskógseigandi hefur fyrir Miðskógi. Frá klapparhólnum í brúninni sem ráðgjört var að höggva kross í, var tekin bein stefna eptir línunni neðan flóann og upp eptir hálsinum upp á há sand, þar til vötnum fer að halla



norður af Sandinum niður í Tjarnarflóa; á þessari leið voru hlaðnar 3 steinvörður í sljettum kloppum, sem ráðgjört var að merkja; seinast var hlaðin varða á hornklöppinni austast á sandinum; síðan var tekin bein stefna frá þessari hornklapparvörðu til austurs landsuður eptir melunum sunnan fram með taglinu af Tjarnarflóanum til svonefndrar Jónsvörðu, síðan frá Jónsvörðu bein stefna í Presthól, svo sama bein stefna í vörðu þá á há Grænubólabrún (?) sem sjest frá Jónsvörðu; frá Grænubólabrúnar vörðunni leggja merki í vörðubrot á suðausturenda hærrí Hrísrúnar þaðan í vörðu á lægri Hrísrún, þaðan beina línu þangað sem merkjalækur milli Svalbarða og Kringlu hefur upptök sín, svo ræður merkjalækur niður á milli Kringlu og Svalbarða, þangað til hann hverfur austan og ofan til við Folavelli, síðan stefna úr merkjalæknum niður í stóran moldskurð suðaustantil við Seigamó, og sama bein stefna í Tunguá. Síðan ræður Tunguá niður fyrir Gilþrengsli ofan til við Sauðafellsstekkjarnesið, síðan bein lína úr gilþrengslum norður hólmana móti Sauðafellsstekkjarnesi í krók þann þar sem Tunguá fellur að Kirkjunesinu svo ræður Tunguá þaðan af allt til Miðár, síðan ræður Miðá niður fyrir Kirkjunesið allt ofan á móts við Merkjasýkisósinn, svo ræður sýkið fram á mots við hnausavörðuna í Stórugróf, sem áður er um getið milli Kirkjuskógs og Miðskógs.

2. Landamerkjaskrá fyrir kirkjújörðinni Kolsstöðum

Merkjum milli Kolsstaða og Oddsstaða ræður bein sjónhendingsstefna úr þúfu sunnan til á Toppeyri í hæsta kollinn á Kolsstaðafelli og skal hlaða vörðu á fellinu í þessari stefnu og aðra vörðu vestan megin Tunguár; þessi sama beina lína heldur norður frá há fellskollium, þartil vötnum hallar norður af, síðan beygjast merkin austur há hrygginn á Kolsstaðafelli eins og vötnum hallar norður og suður af allt austur á móts við Fremragilsbotn, síðan ræður Fremragil til Tunguár, svo ræður Tunguá niður á móts við Toppeyri. Kolsstaða ábúandi á sambeit við Kvinnabrekkubúanda í Fremri-Geldingadal vor og haust.

3. Landamerki fyrir kirkjulandinu Geldingadal

Samkvæmt sætt frá 11. des. 1849 milli staðarhaldarans og sjálfseignarbóndans á Haafelli, samþykktari af stiptyfirvöldunum eru landamerki milli kirkjulandsins á Geldingadal og bænda eignarinnar Háafells fyrir alda og óborna þessi: Dæld sú eða smáhjalli, sem myndast af kringumliggjandi klettum nærhæfis niður undan Tungufells kolli og það sjónhending beint niður í Tunguá og stentz þetta hjer um bil á við Flatarskurð að norðan og í skarð í fellsbruninni uppundan Flatarskurði. Flatarskurður þessi er Kolsstaða megin fyrir framan Djúpaskarð; til glöggvari serkennis skal setja vörðu á merkjahjallan í Tungufelli Haafells megin og milli Flatarskurðar og Djúpaskurðar Kolstaða/megin; síðan liggja merkin kringum Geldingadal frá Tungufellskolli eptir hæstu fjallseggjum eins og vötnum hallar á báðar hendur milli Geldingadals og Álptadals, svo milli Reykjadals og Katlanna á Geldingdal, svo til austurs bak við Kambinn, síðan til norðaustur, milli Villingadals og Norðurfossanna, síðan í Lamba hnjúk og svo til vesturs eptir há Selfellinu (?) vestur á móts við



Fremrigilsbotn, þetta allt eins og vötnum hallar á báðar hendur; síðan ræður Fremra gil milli Kolsstaða og Sellandsins niður í Tunguá, og síðan ræður Tunguá niður á móts við Flatarskurð gagnvart merkjahjallanum í Tungufelli.

Samkvæmt áðurnefndri sættagjörð frá 11. des. 1849 er landsspildan í Geldingadal sunnan fram frá merkjahjalla í Tungufelli og fram að Djúpadalsgili ákveðið leiguland frá staðarhaldaranum til ábúanda Háafells fyrir einnar vættar eptirgjald í gildustu landaorum ár hvert; þar er og ákveðið, ábúandi Haafells megi hafa sambeit við Kvinnabrekku og Kolsstaða ábúendur fyrir sinn eiginn fjenað haust og vor.

Sauðafelli 10. maí 1884.

Jakob Guðmundsson umboðsmaður Kvinnabrekku

Jónas Jónsson eigandi Svalbarða Ytri-Skógskots og parts úr Stóraskógi.

Þorsteinn Daðason eigandi Syðra-Skógskots og parts úr Stóraskógi

Jón Guðmundsson umboðsmaður parts úr Stóraskógi

Tómas Árnason eigandi Saurstaða

Jón Arnason eigandi Jörva

Árni Þorsteinsson Guðríður Guðmundsdóttir eigendur Fellsenda

Þ. Þórarinsson eigandi og umboðsmaður Oddsstaða

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells- og umboðsmaður Kolsstaða.

Þorleifur Andrjesson eigandi Villingadals

Finnur Sveinsson eigandi Haafells

Benedikt Þórðarsson eigari Svínhóls

Lesið fyrir mantalsþingsrjetti Dalasýslu þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 113

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 3 kr. – þrjár krónur –

Halldór Daníelsson

1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 114.

Landamerkjalysing
fyrir Svalbarða í Miðdölum

Tunguá ræður milli Svalbarða og Sauðafells frá Svínhólgili til landamerkjælæks milli Svalbarða og Kvennabrekku, hver lækur ræður landamerkjum milli þeirra bæja frá Tunguá á háls upp; frá upptökum lækjarins ræður bein sjónhending í vörðu norðvestan til á lægri Hrísrún, þaðan sjónhending í útsuðurenda hærri Hrísrúnar, inneptir hærri Hrísrún til Bólabrúnar; ræður svo hæsta Bolabrún austur til Litlavatnshornsborgar; úr Borginni ræður bein stefan ~~eftir~~ yfir Hæðaflóa í Skugga; þaðan ráða hæstu holtabrúnir fyrir norðaustan Skuggabrekku í merkjavörðu suðaustur í holthæðinni, sem er norðaustur frá Tvíhólum (Þríhólum). Milli Svalbarða og Svínhóls ræður Svínhólgil frá Tunguá á háls upp í merkjavörðu, hvar keldan fellur í svokallaða Stokka neðanhallt móts við Einhól; þá ræður bein sjónhending úr síðast nefndri merkjavörðu norðaustur gegn um þrjár vörður í merkjavörðu á Skuggabrekkubrún; þaðan helzt sama sjónhending áfram í áðurnefnda merkjavörðu suðaustan í holthæðinni, sem er endamerki milli Svínhóls og Svalbarða við Haukadalsland.

Undirskrifaður eigari Svalbarða óskar að þeir jarðeigendur, sem land eiga að Svalbarðalandi eða umboðsmenn þeirra landa gefi samþykki sitt til framanskriðra landamerkja með undirskript nafna sinna.

Stórvatnshorni 23. maí 1885

Jónas Jónsson eigari Svalbarða.

Jakob Guðmundsson eigari Sauðafells og umboðsmaður Kvennabrekku.

P. Ólafsson vegna Litlavatnshorns.

Benedikt Þórðarson eigari Svínhóls.

Lesið fyrir manntalspingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 114.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N^o 115Landamerkjalysing
fyrir Svínhóli í Miðdölum

Milli Svínhóls og Svalbarða ræður Svínhólsgil frá Tunguá á háls upp í merkjavörðu, hvar keldan fellur í svokallaða Stokka neðanhallt móts við Einhól, þá ræður bein sjónhending úr nefndri vörðu, norðaustur gegnum þrjár vörður í merkjavörðu á Skuggabrekkubrún; þaðan helzt sama sjónhending í merkjavörðu suðaustur í holthæðinni, sem er norðvestur frá Tvíhólum (Þríhólum); þá ræður landamerkjum milli Svínhóls og Saurstaða bein stefna úr síðast nefndri vörðu yfir nefnda hóla í Glittubergi, úr Glittubergi sjónhending uppá hlíðarbrúnina, svo suðaustur í svonefndar Tjarnir og síðan sjónhending mitt á milli giljotna Selgils og Hnútagils ofan í Oddsstaðaborg á fellsbrúninni; þaðan ræður sjónhending vestur og niður að svokallaðri Fjárbrún móts við upptök landamerkjalæksins í brúninni, hver lækur ræður ofan fyrir börð sunnanvert við Sandhól í merkjavörðu, þar sem lækurinn endar. Úr þeirri vörðu bein sjónhending gegn um eina vörðu í flóanum í merkjavörðu á Grundarbörðum, úr henni beint í Tunguá, ræður svo Tunguá til þess Svínhólsgil fellur í hana.

Þeir sem land eiga að Svínhólslandi eru eigendur og umboðsmenn þeirra jarða: Svalbarða, Saurstaða, Kolsstaða, Oddsstaða, Sauðafells, sem eg undirskrifaður óska að samþykki framanrituð landamerki með undirskript nafna sinn

Svínhóli 27. maí 1885

Benedikt Þórðarson

Jónas Jónsson eigari Svalbarða

Tómas Árnason eigari Saurstaða.

Þórarinn Þórarinsson eigari Oddsstaða

Jakob Guðmundsson umboðsmaður Kolsstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli, þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 115.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson

1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 116.

Landamerkjalyýsing
fyrir Oddsstöðum í Miðdölum

Að sunnanverðu milli Oddsstaða og Kolsstaða ræður merkjum þúfa sunnan til á Toppeyri niður undir Tunguá og þaðan beina sjónhending uppá hæsta kollinn á Kolsstaðafelli; þaðan ræður sjónhending vestur og niður að svokallaðri Fjárbrún mótst við upptök Landamerkjælæksins í brúninni; hver lækur ræður ofan fyrir börð sunnanvert við Sandhól í merkjavörðu þar sem lækurinn endar, úr þeirri vörðu bein sjónhending gegnum eina vörðu í floanum í merkjavörðu á Grundarbörðum; úr henni beint í Tunguá, en Tunguá skilur Oddsstaða og Sauðafellsland til Toppeyrar móts við fyrnefnda þúfu. Þeir sem land eiga að Oddsstaða landi, eru eigendur og umboðsmenn þessara jarða Kolsstaða Svínhóls- og Sauðafells, sem eg undirskrifaður óska að samþykki framanrituð landamerki með undirskript nafna sinna.

Oddsstöðum 27. maí 1885.

Þórarinn Þórarinsson

Benedikt Þórðarson eigandi Svínhóls

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells og umboðsmaður Kolsstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 116.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson

1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 117.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Háafelli í Miðdölum

Að norðanverður ræður Tunguá fram á móts við Flataskurð á norðanverðum Geldingadal; þá ræður sjónhending beint úr Tunguá í dæld eða smáhjalla nærhæfis Tungufellskolli; síðan ráða Álptadals eggjar allt suður í Háfskoll og úr Hafskolli ofan svokallað Vegghamraskarð og svo beina sjónhending ofan háleytið í Kárholtsvörðu, þaðan beint yfir fláasundið uppundir fjallsræturnar í grjótvörðu við flata holtskriðu kippkorn fyrir sunnan Brúðgumastaði; úr grjótvörðunni sjónhending upp fellshlíðina í svokallaðan Snagaklett uppá fellsbrúninni þaðan norður hafellið eptir sem vötnum hallar út á móts við svonefnda Lepparúst austan undir fellinu, svo úr Lepparúst, beint ofan að keldunni sjónhending yfir Haafellsmóa á Grastein fyrir austan Kolsstaði, sem stekkur stendur undir

Skrá þessi var samin 15. maí 1884, en aptur afskrifuð vegna makaskiptanna milli Haafells og Sauðfells 23. maí 1885 til þinglestus á næsta manntalspingi.

Háafelli 23. maí 1885

Finnur Sveinsson eigandi Haafells

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells og umráðamaður Kvennabrekku og Kolsstaða.

Þorsteinn Daðason eigari Svarfhóls

Lesið fyrir manntalspingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tolulið 117.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson



N^o 118.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Sauðafelli í Miðdölum með tilheyrandi sellandi á Suðurárdal og upprekstri á Mjóadal og fyrir jörðinni Hlíðartúni í Sökkólfsdal

Milli Sauðafells og Erpsstaða ræður merkjum dýskurður lítinn spöl fyrir sunnan Erpsstaðaberg og beina sjónhending úr honum til Miðár beint í tröðina niður undan bænum í Bæ; stefna þessi liggur ofan brúarholtin sunnan til í lítið holt í í flóanum niður undan Bruarholtunum í stein niðrá Kroksbakka næstum móts við Bæjartröðina; síðan liggja merkin úr áðurnefndum dýskurði beint upp á fellsbrúnina og þaðan uppá há fellshrygginn, sem ræður þangað til suðaustur gegnt merkjavörðu á háfellinu beint uppundir Lepparúst og þaðan beint niður ígegum Lepparúst til merkjakeldu og svo yfir Háafellsmóana til Tunguár beina sjónhending úr Lepparúst í Stekkjarsteininn stóra austur og upp undan Kolsstöðum, frá móasporðsmerkjavörðunni við Tunguá í línunni milli Lepparústar og Grásteins við Kolsstaðastekkin ræður Tunguá niður til Gilsprengsla ofan til við Sauðafellsstekkjarnesið; síðan liggja merkin úr Gilþrengslunum beina sjónhending niður hólmana móts við Stekkjarnesið allt niður í krók þann, þar sem Tunguá fellur að Kirkjunesinu; þaðan af ræður Tunguá til Miðár, svo ræður Miðá að vestanverðu upp til merkjanna milli Sauðafells og Erpsstaða, sem áður eru nefnd. Sauðafell á Suðurárdal allan fyrir framan Kringlugil, og ræður gil þetta merkjum milli Sauðfells og Hlíðartúns neðan frá Miðá uppá hæstu fjallseggjar, síðan ráða fjallseggjar eptir sem vötnum hallar milli Suðurárdals og Hundadals fremri allt suður á Merkjahrygg, síðan Suðurárdrög, sem koma úr tjörnunum við Merkjahrygg niður til Suðurár og síðan Suðurá og Miðá niður til Kringlugils. Sauðafell á upprekstur fyrir eigin pening að 4/5 þörtum móts við Hlíðartún frá Brandakotsgili austan Mjóadalsár og kringum Mjóadalinn eptir hæstu fjalleggjum og niður til Svínagils að vestanverðu við Mjóadalsá og ræður Svínagil merkjum milli Galtarhöfða og Mjóadals, er fylgdi Sanddalstungu við makaskipti á Sanddalstungu og Krossi samkvæmt makaskiptabrjefi frá 26. júlí 1878, sem byggt var á allrahæstum konungsúrskurði 3. maí s.á, sem út var gefinn samkvæmt erklæringum hlutaðeigandi prófasts, tillögum hinnar íslenzku stiptsyfirvalda og landshöfðingjans yfir Íslandi. Í Sauðafellsheimalandi á Hlíðartún ítak syðst og neðst í Sauðafellstungu, sbr. landamerkjaskrá Hlíðartúns hjer á eptir.

Sauðfellseigninni fylgir og Hlíðartún í Sökkólfsdal. – Landamerki milli Hlíðartúns og Skallhóls eru úr Miðá niður undan Stórhól í steinbogann í fjallinu og þaðan þverbeint uppá efstu eggjar, síðan ráða hæstu fjallseggjar að ofan milli Hlíðartúns og Hundadals fremri fram á móts við Kringlugilsbotn, svo ræður Kringlugil til Miðár, svo ræður Miðá niður á móts við Stórhól. Miðá liggur frá Kringlugili niður með hlíðinni Hlíðartúns megin að Brattamel í krókum góðan kipp fyrir framan Hlíðartúnstúnið, síðan rennur áin til landnorðurs austur undir Brattamel Breiðabólstaðar megin að Reiðskarði og síðan niður með fjallshlíðinni að austan, þangað til götuslitrin í hlíðinni liggja niður á Grafar flatlendið, þá beigist áin aptur í útvestur og ræður merkjum niður á móts við Merkjastein á Stórhól og merkjabogann í Hlíðartúnshlíðinni, sem áður er nefndur. Hlíðartún á ítak syðst og neðst í Sauðafellstungu til slægna og hrossabeitar að tiltölu við Sauðafell; sje parturinn ekki allur sleginn eptir samkomulagi við ábúanda Sauðafells eða metinn til ítölu í haga. Merki þessa ítaks eru: Merkin milli Sauðafells og Erpsstaða neðan frá Miðá uppundir Brúarholt og þaðan sjónhending norður stefnu á Sauðafell heygard lítið eitt norður fyrir Gissursstekk svo sem 20 (tuttugu) faðma, síðan sjónhending niður í Miðá, þar sem nefið fyrir sunnan Holgrafarnes gengur lengst fram að ánni. Ennfremur á Hlíðartún upprekstur fyrir eiginn pening á Mjóadal að 1/5 einum fimmta hlut móts við Sauðafell, sem á upprekstur í 4/5 hluta dalsins með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í landamerkjaskránni fyrir Sauðafelli

Skrá þessi er samin 10. maí 1884, en aptur afskrifuð vegna makaskiptanna milli Sauðafells og Haafells 23. maí 1885 til þingslesturs af næsta manntalsþingi

Sauðafelli 23. maí 1883

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells

Jón Klemenzson umboðsmaður Grafar

Ólafur Finnsson umboðsmaður Hundadals fremri

Jón Árnason eigandi Jörfa og Hamra í Haukadal

Þorleifur Andrjesson eigandi Villingadals

Guðbjörg Þorsteinsdóttir vegna Erpsstaða

Jósef Jónasson eigandi Skarða.

Jósúa Jósúason eigandi og umráðamaður Bæjar

Þ. Þórarinsson eigandi og umráðamaður Oddsstaða.

Jakob Guðmundsson umráðamaður Kvinnabrekku.

Sumarliði Jónsson eigandi Breiðabólstaðar

Ásm. Þorsteinsson eigandi að ½ Fellsenda

Guðríður Guðmundsdóttir eigandi að ½ Fellsenda

Jónas Jónsson eigandi Svalbarða

Finnur Sveinsson eigandi Haafells

Benedikt Þórðarson eigandi Svínhóls



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 118.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 2 kr. – tvær krónur. –

Halldór Daníelsson.



1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 119

Landamerki

fyrir jörðinni Skörðum í Miðdölum

Að utanverðu ræður Hamrendagil frá Miðá uppá háls og fram háls allt til upptaka þess í lægðinni milli Stórafells og Hábungu, síðan sjónhending úr sunnanverðri lægðinni milli Stórafells og Hábungu í landnorður í landamerkjagilsbotn, (áður kallað Skeggil), síðan ræður landamerkjagil til Miðár og Miðá til Hamrendagils

Skörðum 20. maí 1885

Jósef Jónasson eigari Skarða.

Teitur Bergsson eigandi Hlíðar.

Jósúa Jósúason eigandi og ráðamaður Bæjar

Guðrún Guðmundsdóttir eigari ½ Hamrenda

P. Ólafsson eptir umboði vegna ½ Hamrenda.

Jakob Guðmundsson (eigandi) Sauðafells

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulið 119.

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna –

Halldór Daníelsson.

1885

Sauðafellspinghá

29. maí

N^o 120.Landmerkjalýsing
fyrir Hamraendum í Miðdölum

Milli Hamraenda og Skarða ræður Skarðagil frá Miðá uppá háls í foss þann hinn efsta sem myndast af læk þeim, er rennur úr svokölluðum Hlíðarflóa. Milli Hamraenda Hlíðar ræður bein sjónhending frá fossinum gegnum kringlótta þúfu á litlu holti skammt frá honum í vörðu þá á norðurenda Grjótháls, sem Landamerkjavarða kallast. Úr þessari vörðu ræður landmerkjum milli Hamraenda og Snóksdals bein sjónhending norður eptir Hamraendahálsi gegnum merkjavorður sem hlaðast skulu og fyrir Torfadalsdrög í Hamra fram niður Steinbogaskarð í Steinboga undir hömrunum. Úr Steinbogaur (Þrepskjaldarins) eptir enda beina sjónhending í þá efri marksteina á Leirmúlanum og úr þeim, þá þeir neðri eru í sigti, sjónhending á Ytra-Skógskot til Miðár; ræður svo Miðá landmerkjum milli Kvennabrekku og Hamraenda samt Sauðafells og Hamraenda, til þess áður nefnt Skarðagil fellur í hana.

Eptir órjúfanlegri sætt milli eigara Hlíðar Teits Bergssonar og á hina síðu Pálma Ólafssonar fyrir hönd eigenda Hamraenda, sem framfór 10. júní 1884 að Hlíð í Hörðudal, skulu Hamraendar eigi tiltölulega sambeit við Hlíð í flóa þeim, sem liggur á milli Hlíðarbrúnar og svokallaðra Fossa, frá stefnu þeirri, sem liggur úr merkjum milli Hlíðar og Hrafnabjargar í vörðu neðan til á Grjóthálsi allt austur að merkjum milli Hlíðar í Hörðudal og Skarðs í Miðdölum.

Hjer á mætti þeim, sem lönd eiga að Hamraendalandi eða eru umboðsmenn þeirra þóknast að gefa samþykki sitt til framanskráða landamerkja með undirskript nafna sinna.

Hamraendum 20. maí 1885

Guðrún Guðmundsdóttir eigari ½ Hamraenda

P. Ólafsson eptir umboði hinnar ½ lendunnar vegna

Teitur Bergsson eigari Hlíðar

Jakob Guðmundsson eigari Sauðafells

Jósef Jónasson eigari Skarða

Guðmundur Guðbrandsson ábúandi Snóksdals -

Hans Júlíus Guðbrandsson ábúandi og eigari Snóksdals -

Lesið fyrir manntalspingsrjetti Dalasýslu að Sauðafelli þ. 29. maí 1885 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölulíð 120.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun fyrir þinglestur og bókun 1 kr. – ein króna

Halldór Daníelsson.

1886

Staðarfellspinghá

22. maí

N^o 121.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Víghólsstöðum í Fellsstrandarhreppi

(Að) austanverðu frá Silungalækjarósi við sjó ræður nefndur lækur allt svo lengi lækurinn er skýr og þaðan sem að keldurnar eru skýrasta í lautinni, í ytri lækinn sem rennur út af klettasvöðunum sem að sumir kalla Ljósalæk og svo eptir lækjarfarvegnum upp undir fjallsbrún og úr læknum sjónhending norður fjallið að Heyárvötnum og eptir sem vötnum hallar norður og út fjallið að Ormsstaða landamerkjum, svo ofan að upptökum (á) Pollsmýrar læk, ræður nefndur lækur ofan að brú, og þar skal setja vörðu, og þaðan sjónhending í vörðu þar niðurundan og þaðan í vörðu, þar sem lækurinn verður skýr aptur og eptir læknum og eptir læknum þangað til að hann dreifir sjer út í flóann og (er) þar varða, og þaðan sjónhending í vörðu niðurundan á holti ~~ni~~ í flóanum og þar höggvinn X og (úr) þessari vörðu sjónhending í vörðu (á) Vatnholti niður í Arnarbælislandi og sjónhending úr vörðunni með Vatnholti í síki; svo eptir síkjunum ofan eptir þangað til að marklækur rennur til sjávar

Kjallaksstöðum 20. majus 1886

Jón Ormsson landeigandi að Víghólsstöðum

Samþykkur vegna eiganda Vogs og Arnarbælis og Jóns Jonssonar í Purkey

Jón Bjarnason

Lesið á manntalsþingi að Staðarfelli 22. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu tölul.

121

Vottar

Halldór Daníelsson

Borgun 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



1886

Staðarfallspinghá

22. maí

N^o 122.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Litlagaltardal í Fellsstrandarhreppi

Frá Galtardalsá ræður merkjum að austanverðu gil það sem rennur úr Örskotsteigadal, svo úr Örskotsteigadalsdregum beint norður í hæsta fjallshrygg þar til vötnum hallar norður og suður; þaðan eptir fjallshrygg þeim, er liggur eptir fjallinu til útsuðurs, sem halla af til suðurs og norðurs; svo úr vesturöxl tjeðs hryggs með vörðu á eptir því sem vötnum hallar til austurs og vesturs beint í suður allt að skýrum upptökum gils þess, er nú kallast Spottgil, sem rennur úr tjörn þar; nokkuð til útsuðurs eptir fjallinu, síðan beint niður frá brún og í aðurnefnda Galtardalsá og síðan ræður áin allt að fyrst nefndu gili.

Hjer að framan skrifuð landamerki hafa verið brúkuð átölulaust alla þá tíð, er elztu menn muna og skulu hjer eptir órjúfanleg öllum öldum og óbornum.

Þetta vitnum við og samþykkjum

p.t. Víghólsstöðum 29. maí 1884

Hallgrímur Jonsson eigari að Stóragaltardal

Vegna eiganda Litlagaltardals Loptur Jónsson

Hákon Oddsson eigandi að Kjallaksstöðum og Litlutungu

Lesið á manntalsþingi að Staðarfalli 22. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul. 122.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald: 1 kr. – ein króna – borg.

Halldór Daníelsson

1886

Staðarfellspinghá

22. maí

N^o 123.

Landamerkjaskrá

fyrir Harastöðum á Fellsströnd

Á milli Harastaða og Ytrafells eru merki neðan til í mitt Harastaðaklif; þaðan í vörðu, sem er ofan til við götuna í Klifið upp mitt klifið og upp hrygg þann; sem liggur upp undan miðju Harastaðaklifi í hnöttóttan klett, sem hlaðin er varða á og nær því nær upp að vegi og þaðan sjónhending vestanhallt í Máfamýri í Flekkudalsá, síðan upp eptir henni þar til komið er á mótis við læk þann, sem rennur úr króksýki því, sem er austanhallt við Garðlag; það eru merki á milli Harastaða og Staðarfells úr Kroksýkinu í tjörn í flóanum, þaðan sjónhending í klett, sem kross er klappaður í vestan til í Kýrhól, þaðan vestan til í Hellisberg þaðan sjónhending í klett, sem er neðan til við götuna fyrir miðjum botni í Nábeinavík og er á hann markaður kross. Öll sker og hólma og alla selveiði fyrir framan Harastaðaland á Staðarfelli, og liggja merkin undir klifi fram miðjan sjá mitt á milli Neteyjar og dýpra Krokskers fyrir vestan Hallsteinasker

Staddur á Staðarfelli 30. maí 1884

fyrir hönd eiganda Harastaða Steinunnar Melsteð. Eiríkur Jónsson

Ath. sá bréf dags. 20/6 1955 þingmerkt 275

Hallgrímur Jónson meðeigandi Staðarfells og umboðsmaður fyrir Orrahól

Ögmundur Ögmundsson ábúandi Ytrafells.

Lesið á manntalsþingi að Staðarfelli 22. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 123.

Vottar Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Staðarfellspinghá

22. maí

N^o 124.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Kjallaksstöðum í Fellsstrandarhreppi

(Að) vestanverðu við Kjallaksstaðaland ræður frá Heyárósi eptir ánni til fjalls og hátt upp á fjallað allt til þess að vötnum hallar norður; og (að) austanverðu norður fjallið þangað til að Stóragils og Spottgils upptök byrja og eptir svokölluðu Spottgili; ræður gilið til Tunguár, og eptir henni ofan í Kjallaksstaðaá og eptir henni ofan í ár ósinn í sjóinn og smá flögur fyrir utan ársinn og í Vognum svokallaða Jónsflögu af Hjallflögu.

Kjallaksstöðum 20. majus 1886

H. Oddsson eigandi Kjallaksstaða.

Loptur Jónsson vegna Litlagaldardals

Jón Bjarnason vegna Vogs

Lesið á manntalspingi að Staðarfelli 22. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölulíð 124.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Staðarfallspinghá

22. maí

N^o 125

Landamerkjaskrá

fyrir Vogslandi í Fellsstrandarhreppi

Að innanverðu ræður Heyá frá ósi til fremstu upptaka. Að innanverðu ræður Silungalækur svo lengi sem hann er glöggur, þaðan ræður dýpsti og lægsti vatnsfarvegur, þar sem vatni hallar mest og á báðar síður í miðjan bala þann, sem Ljósilækur hefur myndað, svo ræður Ljósilækur til fremstu upptaka sinna innan til á Efridýabrún; þaðan sjónhending á fjall upp þangað til norður af hallar, en Ljósilækur er sá lækur sem rennur næst Kleifa- eða Stekkjarlæk í Víghólsstaðalandi. Ljósilækur fellur beint eptir endilangri fjallshlíðinni.

Fram á voginn á Vogur miðja vegu til næstu landa.

Vogi hinn 19. dag maímánaðar 1886

Jón Bjarnason ábúandi

Jón Ormsson eigandi Víghólsstaða

H. Oddsson eigandi Kjallaksstaða.

Lesið á manntalsþingi að Staðarfalli 22. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul. 125.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson.



N^o 126

Landamerki Hrappseyjar

Hrappsey fylgja þessar eyjar, hólmar og útsker

1. Norðanvert Grimsey, Grímseyjarflaga, Ulfkelsey, Úlfkelseyjarflaga með skerjum við þær, en þess skal getið, að Klakkeyjar liggja hjer á milli heimaeyjarinnar.
2. Sunnanverðu: Dagmálaey, Seley, Miðey, Yztey, 2 Seleyjarsker, Hvítasker og Svartasker, Kvíahólmi, Smiðjuhólmi, Miðeyjarhólmar 3, Hesthöfði, Miðleiðarsker, Linghólmi, Urðarholmi, Yzteyjarflaga, Nautey, Sultarhólmi, Seleyjarhólmi, þetta allt með skerjum í kring.
3. Austanverðu eru ekki eyjar milli Purkeyjar og Hrappseyjar, en ræður mitt Seljasund.
4. Vestanverðu Herdísarflaga með smáflögum út af, Hvanney Gathólmi; 2 Flateyjar, Grenshólmi, Seley, Einisey, Stangir 2, og Stangarsker, Rúghólmi, Lambatangi, Svörtusker, Bótarhólmi, Treganeshólmar 2, Grænhómi, Hundshaus, Vitaneshólmi, Hundslöpp, Eyjargafll, Nerlur, Staumflaga. En þess skal getið, að 3 hólmar liggja framan við heimaeyna, sem undir Fagurey í Snæfellsnessýslu liggja, og heita Hvíldarhólmi, Háhólmi, Hróthólmi. Þetta allt með skerjum í kring.

Landamerkjum hlýtur að ráða álar og mesta dýpi milli Hrappseyjar og útlanda hennar og aðurnefndra eyja, er næstar liggja og hjer að ofan eru nefndar, þó skal þess getið, að hólmar margir liggja innan tjeðra takmarka og heyra undir.

Hrappsey 30. desember 1884

Sk. Th. Sívertsen

Skúli Skúlason vegna Fagureyjar

Jón Jónsson ábúandi Purkeyjar og eigandi nokkurs hluta hennar

Jóhanna Kr. Jónasdóttir vegna Klakkeyja

Lesið á manntalsþingi að Ballará 24. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul.
126

Vottar Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Halldór Daníelsson



N^o 127.

Landamerki Arneyjar

Arney fylgja þessir hólmar eyjar og utsker

1. Arney
2. Norðanverður Æðarsker
3. Sunnaverður Hruthólmar 2, Álsteinn, Máey, Skjaldaey hálf, Þórarinssker, Straumstöng.
4. Austanverður Hrappshólmi, Rítingur, Krosshólmi, Hádegissker 2, Urteisker. Vestanverðu enginn hólmi nje eyja

Landamerkjum hlýtur að raða álar og mesta dýpi milli Arneyjar og útlanda hennar og aðurnefndra eyja, er næstar liggja og hjer að ofan eru nefndar.

Milli Arneyjar og Langeyjar lægð í Brjotinu

Hrappsey 30. desember 1884

Sk. Th. Sivertsen

Vegna Bíldseyjar Einar Jónsson

Vegna Fremri-Langeyjar E. Th. Gíslason

Lesið á manntalsþingi að Ballará 24. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 127.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Ballarárþinghá

24. maí

N^o 128

Skrá

yfir landamerkki Kiðeyjar í Skarðsstrandarhreppi

Kiðey fylgja Hádegisker út af henni og Urtusker enn af henni ásamt fleiri flæðiskerjum kringum hana. Að öðru leyti hefur hún sín rjettindi til sjóar að lögum gagnvart kringum liggjandi jörðum.

Akureyjum 18. maí 1883

F. Eggerz

Lesið á manntalsþingi að Ballará þ. 24. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu ~~LH~~ undir tölul 128

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna

Halldór Daníelsson



1886

Staðarhólsþinghá

25. maí

N^o 129.

Skrá

yfir merki Þverfells í Saurbæjarhreppi.

Samkvæmt lögfestu Bjarna Pjeturssonar á Skarði, dags. 14. d. aprílmán 1745 upplesinn fyrir manntalsþingsrjetti að Staðarhóli hinn 22 s.m. og 9. apríl 1838 og seinast 29. maí 1840 eru ummerki Þverfells í Snasagil í móts við Hvammsdal og uppí Hrútaborg og í Höskuldslægjardrög móts við Belgsdal og allt fellið fyrir ofan bæinn eptir því sem vötn(um) halla(r) og í hrygg þann, sem gengur í Staðarhólslægðir og í Votuhellu í Geithvammi, og í læk þann sem rennur næst fyrir sunnan Geithusatópt og síðan sjónhending í Staðarhólsá.

Ytri-Fagradal 26 febrúarmán. 1884

Sturlaugur Tómasson

Svo framanlega sem engir máldagar eða önnur lögsönnuð skilríki koma fram frá meðeigendum mínum, sem álitast á meiri tókum byggð en ofanrituð lögfesta, er eg henni í alla staði samþykkur.

E. Stephánsson eigandi $\frac{1}{2}$ Staðarhóls

Ragnheiður Ólafsdóttir ábúandi og eigandi að $\frac{1}{2}$ Hvammsdalskoti

Torfi Bjarnason vegna Belgsdals

F. Eggerz umboðsmaður yfir $\frac{1}{4}$ úr Staðarhólseyjum

Eggert Jónsson umboðsmaður yfir $\frac{1}{4}$ Staðarhólseignar

Lesið á manntalsþingi að Staðarhóli 25. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölulíð 129

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borg.

Halldór Daníelsson

1886

Staðarhólsþinghá

25. maí

N^o 130.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðina Belgsdal í Saurbæjarhreppi

Hvolsá ræður landamerkjum að norðan á milli Máskeldu og Hvols og Belgsdals neðan frá Höskuldslæknarósi fram að Belgsdals sýki; svo ræður sýkið merkjum milli Kirkjuengis og Belgsdals fram undir upptök þess eða fremsta pyttinum í því. Úr sýkisbotninum ræður bein sjónhending í hnausadys fram við Hvolsá. Síðan ræður áin fram að landamerkjagarði þeim, sem hlaðinn er á milli Hvítadals og Belgsdals. Á milli þessara jarða ræður garðurinn merkjum, það sem hann nær; þaðan ræður bein stefna upp í gjá í klettunum og þaðan upp á háfjallið og fram á Hrutaborg eptir sem vötnum hallar. Ur framanverðri Hrutaborg, úr svo kallaðri Votuhellu, eru merkin milli Belgsdals og Þverfells bein sjónhending yfir Markholt framvert við Höskuldslækjardrög og í steindys á Fellshalanum, þar sem hann er hæstur. Ur dysi þessi ræður sjónhending í Sjonarhól, þar sem hann er hæstur og þaðan í steindys á hjallanum fyrri ofan Bjarnalág, sem nú er kölluð Bjarnalág ytri. Úr dysinu eru merkin niður að Bjarnalág, og hún ræður merkjum niður að Höskuldslæk, – nú nefnt Belgsdalsgil – milli Belgsdals og Litlamúla. Þaðan ræður lækurinn allt ofan fyrir mela og á neðanverðan skjöld að upptökum landamerkjaskurðar þess, sem fyrirhugað er að grafa úr mynni Höskuldslækjar upp á Skjöld, og sem framvegis ræður merkjum milli Belgsdals og Litlamúla; frá skurðinum ræður Höskuldslækur niður að ánni.

Belgsdalur á veiðirjett í Hvolsá fyrir sínu landi

Ólafsdal 18. maímán. 1886

T. Bjarnason

Guðbrandur Sturlaugsson eigari Hvítadals.

Indriði Indriðason vegna Hvols

Guðný Jónsdóttir ábúandi á Litlamúla

Jón Magnússon ábúandi á Þverfelli (handsalað)

Ólafur Ólafsson umráðamaður Litlamúla

Sturlaugur Tómasson eigandi ½ Þverfells.

Lesið á manntalsþingi að Staðarhóli 25. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 130.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Hvammspinghá

26. maí

N^o 131.

Landamerki

fyrir jörðinni Laugum í Hvammshreppi.

Milli Sælingsdalstungu og Lauga ræður á sú, er eptir dalnum rennur, somuleiðis milli Gerðis og Lauga, einnig milli Sælingsdals og Lauga allt fram á leyti að framanverðri Koppsmýri; þar Koppshamar skerast lengst ofan í hlíðina, og þaðan sjónhending þvert í Lambadalsá, úr sama örnefni, Kopp og það á fjall upp og svo eptir því sem votnum hallar og í það örnefni, sem Skorarlág er kölluð og frá Skoralág ræður Merkihryggur á milli Hóla- og Lauga-lands, svo sjónhending af Merkihrygg í ósinni á Brokalæk, þar sem hann í fyrnefnda á fellur

Jens Jónsson eigandi Lauga og Gerðis.

Magnús Jónsson eigari Sælingsdals

Jón Einarsson ábúandi á Hólum

J. Guttormsson umráðamaður Hvamms

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi Sælingsdalstungu

Lesið á manntalsþingi að Hvammi 26. maí 1886 og og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 131.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



1886

Hvammspinghá

26. maí

N^o 132.

Landamerki

fyrir jörðinni Gerði í Hvammshreppi.

Milli Sælingsdals og Gerðis ræður landamerkjum gil það, er Stakkagil heitir ofan úr fjalli og í ósinn á Langholtslæk, þar sem lækurinn skerst upp í skriðuna. Milli Langa og Gerðis ræður Sælingsdalsá. Milli Sælingsdalstungu og Gerðis ræður landamerkjum sjónhending úr ósnum á svokölluðum Sundpolli eptir vörðum, sem hlaðnar eru upp hlíðina með stuttu millibili á fjallsbrún upp.

Hóli 29. maí 1884

Jens Jónsson

Magnús Jónsson eigandi Sælingsdals

Guðbrandur Sturlaugsson eigandi Sælingsdalstungu.

Lesið á manntalsþingi að Hvammi 26. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 132.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



N^o 133.

Lýsing á landamerkjum
fyrir jorðinni Sælingsdalstungu í Hvammssveit

Milli jarðanna Sælingsdalstungu og Leysingjastaða ræður Hafragil landamerkjum upp á háfjall, þar til vötnum hallar norður, síðan norður eptir fjallinu norður í upptök Rjettargils; úr Rjettargili beina sjónhending í vörðu þá, er stendur á holtinu fyrir sunnan Mjósundin; úr þeirri vörður sjónhending beina í Hafragil; ræður svo það gil merkjum til norðvesturs uppúr Svínadal að upptökum þess; síðan þaðan sjónhending vestur yfir hraunið til Mýrarsunda fram úr Seljadal, og aðskilst Hvammsdalsland þar frá Sælingsdalstungulandi eptir því, sem votnum hallar á Sælingsdalstunga Seljadal allan með svonefndu Miðfjalli. Síðan frá Mýrarsundum ræður sjónhending til suðurs heim Tungumúla eptir vatnahalla heim á móts við vörðu þá, er stendur á vesturbrún múlans, er hefur nefnzt og nefnist Landamerkjavarða; frá þeirri vörðu ræður bein sjónhending niður hlíðina að landamerkjasteinum í Gerðisleyti, og um bein sjónhending frá þeim steinum í Sundpollskeldu og í ósinn á Sundpolli við Sælingsdalsá; ræður síðan sú á, eður elzti farvegur hennar ofan að Tungusporði, þar saman koma árnar. Síðan ræður Svínadalsá hin syðri merkjum norður að Hafragili.

Hvítadal 20. maí 1884.

Guðbrandur Sturluagsson eigandi

Halldór Pjetursson eigandi Leysingastaða

Indriði Gíslason eigandi Hvols

Magnús Jónsson eigandi Sælingsdals

Jens Jónsson eigandi Gerðis.

Lesið á manntalsþingi að Hvammi 26 maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul. 133.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



1886

Hvammsþinghá

26. maí

N^o 134

Landamerkjabrjef
fyrir Ásgarði í Hvammssveit

Við syðri síðu landsins rennur lækur fyrir vestan Magnússkóгатún, sem er kallaður Merkjalækur milli Ásgarðs- og Magnússkógalands og rennur ofan í svonefndan Skjöld, hvar hann dreifist; er úr honum sjónhending ofan flóann og í merkjaþúfu, er kölluð er Fuglstapaþúfa á grund, og svo til sjóar og ræður svo sjór fyrir landi vestur til Laxár, og ræður nefnd Laxár uppeptir til lækjar þess, er í hana rennur og kallaður er Asnalækur; svo ræður tjeður lækur uppeptir, þar til svokallaður Stapalækur í hann rennur og eptir honum og upp fyrir norðan Litlastapa og upp í Löngulág og eptir því sem hún ræður og svo úr Löngulág í börðin ofan til við heimri Ballargilsbotn og inneptir börðunum til Ballargils, er þaðan ræður lækur upp eptir Fálu flóa, sem hefur upptök sín norðan til við Miðfell og þaðan beina sjónhendingu í Sandfell, þar sem vötn skiptast suður og vestur; svo ræður sjónhending úr Sandfelli í drög á svo nefndum Snjófannadal, er Glerá hefur upptök sín; svo ofan Glerdal, eptir því sem Glerá ræður niður að Rauðsgili, þá ræður gilið upp eptir, þar til tekin er sjónhending úr uppsettu merki við það ofan eptir í svonefndan Grenhól, svo úr honum sjónhending ofan og heim yfir Mjóagil ofan í Hallborg hina hæstu og úr henni ofan eptir uppsettum merkjum sjónhending heim í Seltóptir við Ballargil; svo ræður úr Seltóptum þessum ofan eptir uppsettum steinum heim eptir í drög á þeim fyrst nefnda merkjalæk, er liggur fyrir austan svo nefndan Daðahól, og liggur lækurinn svo ofan sem fyr getið.

Svo er þess hjer með getið, að Magnússkógar eiga landspart þann, er Slitur er kölluð í Ásgarðslandi og liggja til vesturs frá fyrnefndum merkjalæk, og ræður að ofan svokölluð Leynigata skammt fyrir innan þjóðveg inn á svonefnda Ás, og eptir honum ofan á enda hans; svo er tekin sjónhending úr nefndum ásenda og suður í svonefndan Skjöld við nefndan merkjalæk. Ennfremur liggur í Ásgarðslandi svokallað kirkjuengi frá Hvammi rjett með Laxá kippkorn fyrir ofan sjó, sem er mikið til sljett eyri, og merki í kringum það eru að neðan sýki, er liggur út úr ánni til austnorðurs og svo eptir lækjardragi uppí annað sýki, sem liggur fyrir sunnan engið, svo upp frá því syki, liggur lítið lautardrag með lágu barði til utnorðurs aptur að Laxá, spotta fyrir neðan tjörn þá, sem þar er hærra við árbakkann.

Ljárskógum 15. maí 1885

Jóhann Arngrímsson eigari að ½ Ásgarði

J. Guttormsson umráðarmaður Kirkjuengis



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Jónsson ábúandi (á Ásgarði)
Guðmundur Guðmundsson bóndi í Magnússkógum
Magnús Jónsson bóndi í Glerárskógum
Halldór Pjetursson bóndi á Leysingastöðum

Lesið á manntalsþingi að Hvammi 26. maí eðg 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir
tölul 134.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



1886

Hjarðarholtsþinghá

27. maí

N^o 135.

Landamerkjaskrá

yfir Ljárskogaland í Laxárdalshreppi

Að sunnanverðu ræður Ljá frá ósi til Rauðalækjar, úr Rauðalækjarós í Húsgarð, úr Húsgarði sjónhending í Kringlumýri, úr henni í Kolhól, úr Kolhól sjónhending í Krossvörðu, úr Krossvörðu í Tvívörður, úr þeim í krókinn á Þverá, þar sem hún beygir til vesturs Þverá ræður til neðsta vatns, eptir því miðju, svo ræður Þverá til miðvatns, eptir því miðju, þá ræður Þverá til fremsta vatns; svo eptir því miðju; en fremsta vatni í Krossaxlarvatn, úr því í Leirkolsborg, sjónhending úr Leirkolsborg í Skollhól, þaðan í Fjórðungavatn uppi á Hjarðarfell; úr Fjórðungavatni eptir svokölluðum Þröskuldum í Þröskuldavatn, sem vötnum hallar, eptir Rjúpnafelli, sem vötnum hallar og yfir Vatnadal sem vötnum hallar til austurhryggja og Mýrdals sem vötnum hallar til upphafs Stikukvíslar, Gaffell til upphafs Koldukvíslar. Kaldakvísl ræður til Faskrúðar, Faskrúð til sjávar. Sjór ræður til Ljár. Veiði í ám og vötnum jafnframt landinu á báðar síður fylgir að lögum.

Ljárskógum 2. maí 1886

Jón Bergþórsson Jósef Jónsson jarðeigendur

Vegna eigenda Guðlaugsvíkurlands Páll Ólafsson

Jakob Guðmundsson eigandi Hamra

Jón Jónsson ábúandi á Brunngili

Magnús Jónsson eigari Glerárskóga

Sk. Halldórsson eigari og umráðamaður Gillastaða

Einar Þorkelsson ábúandi á Hróðnýjarstöðum

G. Guðbrandsson ábúandi Sámstaða

J. Guttormsson umráðamaður Hjarðarholts.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 27. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 135.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

1886

Hjarðarholtsþinghá
27. maí

N^o 136.

Landamerkjaskrá
fyrir jörðinni Hömrum í Laxárdalshreppi

Að norðan ræður Hólmavatnsá frá því hún fellur í Laxá allt norður í Hólmavatn, úr Hólmavatni í Reiðgötuvatn, þaðan sjónhending beint í Gullhamar; frá Gullhamri í Prívörður, þaðan í Bakkárvatnsós vestari, úr Bakkárvatni í há Snjófannaás og eptir Snjófannaás í vörðubrot ~~sunnan~~ norðan til á ásnum, af ásendanum beint í Fiskivatn syðra, úr því í Fiskivatn norðara, og þaðan beint upp í Fjórðungavatn upp á há Hjarðarfelli; og úr Fjórðungavatni eptir há fellinu og síðan eptir holtás, sem liggur suður og ofan að Sámstaðaá fyrir norðan Breiðeyrar. Síðan ræður Sámstaðaá til Laxár og svo Laxá í Hólmavatnsárós, sem upphaflega greinir.

Að því viðbættu, að svo kallaður Hríshólmi, sem nú er Hamra megin við Sámstaðaá af því áin hefur breytt sjer, er Sámstaðaland.

Til staðfestu undirskrifuð nöfn hlutaðeiganda.

Sauðafelli 10. janúar 1884

Jakob Guðmundsson eigandi Hamra.

Þorvarður Bergþórsson eigandi Sámstaða

Sigtryggur Finnsson eigandi og ábúandi Sólheima

Guðmundur Guðmundsson ábúandi Ljárskóga

Lesið á manntalsþingi að Hjarðaholti 27. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul. 136

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Hjarðarholtsþinghá

27. maí

N^o 137.

Landamerkjabréf
fyrir Svarfhóli í Laxárdal

Norðan halt úr Leirmúla við Laxá upp há Skyrkelduholt (hvar stór jarðföll eru fyrir utan, sem kallast Skyrkelda) þaðan eptir djúpri skriðu í hlíðunni upp á brún norðanhalt við Svarfhólshnúka, þaðan í Grafarvötn, svo uppá Bjarnarfell, þaðan norður eptir fjallinu, sem vötnum hallar á hnúk, er stendur austast í fellinu, þaðan suður í Tröllháls, er liggur suður undir Rjúpnafelli, þaðan úr suðurenda hálsins ofan að Hestvallarvatni; úr því rennur Þverá, er merkjum ræður ofan að Leirmúla, er stendur við Þverdal framan (og) neðan til við neðra Fjárgil, þaðan sjónhending í útnoður í Þrándarvatnsenda austari; úr vestur enda þess ofan í Djáknastapa; úr stapanum ofan í gráan stein, merktan „Lm“ neðan til við lágina vestan undir Sigmundarholti þvert ofan í árbakkann við Laxá, er ræður merkjum til Leirmúla – Svarfhóll á hálfu veiði í Laxá móts við Lambastaða- og Gillastaðaland.

Svarfhóli þann 20. maí 1885

Jóhannes Halldórsson eigari Svarfhóls

Arngrímur Magnússon eigandi Smirlhóls

Jón Markússon umráðamaður Grafar

Kr. Tómasson umráðamaður Skógsmúla

Jón B. Jónsson eigandi að hálfu Vatni

Sk. Halldórsson eigandi og umráðamaður Gillastaða

Jens E. Laxdal eigandi Leiðólfsstaða

Jósef Jónsson eigandi meiri hluta Lambastaða

J. Guttormsson umráðamaður Þrándarkots.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 27. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 137.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

1886

Jörfaþinghá

28. maí

N^o 138.

Laugardaginn þann 3. maí 1884 var gjörð áreið á landamerki kringum Köldukinnar land af eigara og ábúanda tjeðrar jarðar með fleirum og var álitið og samþykkt, samkvæmt því sem menn vita að áður hefur verið og hjer segir: Frá Haukadalsá, þar sem landamerkjaskurður fellur í hana fyrir framan og neðan Langaás, svo sjónhending úr skurðsbotninum upp landamerkjásundið í landamerkjælækin þar sem hann kemur fram á milli holtanna og dreifist út um sundið. Svo ræður lækurinn upp þar til kemur krókur á hann hjá holtenda fyrir framan og ofan breiðar þær, sem eru fyrir ofan Barnaborg, svo sjónhending frá Lækjarkroknum í stein, sem stendur á holtás utan og neðan Einhyrning og svo sjónhending frá steininum í svokallaðan Tvíhyrning á há hálsinum. Svo beina sjónhending fram hálsinn frá Tvíhyrning á svonefndan Sandhól, svo af honum í Krossstein og frá steininum beint í Hrutagil, svo ræður það ofan til Þverár, svo ræður hún þar til hún fellur í Haukadalsá að neðanverðu til áðurnefnds landamerkjaskurðs fyrir fram(an) og neðan Langaás.

Köldukinn 14. maí 1884

Jónas Jónsson ábúandi Stafholtskirkju vegna

Jónas Jonsson eigari ½ jarðarinnar

Jóhannes Stefánsson eigandi Höskuldsstaða

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Kr. Tómasson umráðamaður Skógsmúla.

Jóhannes Jónsson ábúandi á Sauðhúsum

Jón Guðmundsson bóndi á Stóraskógi

~~Jón Guðmunds~~

Lesið á manntalsþingi á Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 138.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borg.

Halldór Daníelsson



N^o 139

Landamerkjaskrá
fyrir Vatni í Haukadál

Að vestan ræður Þverá frá því hún rennur í Haukadalsá norður og austur á fjall, þar til hún kemur úr Hestvallarvanti í há Nupsfell þá sjónhending úr miðju Hestavallarvatni, af há Nupsfelli vestur eptir fjallgarðinum eptir því sem vötnum hallar allt vestur í Rekagilsbotn, þá Rekagil, þá ræður gilið í Haukadalsvatn, síðan vatnið í Haukadalsá þar til Þverá fellur í hana.

Ketilsstöðum 14. maí 1884

Jón B. Jónsson eigandi Vatns

Jón Benediktsson eigari halfs Smirlhóls

Jón Árnason eigandi að Skriðuholti (handsalaði)

P. Bergþórsson eigari Leikskála

Kr. Tómasson umráðamaður fjallalandsins fyrir norðan Þverá

J. Jónsson ábúandi á Köldukinn

Jón Guðmundsson umráðamaður $\frac{3}{4}$ hluta Stóraskógs

Þorsteinn Daðason eigari Fremraskógs

Jónas Jónsson eigari Ytra-Skógs

Lesið á manntalsþingi að Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölulið
139

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



N^o 140.

Landamerkjaskrá

fyrir Stórvatnshorni og Skinnþúfu í Haukadal

Landamerki Stórvatnshorns og Skinnþúfu eru þessi: Milli Stórvatnshorns og Vatns ræður Rekagil þaðan sem það fellur í Haukadalsvatn á fjall upp, þá ræður bein stefna frá upptökum gilsins norður á hæstu fjallsbrún, þá vötnum hallar norður af; ræður svo hæsta fjallsbrún austur eptir fjallinu að merkjalínu milli Stórvatnshorns og Skriðukots, gegnt Eiríksstaðagili, sem ræður niður fjallið þangað sem það fellur í kvísl af Haukadalsá, hvor kvísl ræður austur til aðalárinnar við Styttingsnes, þaðan ræður merkjum milli Stórvatnshorns og Saurstaða Haukadalsá fyrir sunnan Hríshólmana, þar til komið er móts við svo kallaðan Sefpoll (pitt); ræður þá milli Skinnþúfu og Saurstaða bein stefna frá ánni gegnum 2 torfvörður í Sefpollinn (pittinn), ur honum beint í pitt í upptökum keldu þeirrar, sem er milli greindra pitta, þá úr síðarnefndum pitt í annan pitt niður undan Votakletti úr þeim pitt í Votaklett, úr Votakletti beint í Þrívörður úr Þrívörðum vestur eptir hæstu holtum nálægt veginum til Svalbarðalands fyrir vestan Torfdalsbotn; þaðan ræður milli Skinnþúfu og Litlavatnshorns bein sjónhending í Landamerkjálág; ræður svo láginn niður hálsinn og beint í Haukadalsá við Kirkjunes. Síðan ræður Haukadalsá og hennar gamli farvegur ofan með völlum til Haukadalsvatns við Yztanes, síðan ræður Haukadalsvatn til áðurnefnds Rekagils. – Stórvatnshorn á ½ veiði í Haukadalsá fyrir sínu landi; á hveggjarland sem áin kann hjer eptir að færa sig, er hinn sami helfunga veiðirjettur gildandi, en landamerki þó hin sömu sem frá segir í brjefi þessu.

Þann 18. maí 1885 framfór og fullgjörðist svolátandi samningur órjúfanlegur milli eigenda Stórvatnshorns og Saurstaða að Skinnþúfa skal hafa frjálsa beit í Saurstaðalandi á hálsinum og hlíðinni móti 10 (tíu) álna endurgjaldi á ári hverju frá ábúanda Skinnþúfu.

Landamerki milli Stórvatnshornsmúla og Skarð eru: Svínadalsá frá Haukadalsá eptir Svínadal á fjall upp og á fjalli sem votnum hallar allt til upptaka Sljettadalsár, hver á ræður ofan Sljettadals milli nefnds múla og Jörfalands til Haukadalsár; hún ræður síðan að Svínadalsá.

Stórvatnshorni 15. maí 1886

Jón B. Jonsson og Jónas Jónsson eigendur Stórvatnshorns

P. Ólafsson umráðamaður Litlavatnshorns

Jón B. Jónsson eigari Vatns

Tómas Árnason eigari Saurstaða



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Árnason eigari Skriðukots

Jón Jónsson eigari Mela

Lesið fyrir manntalsþingi að Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul
140

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



1886

Jörfaþinghá

28. maí

N^o 141.

Skýrsla

um landamerki fyrir Giljalandi í Haukadal.

Á milli Giljalands og Smirlhóls ræður svonefnt Farmgil, allt þangað til að gil fellur í það, sem Þvergil nefnist er ræður merkjum til upptaka þess, svo frá upptökum Þvergils eptir há Geldingafelli á hæð vestari hæst á því, af hæðinni beint ofan Skarðsgilsbotninn að lágum sandhól, sem er í botninum, við gilið hjá grasbarðsnefi, sem skerst fram í skarpasta krókinn þá gilið fer að beygjast vestur á við; ræður svo gilið merkjum í Haukadalsá, og svo áin til áður nefnds Farmgils.

Þorbergsstöðum 4. maí 1886

Kr. Tómasson eigandi og umráðamaður Giljalands

A. Magnússon eigari ½ Smirlhóls

Jón Benediktsson eigari að hálfum Smirlhól

Oddur Sólmundsson Giljalandi

J.Ó. Magnússon umráðamaður Kross.

Þ. Andrjesson eigari Villingadals.

Lesið á manntalsþingi að Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 141.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

N^o 142.

Landamerkjaskrá
fyrir Litlavatnshorni í Haukadal.

Landamerkjum ræður Haukadalsvatn frá Prestagili til Stórvatnshornslands að Yztanesi; þaðan frá vatninu ræður Haukadalsár gamli farvegur suður með vollunum, þaðan afram ræður Haukadalsá til Kirkjuness; þá bein stefna frá í landamerkjalág, sem ræður merkjum milli Litlavatnshorns og Skinnþúfu, síðan bein sjónhending úr lágarbotninum í Skugga, úr honum sjónhending í Litlavatnshornsborg móts við Svalbarðaland, þaðan ráða hæstu holtabrúnir, eður svokölluð Bólabrún vestur gegnt Prestagilsbotni, síðan ræður Prestagil merkjum milli Litlavatnshorns og Stóraskógs suður Bólin til Haukadalsvatns.

Fyrir sínu landi á Litlavatnshorn hálfra veiði í Haukadalsá móts við Stórvatnshorn; á hvorrar jarðarinnar land, sem áin kann hjer eptir að færa sig, helzt hin sama helfingaveiði, en samt haldast hin sömu landamerki, sem brjef þetta frá greinir.

Svalbarða 15. maí 1886

P. Olafsson J. Jónasson Þ. Daðason H. Pjetursson umboðsmenn Litlavatnshorns

Jónas Jónsson eigari að parti úr Stóraskógseign

Jón Guðmundsson umráðamaður að nokkru af Stóraskógi

Þ. Daðason eigari Syðraskógskots

Jónas Jónsson eigari Svalbarða

Lesið fyrir manntalsþingi að Jörfa 28. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 142.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Blönduhlíðarþinghá

29. maí

N^o 143.

Landamerki

fyrir jörðinni Fremri-Vífilsdal í Hörðudal

Í fyrstu eru landamerki við Neðri Vífilsdalsland vestan Hörðudalsár, svo kallaður Nónsteinn framan í mulanum; síðan beina stefnu úr fyrrnefndum steini í krossmarkaðan klett niður í Grjótkúlu uppundan mýrinni, svo úr þessum fyrnefnda kletti í grjóthrógu í dýi í mýrinni, þaðan sjónhending í efsta bug á Gulalæk, þaðan sjónhending þvert yfir Hörðudalsá í krossmarkaða klöpp á Klapparholti austanverðu árinna, svo þaðan sjónhending þvert upp í krossmarkaðan klett norðan til við einstigið, og þaðan í efstu brún sem vötnum hallar, svo fram hæstu brúnir sem vötnum hallar á móts við Neðri-Hundadalsland; svo suður Mjóatagl og Háhnúk til hæstu brúnar á heiðinni, eptir því, sem vötn deila, svo fyrir Arnkeldsals og Vífilsdals botna sem vötnum hallar.

Sömu leiðis vestur Seljamúla og fyrir Rangárdalsbotn eptir svo kölluðum Kattarhrygg, allt norður í há Hest svo ofan múlahrygginn ofan í fyrnefndan Nónstein framan í múlanum; þess utan á Neðri-Vífilsdalur frían geldfjár upprekstur í Fremri-Vífilsdalslandi og mánaðarþing fyrir allt sitt sauðfje haust og vor.

Kristín Kristjánsdóttir eigandi að ½ Fremri-Vífilsdal

Guðjón Eggertsson eigandi að Neðri Vífilsdal

Illugi Björnsson eigandi að parti í Fremri-Vífilsdal

Jónas Jónasson ábúandi á Fremri-Vífilsdal

Jón Einarsson Jón Klementsson vegna Neðri-Hundadals

Lesið á manntalsþingi að Blönduhlíð 29. maí 1886 og innfært í landamerkjabók sýslunnar undir tölul. 143

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



N^o 144.

Landamerki

fyrir jörðinni Harrastöðum í Miðdalahreppi
eru til lands, vatns og sjávar sem hjer greinir:

Miðá ræður frá sjó allt upp að svokölluðu Kaldasýki, er liggur fyrir norðan Leiðarhólma, úr sýkinni ræður svo upp engjarnar kelda sú, er hefur upptök sín úr ytri Leirgróf, ræður þá grófin, svo beina sjónhendingu ur vestari botni Leigrófarinnar í svo kallað Klapparholt, úr holtinu sömu stefnu norður í Leynifitarlæk; ræður svo sá lækur til Haukadalsár; svo ræður Haukadalsá með hennar hálfri veiði fram til sjáfar; svo fylgir jörðinni svo kallaður Arnarhólmi í fjörum fram, er næst liggur Harrastaðalandi

Harrastöðum 15. maí 1886

Þórður Þorsteinsson

Helgi Guðmundsson umráðamaður Snóksdalseigna

Magnús Kristjánsson vegna Lækjarskógs

Hans Júlíus G(uðbrandsson) fyrir sinn hluta í Snóksdal

Jón Guðmundsson umráðamaður Stóraskógs að nokkru leyti.

Þorsteinn Daðason vegna Syðraskógskots

Jónas Jónsson, eigandi Ytraskógskots og parts úr Stóraskógi, með geymdum rjetti til afgjöra um veiðir^{jett} í Haukadalsá.

Lesið á manntalsþingi að Sauðafelli 31. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 144.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

N^o 145

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Fellsenda í Miðdalahreppi.

Á háleytinu milli Þórólfsstaða og Fellsenda stendur steinn, er ræður merkjum; úr honum beint ofan í Miðá; úr sama steini í annan flatan stein, sem er honum gagnvart upp í fellinu; úr þeim steini skáhallt yfir fellið í Bjarnaborg; úr Bjarnaborg ofan í smáholt norðan til við Taglmýri þaðan sjónhending upp í Hundskinnargilsfoss, þaðan uppá hábrún; síðan eptir há fjallgarðinum, suðaustur í Gamalhnúka, það beint í Merkjahryggskollinn; þaðan eptir Merkjahrygg í Tröllakirkju, og síðan allan hálfan Reykjadal eptir því sem Reykjadalsá ræður ofan fyrir Grafarmúla, og svo þaðan eptir fornum farveg árinna norðan til við Langhólma allt til Miðár ofan gegnt fyrnefndu háleyti

Að Fellsendalandi liggja þessi lönd: Þorólfsstaða Svarfhóls, Haafells, Geldingadals- og Sauðafells afrjettarlönd.

Grafar, Skallhóls og Hundadals fremri

Ásmundur Þorsteinsson Guðríður Guðmundsdóttir Kristján Þorsteinsson Sesselja Magnúsdóttir eigendur Fellsenda

Jónas Jónsson umráðamaður Fremri Hundadals

Finnur Sveinsson eigari Háafells

Jón Einarsson eigari Skallhóls

Ingibjörg Sveinsdóttir eigari Grafar

Jakob Guðmundsson umráðamaður Geldingadals og eigandi Sauðafells

Þorsteinn Daðason eigandi Svarfhóls.

Lesið á manntalsþingi að Sauðafelli 31. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 145.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson

1886

Sauðafellspinghá

31. maí

N^o 146.

Landamerkjaskrá

fyrir jörðinni Gröf í Miðdalahreppi

Við Miðá milli Langhólma og Stórhólma liggur forn árfarvegur fram með Grafarmúla til Reykjadalsár og svo allan hálfan Reykjadal eptir því sem áin ræður allt suður í Tröllakirkju, þaðan í Urðarvatnsgil, og svo eptir sem vötnum hallar vestur á Sprengibrekku, þaðan eptir há Reykjadalseggjum og svo eptir Reykjagilsdrögum ofan í Háahnúk, þaðan beina sjónhending ofan í svokallaðan Merkjaskurð, sem rennur til Miðár, og svo ræður Miðá vestanvert við Lambhólma og allt, ofan að ofangreindum árfarveg milli Langhólma og Stórhólma

Ingibjörg Sveinsdóttir eigandi Grafar

Sumarliði Jónsson eigari Breiðabólstaðar

Jón Einarsson eigari Skallhóls

Ásm. Þorsteinsson umráðamaður og eigari Fellsenda

Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafells og Hlíðartúns

Lesið á manntalsþingi að Sauðafelli 31. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 146.

Vottar

Halldór Daníelsson.

Gjald 1 kr. – ein króna – borg.

Halldór Daníelsson

1886

Sauðafellspinghá
31. maí

N^o 147.

Landamerkjabréf
fyrir Snóksdal og Gilsbakka

Frá Miðá, þar sem Leirmúlavörðurnar standast á í beinni sjónhendingu; þar eru steinar merktir með krossum á efri Leirmúlavörðu sjónhending í Steinbogans efri enda, þá í Steinbogaskarð upp á hömrum, þaðan í vörðu, sem hlaðin er á klett krossmerkta; úr þeirri vörðu sjónhending suður eptir hálsinum (austan Torfdals) í vörðu í norðurenda Grjótháls; þar er krossmerktur steinn; þaðan sjónhending í vörðu á Tvívörðuhól, þar er krossmerktur steinn; þaðan norður eptir hálsinum eptir því sem vötnum hallar á Sjónarhól; þar er steinn merktur með kross; þaðan sjónhending í klett, krossmerkta suður og uppundan Hörðubólsbundu, þaðan sjónhending í krossmerkta klett, sem er þar niður í Skörðunum; úr þeim kletti sjónhending í þufu, sem hlaðin er á barðinu fyrir ofan mýrina sem Leirlækur dreifist um, þaðan sjónhending í Miðá, þar er stór steinn að norðanverðu við ána merktur með krossi í Harrastaðalandi, þá ræður Miðá, þar til Leirmúlavörður standast á.

Hóli 22. maí 1886

Helgi Guðmundsson umboðsmaður Snóksdalseigna

Guðrún Guðmundsdóttir eigandi ½ Hamraenda

Þórður Þorsteinsson vegna Harrastaða.

Lesið á manntalsþingi að Sauðafelli 31. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 147.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borg.

Halldór Daníelsson

1886

Sauðafellspinghá

31. maí

N^o 148

Landamerki

fyrir jörðinni Hörðubóli í Miðdölum

Frá sjó ræður Miðá eins og hún rennur, þar til stór steinn er merktur með kross að norðanverðu við ána í Harastaðalandi; úr þeim steini sjonhending í þúfu, sem hlaðin er á barðinu, þar sem Leirlækur dreifist út um mýri; í hana eru lagðir 3 steinar og kol; úr þúfunni er sama sjónhending í klett merktan með krossi; hann er skammt fyrir ofan veginn; þaðan sjonhending í klett krossmerktan, sem er suður og austur af Hörðubólslungu; úr þessum kletti sjónhending í vörðu á fyrnefndri lungu; þaðan í stóran stein krossmerktan (sem er niður á bótinni; þaðan í hlaðna þúfi sem er að austanverðu við syðri enda Hörðubólslungu, þaðan sjónhending til Hörðudalsár, þaðan ræður áin eins og hún nú rennur til sjóar.

Hóli 22. maí 1886

Helgi Guðmundsson umboðsmaður Snóksdalseigna

Jóhannes Jónsson eigari að ½ Þorgeirsstaðahlíð

Þórður Þorsteinsson vegna Harrastaða.

Lesið á manntalsþingi að Sauðafelli 31. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 148

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borg.

Halldór Daníelsson



1886

Sauðafellspinghá

31. maí

N^o 149

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Þorgeirsstaðahlíð í Miðdölum

Frá Hörðudalsá ræður sjónhending til þufu, sem hlaðin er að austanverðu við syðri enda Hörðubólshlíð þáðan í hlaðna þúfu (sem er uppi í bólinu) þáðan í vörðu á Hörðubólshlíð, þáðan sjónhending í krossmerktan klett, sem er suður og austur af fyrrnefndri bungu; þáðan sjónhending suður eptir hálsinum allt á Sjónarhól, þar er steinn með krossi; þáðan eptir því sem vötnum hallar í Tvívörðuhól, þáðan sjónhending sunnan til við Lambaborg í vörðu, er stendur ofan til við klettabrún; þáðan sjónhending í Leirgróf sem hún fellur í Hörðudalsá þáðan ræður Hörðudalsá til fyrgreindra merkja

Hóli 26. maí 1886

Helgi Guðmundsson umboðsmaður Snóksdalseigna

Jóhannes Jonsson eigandi að ½ Þorgeirsstaðahlíð

Gísli Þórðarson eigandi og umboðsmaður Ytri Hrafnabjarga

Lesið á manntalsþingi að Sauðafelli 31. maí 1886 og innfært í landamerkjabók Dalasýslu undir tölul 149.

Vottar

Halldór Daníelsson

Gjald 1 kr. – ein króna – borgað

Halldór Daníelsson



Skrá yfir jarðinar.

<u>I. Hörðudalshreppur:</u>	Bls.	nr.
1. Dunkur	3	1
2. Álftatraðir	4	2
3. Dunkárbakki	6	3
4. Blönduhlíð	7	4
5. Bugðustaðir	9	5
6. Bjarmaland (áður Geitastekkur)	10	6
7. Gunnarsstaðir	12	7
8. Hamar	13	8
9. Hóll	14	9
10. Ketilstaðir	16	10
11. Selárdalur	16	11
12. Tunga	18	12
13. Hrafnabjörg ytri og fremri	131	106
14. Hlíð	132	107
15. Vífilsdalur neðri	134	108
16. Seljaland	136	109
17. Gautastaðir	137	110
18. Vífilsdalur fremri	181	143
<u>II. Miðdalahreppur:</u>	Bls.	Nr.
1. –Breiðabólstaður	19	13
2. –Erpstaðir	20	14
3. –Hundadalur fremri	21	15
4. –Hundadalur neðri	23	16
5. –Bær	24	17
6. -Hvítskjaldarhóll (Skallhóll)	25	18
7. -Svarfhóll	26	19
8. -Þórólfsstaðir	27	20
9. -Skógsmúli og Þverdalsland	138	111
10. -Stóri Skógur	139	112
11. -Kvennabrekka ás. (Kirkjuskógi, Kringlu, Kolst. og Geldingad.)	141	113
12. -Svalbarði	146	114
13. -Svínhóll	147	115



14. -Oddstaðir	149	116
15. -Háafell	150	117
16. -Sauðafell og Hlíðartún	151	118
17. -Skörð	155	119
18. -Hamraendar	156	120
19. -Harrastaðir	182	144
20. -Fellsendi	183	145
21. -Gröf	184	146
22. -Snóksdal og Gilsbakki	185	147
23. -Hörðuból	186	148
24. -Þorgeirstaðahlíð	187	149

III. Haukadalshreppur:

	Bls.	Nr.
1. Leikskálar	29	21
2. Þorsteinstaðir fremri	30	22
3. Skriðukot	32	23
4. Núpur	33	24
5. Mjóaból	34	25
6. Smyrlahóll	35	26
7. Hamrar	36	27
8. Þorsteinsstaðir ytri	123	101
9. Saurstaðir	125	102
10. Jörfi	127	103
11. Kross	128	104
12. Villingadalur	129	105
13. Kaldakinn	175	138
14. Vatn	176	139
15. Stórvatnshorn og Skinnþúfa	177	140
16. Giljaland	179	141
17. Litla Vatnshorn	179	142

IV. Laxárdalshreppur:

1. Kambsness	37	28
2. Lækjarskógur	38	29
3. Þorbergsstaðir	39	30
4. Sauðhús	41	31
5. Höskuldsstaðir	42	32



6. Hornstaðir	44	33
7. Leiðólfstaðir	45	34
8. Sámstaðir	47	35
9. Gillastaðir	48	36
10. Lambastaðir	49	36
11. Goddastaðir	50	38
12. Hróðnýjarstaðir	119	98
13. Gröf	120	99
14. Sólheimar	122	100
15. Ljárskógar	171	135
16. Hamrar	173	136
17. Svarfhóll	173	137

V. Hvammshreppur:

1. Rauðbarðaholt	51	39
2. Ketilstaðir	53	40
3. Teigur	55	41
4. Knararhöfn	56	42
5. Kýrunnarstaðir	58	43
6. Skarfstaðir	59	44
7. Hofakur	60	45
8. Leysingjastaðir	61	46
9. Magnússkógar	62	47
10. Glerárskógar	63	48
11. Sælingsdalur	93	76
12. Laugar	167	131
13. Gerði	168	132
14. Sælingsdalstunga	168	133
15. Ásgarður	169	134

VI. Fellsstrandarhreppur:

1. Breiðabólstaður	64	49
2. Valþúfa	65	50
3. Kaldakinn	66	51
4. Skoravík	68	52
5. Skógar	69	53
6. Hella	70	54



7. Svínaskógur	71	55
8. Orrahóll	71	56
9. Stóra Tunga	73	57
10. Litla Tunga	74	58
11. Galtardalur stóri	75	59
13. Arnarbæli	76	61
14. Emburhöfði	78	62
15. Vígahólsstaðir	158	121
16. Galtardalur litli	159	122
17. Harasaðir	160	123
18. Kjallaksstaðir	161	124
19. Vogur	161	125

VII. Skarðsstrandarhreppur:

	Bls.	Nr.
1. Purkey	79	63
2. Dagverðarnessel	80	64
3. Dagverðarnes	81	65
4. Hnúkur	82	66
5. Langeyjarnes	84	67
6. Langey fremri	85	68
7. Hafnareyjar	86	69
8. Staðarhólseyjar	87	70
9. Heimaberg	87	71
10. Akurey	88	72
11. Fagridalur ytri	90	73
12. Ormsstaðir	108	88
13. Stakkberg	110	89
14. Kvennahóll	112	90
15. Klakkeyjar	113	91
16. Langey efri	114	92
17. Frakkanes	115	93
18. Reynikelda	116	94
19. Kross	116	95
20. Hvarfsdalur	117	96
21. Búðardalur	118	97
22. Hrappsey	162	126
23. Arney	163	127



24. Kiðey 164 128

VIII. Saurbæiarhreppur:

1. Neðri Brekka	91	74
2. Saurhóll	92	75
3. Hníteyjar	94	77
4. Fagridalur innri	95	78
5. Fagradalstunga	97	79
6. Tjaldanes	98	80
7. Hvammsdalskot	100	81
8. Hvítidalur	100	82
9. Fremri Brekka	102	83
10. Márskelda	103	84
11. Neðri Brunná	104	85
12. Litlaholt	105	86
13. Stóraholt	107	87
14. Þverfell	165	129
15. Belgsdalur	166	130